ÁRNI PÁLL ÁRNASON RÆÐIR UM BETRA SAMFÉLAG VIÐTAL 22

LISTAKONAN UNNUR ANDREA
ÞRIÐJA GRÁÐAN 30



ERTU SIÐBLINDUR?
Taktu próf og vittu hvort þú ert haldinn alvarlegri persónuleikaröskun
SJÁLFSPRÓF 28

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGARÚTGÁFA

ÞITT

13. febrúar 2010 — 37. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

VIÐTAL 26

Arnanguak Eldevig segir frá lífinu á Grænlandi

NETIÐ 32

Upplýst um andlát á Facebook

TÍSKA 44

Fjaðrir og blúndur hjá Givenchy



TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG

VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN Safnanótt var haldin í gær og var borgarbúum boðið að heimsækja um þrjátíu söfn á höfuðborgarsvæðinu. Við Ráðhúsið var einnig til sýnis ljósaljóðið Öndvegissúlur eftir bandaríska listamanninn Bill Fitzgibbons. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fékk 71 milljón frá Kópavogi án útboðs

Skoðunarmaður reikninga hjá Kópavogi fékk 71 milljón í verktakagreiðslur frá bænum á fimm árum. Er einn helsti trúnaðarmaður Gunnars I. Birgissonar.

KÓPAVOGUR Halldór Jónsson verkfræðingur fékk, á árunum 2003 til 2008, rúmlega 71,5 milljónir greiddar frá Kópavogsbæ. Greiðslurnar voru fyrir 74 verk. Hæstu greiðsluna fékk Halldór árið 2008, 17,9 milljónir, en sú lægsta var 8,5 milljónir árið 2007.

Ekkert verkanna var boðið út. Kópavogsbær setti sér innkaupareglur árið 2008. Samkvæmt þeim þarf að bjóða út verk fyrir þjónustu sem fer yfir 15 milljónir. Það ár skilaði Halldór fjórum reikningum inn, sem allir voru dagsettir 9. desember, fyrir samtals 17,9 milljónir. Hæsta einstaka greiðsla nam 7,5 milljónum króna. Halldór rekur verktakafyrirtækið Hallstein. Hann er 73 ára og gegndi um árabil trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann var formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi frá 1986 til 2003. Þá sat hann í flokksráði Sjálfstæðisflokksins. Halldór er einn af helstu trúnaðarmönnum Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi bæjarstjóra.

„Þú verður að spyrja bæjarverkfræðing um þetta, hann sér um þessi mál ekki ég. Ég efast um að það sé nokkuð óeðlilegt í þessu," sagði Gunnar. Halldór hefur verið skoðunarmaður bæjarins frá árinu 1994. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum mega bæjarstarfsmenn ekki vera skoðunarmenn sveitarfélaga.

Gunnsteinn Sigurðsson tók við bæjarstjóraembættinu af Gunnari I. Birgissyni árið 2009. Hann segist hafa vitað af því að Halldór væri í verkefnum fyrir bæinn, en umfangið hefði komið honum á óvart. Hann hefur óskað eftir upplýsingum um hvort rétt hafi verið að þessu staðið. Hvað lögmætið varðar segir hann þá sem kusu Halldór sem skoðunarmann ekki hafa vitað af umfanginu. Það hljóti fyrrverandi bæjarstjóri hins vegar að hafa gert. „Það kom mér á óvart hvernig liggur í þessu."

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, kannast ekkert við málið. - kóp

Fjárhættuspil á Íslandi:

Hundruð milljóna í pókerspil

FJÁRHÆTTUSPIL Tugþúsundir Íslendinga spila póker á Netinu fyrir hundruð milljóna króna á ári hverju. Þar að auki er spilað í pókerklúbbum sem haldið er úti víða á höfuðborgarsvæðinu og geta upphæðirnar sem þar skipta um hendur numið milljónum króna. Þetta kemur fram í úttekt Fréttablaðsins á fjárhættuspili á Íslandi.

Áður fyrr voru hér rekin nokkur neðanjarðarspilavíti sem fluttust til og buðu upp á póker, rúllettu og spilið 21. Slík spilavíti hafa nú lagst af í kjölfar aukinna vinsælda pókers, sem er nú einráður á markaðnum. - sh / sjá síðu 24

Ásdís Rán sögð halda framhjá:

Segir ekkert hæft í sögum

FÓLK Ásdís Rán Gunnarsdóttir fyrirsæta segir ekkert hæft í sögum um að hún hafi haldið fram hjá manni sínum, Garðari Gunnlaugssyni fótboltakappa.

ÁSDÍS RÁN

Búlgarskir fjölmiðlar héldu því fram í gær að Ásdís ætti ástmenn bæði á Íslandi og í Búlgaríu.

„Allt sem þeir skrifa er búið til," segir Ásdís: „Þessar fréttir eru ekki teknar alvarlega í Búlgaríu."

Í búlgörskum fjölmiðlum var einnig greint frá því í gær að Garðar væri á leið til Austurríkis að spila með LASK Linz. Fjölskyldan fer ekki með honum því Ásdís hefur í nógu að snúast í Búlgaríu. - afb / sjá síðu 58

SPURNING DAGSINS

Hrannar, eruð þið Dónafone?

„Nei, það eru til blárri símafélög."

Fréttablaðið greindi frá því í gær að farsímaeigendur sem eiga í viðskiptum við Vodafone geti keypt klám í vefgátt fyrirtækisins. Hrannar Pétursson er upplýsingafulltrúi Vodafone.

Ekki útilokað að tilboð í Haga hafi verið hagstæðara en skráning á markað:

Stjórnendur vildu Jóhannes

VIÐSKIPTI Ekki er ólíklegt að tilboð Jóhannesar Jónssonar, stofnanda Bónuss, stjórnenda Haga og viðskiptafélaga, sem hópurinn lagði fram í sextíu prósenta hlut Arion Banka í Högum í nóvember í fyrra hafi verið hagstæðara en skráning félagsins á markað, að sögn Finn Sveinbjörnssonar, bankastjóra Arion Banka.

Ekkert hefur verið gefið upp um tilboðið og vill Finnur ekki segja hversu mikill munur sé á því og þeim áætlunum sem bankinn hafi gert um markaðsverðmæti félagsins.

Eftir því sem næst verður komist lögðu stjórnendur Haga ríka áherslu á að Jóhannes Jónsson yrði stjórnarformaður félagsins og yrði á meðal hluthafa. Finnur vildi ekki staðfesta það í samtali við Fréttablaðið.

FINNUR Arion Banki réð örlögum Haga en ekki Samskipa, segir bankastjóri Finnur Sveinbjörnsson. FRÉTTABLAÐIÐ /VALLI

Finnur sat fyrir svörum viðskiptanefndar Alþingis um fyrirhugaða skráningu Haga í Kauphöll. Jafnframt var komið inn á málefni Samskipa, en Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður félagsins, og stjórnendur ráða meirihluta í félaginu eftir endurskipulagningu þess.

Finnur sagði fyrir nefndinni muninn þann að bankinn hafi þegar verið búinn að taka Haga yfir og því haft sitt að segja um örlög félagsins. Í hinu tilvikinu hafi hollenski bankinn Fortis, sem var helsti kröfuhafi Samskipa, ráðið för. - jab

Betur fór en á horfðist:

Lítil stúlka féll niður sex metra

SLYS Lítil telpa, fædd árið 2006, hrapaði niður um sex metra, þegar hún datt út um glugga í húsi í Þingholtunum í gær. Óhappið varð á sjötta tímanum síðdegis.

Stúlkan slapp ótrúlega vel, miðað við hversu hátt fallið var, að sögn vakthafandi læknis á slysadeild Landspítalans í gærkvöld.

Hún er ekki með neina lífshættulega áverka og að öðru óbreyttu nær hún sér að fullu.

Það varð telpunni til happs að hún lenti á bifreið sem stóð fyrir neðan gluggann, og hefur það tekið af henni mesta fallið. - kóþ

HÖFÐI Hlutverk hússins skilgreint upp á nýtt eftir bruna í haust.

Nefnd um hlutverk Höfða:

Aukið aðgengi fyrir borgarbúa

REYKAVÍKURBORG Skipa á sérstakan starfshóp til að skilgreina hlutverk Höfða í framtíðinni. Er þetta gert í kjölfar endurbóta á húsinu eftir brunann sem þar varð í september síðastliðnum. Talið er nauðsynlegt að endurskoða notkun Höfða og huga almennt að húsinu og umhverfi þess eins og segir í tillögu frá forsætisnefnd sem borgarráð samþykkti. „Sérstaklega hefur verið rætt um mikilvægi þess að opna húsið enn frekar fyrir almenningi," segir í tillögunni. Formaður starfshópsins verður Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar. - gar

Rannsóknarskýrsla Alþingis:

Enn óvissa með útgáfu skýrslu

STJÓRNSÝSLA Allsendis er óvíst hvort skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kemur út í þessum mánuði. Upphaflega átti hún að koma út 1. febrúar, en því var frestað og sagt að hún kæmi út fyrir mánaðamótin.

Tólf fengu bréf frá rannsóknarnefndinni í byrjun vikunnar. Þeir hafa tíu daga frest til andmæla. Komi fram ný gögn eða sjónarmið þarf nefndin að fara yfir þau. Það er því ekki hægt að fastnegla útgáfudag skýrslunnar, það ræðst af þeim viðbrögðum sem fást við bréfunum. - kóp

Hótanir í Hrútafirði vegna bensínstöðvar

Staðarskáli ehf. sagðist myndu nota stöðu sína sem landeigandi til að hindra tiltekna vegtengingu Djúpvegar við nýtt stæði hringvegarins ef Bæjarhreppur samþykkti að Skeljungur fengi að reisa bensínstöð rétt hjá nýjum Staðarskála.

SKIPULAGSMÁL Staðarskáli ehf. og eigendur jarðarinnar Staðar í Hrútafirði sögðust í bréfi til hreppsnefndar Bæjarhrepps myndu beita afli sínu til að hindra að leyfi yrði gefið fyrir öðrum þjónustuskála í Hrútafirði.

Eins og fram hefur komið hefur Skeljungur reynt frá árinu 2006 að fá leyfi til að reisa þjónustustöð í landi Fögrubrekku í Hrútafirði. Á árinu 2008 var opnaður nýr Staðarskáli í botni Hrútafjarðar. Nýi skálinn leysti af hólmi bæði gamla Staðarskála og þjónustuskálann á Brú. Á báðum þessum stöðum var eldsneytissala frá N1 og svo er einnig í nýja Staðarskálanum. Áform Skeljungs fóru illa í eigendur Staðarskála.

„Það er öllum ljóst sem vilja vita að ekki er rekstrargrundvöllur fyrir tveim þjónustumiðstöðvum í botni Hrútafjarðar á ársgrundvelli og teljum við það mikið ábyrgðarleysi af hálfu hreppsnefndar Bæjarhrepps að gefa leyfi fyrir annarri þjónustumiðstöð við hlið þeirrar sem við höfum hug á að byggja," segir í harðorðu bréfi sem Kristinn Guðmundsson sendir fyrir hönd Staðarskála og landeigenda að Stað til oddvita Bæjarhrepps í nóvember 2006.

„Við teljum að það sé verið að koma í bakið á okkur. Í fyrsta lagi með því að setja þjónustupunkt í landi Fögrubrekku og annars vegar ef Skeljungi hf. verður gefið leyfi til að reisa þjónustumiðstöð svo stutt frá okkur og þá teljum við um leið ekki forsendu fyrir okkur að samþykkja tillögur að aðalskipulagi," segir í bréfinu til oddvitans, þar sem vísað er til samtala hreppsnefndarmanna og Staðarmanna. „Kjörnir fulltrúar sem bjóða sig fram í hreppsnefndir hljóta að verða að taka tillit til þess sem áður hefur verið gert í sveitarfélaginu."

Forstjóri Skeljungs hissa á Bæjarhreppi

Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, undrast að Bæjarhreppur afgreiði ekki samþykkt deiliskipulag sem gerir félaginu kleift að reisa bensínstöð í Hrútafirði. Einróma ályktun á íbúafundi í fyrra breytti engu því málið stendur fast.

SKIPULAGSMÁL „Þetta kemur okkur spánskt fyrir sjónir," segir Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, um miklar tafir sem orðið hafa á því að félagið geti reist þjónustustöð í Hrútafirði.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær óskuðu Skeljungur og eigandi jarðarinnar Fögrubrekku í Hrútafirði eftir því á árinu 2006 að skipulagi yrði breytt til að hægt yrði að reisa þjónustustöð á jörðinni. Skálinn á að vera nokkur hundruð metra suður af nýjum Staðarskála sem N1 rekur. Sveitarstjórnin samþykkti skipulagið í ágúst 2008 en hefur hins vegar ekki sett það í auglýsingu svo að það geti tekið gildi. Sigurður Kjartansson, oddviti í Bæjarhreppi, segir meiri áherslu hafa verið lagða á ýmsar skipulagsmál í hreppnum. Hann telji eðlilegt að láta málið bíða út kjörtímabilið og neitar að skýra ástæður þess.

„Við höfum beðið þolinmóðir í langan tíma og veltum fyrir okkur hvenær þeir telji eðlilegan umþóttunartíma vera kominn. Við undrumst að meirihlutinn vilji ekki taka afstöðu til málsins núna vegna komandi kosninga þar sem að það liggur fyrir að minnihlutinn er ekki að óska eftir þessari frestun," segir Einar Örn.

Skeljungur hefur enga almenna þjónustustöðu milli Akureyrar og Borgarness. „Við munum koma okkur upp aðstöðu á þessari leið, ef ekki þarna þá annars staðar. Það þarf að komast á hreint sem fyrst hvort það geti orðið af því á bessum stað, hvort íbúar hreppsins vilji fá okkur eða hvort við þurfum að leita eitthvert annað," segir forstjóri Skeljungs og ítrekar undrun sína yfir framgangi málsins.

„Nær undantekningarlaust, þegar við erum að eiga við sveitarfélög fyrir utan höfuðborgarsvæðið, fagna menn áformum um uppbyggingu en það hefur verið allt öðruvísi í þessu tilviki og við skiljum ekki hvað veldur."

Áskorun af íbúafundi í Bæjarhreppi fyrir tíu og hálfum mánuði um að Skeljungi yrði gert kleift að reisa þjónustustöðina virðist engin áhrif hafa haft á yfirvöld í hreppnum. Íbúafundur haldinn í skólanum á Borðeyri laugardaginn 28. mars 2009 skorar á oddvita Bæjarhrepps að fylgja eftir ákvörðun hreppsnefndar frá því í ágúst 2008 um auglýsa tillögu að deiliskipulagi í landi Fögrubrekku í Hrútafirði að beiðni landeiganda þar og Skeljungs hf.," segir í áskoruninni sem samþykkt var án mótatkvæða.

gar@frettabladid.is

Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, undrast afgreiðslu á bensínstöð í Hrútafirði. Einróma ályktun á íbúafundi í fyrra breytti engu um málið. Bensínstöð óafgreidd eftir þrjú ár í kerfinu. Hejtafjörður, Fjarðarhorn, Staðarskáli, Lóð Skeljungs, Fögrubrekka. UPPÞRÆTTIR FRÁ SKELJUNGI Eins og sést vill Skeljungur byggja bensínstöð og þjónustuskála örstutt frá nýjum Staðarskála.

FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR Heimamenn í Bæjarhreppi vildu að tenging Djúpvegar við nýtt stæði hringvegarins yrði í botni Hrútafjarðar og að leiðin fyrir fjörðinn myndi þannig styttast. Eigandi Staðarskála beitti eignarhaldi á landinu þar til að hræða hreppsnefndina frá því að samþykkja annan þjónustuskála á svæðinu.

Í bréfinu sést að Kristinn telur Staðarmenn hafa sterk spil á hendi til að sveigja Bæjarhrepp að hagsmunum Staðarskála. Bendir hann á að fyrirtækið og landeigandinn hafi tekið tillit til vilja heimamanna í Bæjarhreppi um að tenging Djúpvegar við nýja hringveginn kæmi í botni Hrútafjarðar en ekki sunnar.

„Höfum við töluvert um það að segja þar sem við erum með starfsemi í Brú og eigum þar land, einnig er öll veglínan í Húnaþingi vestra í landi Staðar. Það er óumflýjanlegt að aðalskipulag beggja sveitarfélaganna verði að taka tillit til þeirrar starfsemi sem við erum með – að öðrum kosti komum við til með að leita réttar okkar svo eftir verður tekið," segir í bréfi Staðarmanna til oddvita Bæjarhrepps.

gar@frettabladid.is

BILL CLINTON Getur haldið áfram að vinna innan fárra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Clinton kominn heim:

Jafnar sig eftir hjartaþræðingu

BANDARÍKIN, AP Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, er sagður vera við góða heilsu eftir að hafa þurft að gangast undir hjartaþræðingu á sjúkrahúsi í New York.

Hann fór heim til sín í gær og reiknar með að komast til starfa á ný innan fárra fárra daga. Hann hefur undanfarið beint kröftum sínum að því að útvega söfnunarfé og aðstoð fyrir Haítíbúa, en hann er sérlegur erindreki Sameinuðu þjóðanna gagnvart Haítí.

Fyrir fimm árum lagðist Clinton inn á sama sjúkrahús þar sem hann þurfti að gangast undir aðgerð á hjarta. - gb

KANADA

Lést í sleðaslysi

Keppandi frá Georgíu í sleðakeppni á Ólympíuleikunum lést á æfingu í Vancouver í gær en leikarnir voru settir í nótt. Nodar Kumaritashvili fór út úr brautinni á 145 kílómetra hraða og lenti á járnsúlu. Sjúkraliðar veittu honum fyrstu hjálp á staðnum áður en hann var fluttur með sjúkrabíl á gjörgæsludeild þar sem hann lést.

Hundrað ára söngfugl syngur í aldarafmælinu á Hrafnistu:

Enn í kór eftir tæp áttatíu ár

AFMÆLI Hafnfirðingurinn og söngfuglinn Páll Þorleifsson fagnar hundrað ára afmæli í dag. Páll, sem þekktur er í Hafnarfirði sem húsvörður í Flensborg, hefur sungið samfleytt með kórum í 77 ár, fyrst á Héraðsskólanum á Laugarvatni en frá 1933 með karlakórnum Þröstum í Hafnarfirði.

Um það leyti sem Páll fluttist á Hrafnistu í Hafnarfirði í kringum síðustu aldamót hætti hann í Þröstum, þá nírætur. Á sama tíma gekk hann til liðs við Hrafnistukórinn. Í tilefni af hundrað ára afmæli Páls munu Þrestir ásamt kór eldri Þrasta halda tónleika til heiðurs honum í menningarsalnum á Hrafnistu í Hafnarfirði. Tónleikarnir hefjast klukkan 13.30 og eru þeir öllum opnir. Að því loknu mun Hrafnistukórinn taka lagið í fjölskylduboði og mun ætlunin vera að Páll syngi með. - jab

AF SÖNGFÓLKI KOMINN

Páll Þorleifsson fæddist 13. febrúar 1910. Hann missti föður sinn sex ára gamall og flosnaði þá fjölskylda hans upp. Páll fluttist til móðurbróður síns og nafna, Páls Tryggvasonar, hreppstjóra í Tungu í Fáskrúðsfirði. Uppeldisbróðir Páls Þorleifssonar var Sigsteinn Pálsson í Tungu, sem átti tæpan hálfan mánuði í 105 ára aldur en var jarðsunginn í gær. Sigsteinn var um skeið elstur núlifandi karla hér á landi. Á heimilinu í Tungu var mikill áhugi á söng og smitaðist Páll af honum. Áhuga á kórsöng fékk Páll er hann hóf nám við Héraðsskólann á Laugarvatni 1931.

Páll fluttist til Hafnarfjarðar með konu sinni Guðfinnu Ólafíu Sigurbjörgu Einarsdóttur árið 1933. Þar tók hann þátt í félagsmálum af krafti, tók þátt í endurreisn karlakórsins Þrestir 1935 og stofnaði fimleikadeild FH, sem félagið heitir eftir.

TVÆR KYNSLÓÐIR Páll Þorleifsson er hundrað ára í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samhliða almennum störfum, svo sem húsvarðarstarfi í Flensborg, var Páll í nokkrum kórum ásamt því að syngja einsöng við ýmsar trúarlegar athafnir í bænum. Hann syngur enn með Hrafnistukórnum.

EMMEVI

ítölsk gæði

5.990
~~7.990~~

Blöndunartæki
Eldhús WINNY
7900010

9.990

REGINOX

Eldhúsvaskur
Reginox Béta
78 x 43 sm
8032532

LÍKAMSRÆKTARTÆKI
MIKIÐ ÚRVAL

25.900
~~36.900~~

Fjölþjálfi
Öflugt tæki sem þjálfar allan líkamann
3899531

BRJÁLUÐ TILBOÐ

HÚSASMIÐJAN UM HELGINA

7 mm

1.490 kr/m²
~~1.990 kr/m²~~

ENN MEIRI LÆKKUN

EGGER

ENN MEIRI LÆKKUN UM HELGINA
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF PLASTPARKETI

Beykilíki
2ja stafa, borðastærð
1292x192x7 mm
146949

ÓDÝRT AÐ MÁLA

2.990
~~3.695~~

JOTUN
JOTA PROFF
pva interiør

Jotaproff 3 ltr.
Gæða veggmálning gljástig 7.
7119858

Frigor

Orkunýting A

59.900
~~69.900~~

Kæliskápur
Orkunýting A, 221 ltr. 142x58x55
1805497

Valentínusarhelgi...

...í Blómavali

Kaffi Garður Skútuvogi

Kaffi og rjómabolla aðeins **190** kr

10stk túlípanar 999

15stk túlípanar 1499

blómaval

Skoðaðu tilboðin

í Húsasmiðjublaðinu

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 12.02.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	129,11	129,73
Sterlingspund	201,57	202,55
Evra	175,04	176,02
Dönsk króna	23,510	23,648
Norsk króna	21,625	21,753
Sænsk króna	17,619	17,723
Japanskt jen	1,4366	1,4450
SDR	197,93	199,11

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 231,6931

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sorgardagur á Haítí í gær, mánuði eftir að jarðskjálftinn mikli reið yfir:

Kaþólskir biðja með vúdúfólki

HAÍTÍ, AP Leiðtogar beggja opinberu trúarbragðanna á Haítí, biskup kaþólskra og æðstiprestur vúdúmanna, báðir hvítklæddir, tóku þátt í sameiginlegri bænastund með prestum mótmælenda í höfuðborginni Port-au-Prince í gær.

Tilefnið var að mánuður var liðinn frá því jarðskjálftinn mikli varð, sem kostaði meira en 200 þúsund manns lífið. Þúsundir manna tóku þátt í athöfninni, þar á meðal René Préval forseti, sem táraðist eins og reyndar margir aðrir viðstaddir.

„Sársaukinn er of mikill, við getum ekki útskýrt það," sagði Préval.

Hann notaði tækifærið til að biðja fólk um að sýna ríkisstjórn sinni fullan stuðning, en minntist ekki á að víðs vegar um landið hafa íbúar efnt til mótmæla gegn honum undanfarna daga og krafist afsagnar hans.

Talið er að um milljón manns hafist nú við í tjaldbúðum og bráðabirgðaskýlum sem komið hefur verið upp, einkum í úthverfum höfuðborgarinnar.

Fólk kom saman bæði fyrir utan forsetahöllina, sem eyðilagðist í jarðskjálftanum, og víða á torgum og götum höfuðborgarinnar, meðal annars ofan á kirkjurústum.

- gb

ÚTIMESSA Í PORT-AU-PRINCE Aðalathöfnin var fyrir utan forsetahöllina sem er gereyðilögð eftir jarðskjálftann. NORDICPHOTOS/AFP

Héraðsdómur Suðurlands:

Síbrotamaður í gæslu dæmdur

DÓMSMÁL Karlmaður sem situr í gæsluvarðhaldi vegna síbrota hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, þar af tvo á skilorði, fyrir fjölmarga þjófnaði, húsbrot, eignaspjöll, líkamsárás og fleiri sakir.

Þrívegis braust maðurinn inn í Kaffi Krús á Selfossi til að stela áfengi. Í herbergi á hótel Selfossi réðst hann svo á samlanda sinn, skallaði hann og sló í andlit og sparkaði í hann liggjandi. Fórnarlambið hlaut allmikla áverka, suma alvarlega.

Þá var afbrotamaðurinn ákærður fyrir að brugga áfengi í heimahúsi.

- jss

Prófkjör D-lista í Kópavogi:

Fjórir fulltrúar fylgja Ármanni

KÓPAVOGUR Fjórir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi hafa lýst því yfir að þeir fylgi Ármanni Kr. Ólafssyni að málum og styðji hann í fyrsta sæti listans.

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Þetta eru þau Gunnsteinn Sigurðsson bæjarstjóri, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Margrét Björnsdóttir og Ásthildur Helgadóttir.

Ármann Kr. keppir um fyrsta sætið við Gunnar Inga Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóra, sem þurfti að víkja úr sæti á kjörtímabilinu vegna lögreglurannsóknar.

Prófkjörið í Kópavogi fer fram 20. febrúar.

- kóþ

Hættulegur kartöflugarður:

Stakk niður sprengjum í kartöflugarðinn

RÚSSLAND, AP Rúmlega sjötugur bóndi austast í Rússlandi hefur hlotið skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir að hafa stungið þremur sprengjum niður í kartöflugarðinn sinn.

Einn nágranna bóndans meiddist á vör þegar hann var að sniglast í kartöflugarðinum, en sprengjurnar setti bóndinn í garðinn einmitt vegna þess að nágrannarnir höfðu verið að stela kartöflum úr honum.

Bóndinn viðurkenndi verknaðinn, en sagði jafnframt að nágranninn hefði ekkert átt að vera að flækjast í garðinum.

- gb

Rannsaka lánveitingar í Lúxemborg

Embættis sérstaks saksóknara hefur leitað í húsakynnum Banque Havilland í Lúxemborg vegna gruns um markaðsmisnotkun í vikunni. Ellefu voru yfirheyrðir.

DÓMSMÁL „Þetta er eitt af umsvifamestu málunum. Þar undir eru fjórar réttarbeiðnir um gögn," segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, um húsleit í Banque Havilland, áður dótturfélagi Kaupþings í Lúxemborg. Húsleitin tekur á fimm til sex málum, þau helstu eru kaup sjeiksins Mohameds Bin Khalifa Al-Thani á fimm prósenta hlut í Kaupþingi í september 2008 auk lánveitinga sem tengjast þeim og viðskipta með skuldatryggingar bankans sama ár.

Sala á dótturfélagi Kaupþings í Lúxemborg til núverandi eigenda og aðila þeim tengdum um mitt síðasta ár er ekki til rannsóknar.

Ólafur kom ásamt fjórum starfsmönnum til Lúxemborgar á sunnudag og hófst húsleit á þriðjudag. Fjörutíu lögreglumenn frá Lúxemborg tóku þátt í húsleitunum, sem er sambærilegur fjöldi og í húsleitum sérstaks saksóknara í Bretlandi á dögunum. Lagt hefur verið hald á talsvert af gögnum, að sögn Ólafs.

Rannsóknir og yfirheyrslur vegna málsins stóðu langt fram á kvöld alla daga, sem dæmi allt til klukkan þrjú aðfaranótt föstudags. Þegar rætt var við Ólaf síðdegis í gær stóð söfnun gagna og yfirheyrslur enn yfir. Hann gerði ráð fyrir að þeim lyki um kvöldið.

Ellefu manns voru yfirheyrðir í tengslum við rannsóknina ytra í vikunni. Ólafur vildi ekki svara hverjir hefðu verið yfirheyrðir en sagði viðkomandi alla búsetta í Lúxemborg.

ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON Sérstakur saksóknari og fjórir aðrir starfsmenn hafa unnið með fjörutíu lögreglumönnum við húsleit í Lúxemborg í vikunni. Ellefu hafa verið yfirheyrðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LÁNVEITINGAR TIL HLUTABRÉFAKAUPA

Mohamed Al Thani keypti fimm prósenta hlut í Kaupþingi í gegnum einkahlutafélagið Q Iceland Finance í lok september 2008, skömmu áður en skilanefnd Fjármálaeftirlitsins tók lyklavöldin í bankanum. Kaupverð nam 25 milljörðum króna og varð sjeikinn þriðji stærsti hluthafi bankans. Bankinn lánaði Al-Thani fyrir helmingi kaupverðsins og leikur grunur á að lánveitingar hafi með einum eða öðrum hætti verið nýttar til kaupanna allra.

MOHAMED AL-THANI

Fjármálaeftirlitið sendi málið ásamt öðrum tengdum til embættis sérstaks saksóknara á seinni hluta síðasta árs en grunur leikur á að bankinn hafi reynt að halda uppi gengi bréfa bankans á markaði. Þar á meðal voru kaup bankans á eigin bréfum, sem voru seld Al-Thani auk lánveitinga til Skúla Þorvaldssonar og breska fjárfestisins Kevins Stanford.

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings, og Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, eru báðir búsettir í Lúxemborg. Þeir voru ekki á meðal þeirra sem voru yfirheyrðir. Ekki náðist í Magnús Guðmundsson, bankastjóra Banque Havilland, þegar eftir því var leitað í gær.

jonab@frettabladid.is

Hótel í Heilsuverndarstöðinni:

Borgin kallar á fyllri skýringar

SKIPULAGSMÁL Skipulagsráð Reykjavíkur frestaði á fundi á miðvikudag að afgreiða fyrirspurn Álftavatns ehf. um það hvort leyft yrði að innrétta hótel í Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg. Ráðið vill að Álftavatn leggi fram nánari gögn, meðal annars greinargerð vegna rekstrar hótels þar sem fram komi á hvaða hátt þurfi að breyta húsinu og hver fjöldi hótelherbergja verður.

Í umsögn frá Minjavernd segir að hætta sé á að hótelrekstur krefjist þannig breytinga á húsinu að þær gangi á upprunalega gerð þess og varðveislugildi rýrni. Minjavernd vill fá staðfestingu frá eigendum um að fylgt verði kvöðum sem settar voru um varðveislu hússins þegar borgin seldi það árið 2005.

- gar

Orkufyrirtækið RARIK ohf.:

Hagnaður umfram væntingar

VIÐSKIPTI Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2009 var 1,7 milljarðar króna, samkvæmt nýbirtu uppgjöri. Árangurinn er sagður betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Hagnaður síðasta árs nam 697 milljónum króna, en árið áður var fyrirtækið með tap upp á 7,2 milljarða króna. „Vegna afkomu ársins 2008 náðist ekki að uppfylla skilmála í erlendum lánasamningum. Með afkomu ársins 2009 eru allir skilmálar lánasamninga uppfylltir og náðst hefur samkomulag við erlenda lánardrottna um óbreytt lánskjör og að tímabundin hækkun álags verði felld niður," segir á vef RARIK.

- óká

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

BREYTINGAR Í VÆNDUM Í dag verður áfram milt, væta sunnan og vestan til en annars úrkomulítið. Á morgun snýst vindur í stífa norðlæga átt með snjókomu eða éljum, fyrst norðvestan til en síðdegis fer að snjóa norðaustanlands. Kólnar í veðri, einkum norðanlands.



Á MORGUN 10-17 m/s N- og V-til, annars hægari.

MÁNUDAGUR Strekkingur eða allhvasst um allt land.

HEIMURINN

Alicante	9°
Basel	6°
Berlín	0°
Billund	-2°
Eindhoven	1°
Frankfurt	-1°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	-3°
Kaupmannahöfn	-3°
Las Palmas	20°
London	3°
Mallorca	11°
New York	2°
Orlando	13°
Ósló	-2°
París	0°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	-4°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

Kringlan

Hvern gleður þú á Valentínusardaginn?

Fjölskyldudagur

sunnudaginn 14. febrúar

Dagskrá á Blómatorgi

kl. 15 Íþróttaálfurinn

kl. 16 Skoppa og Skrítla

- Skoppa og Skrítla gefa frostpinna frá Emmessís

- Íþróttaálfurinn gefur ávexti frá Hagkaupum

- 50% afsláttur í Ævintýraland

- Allir fá blöðrur

- Sætir kanínuungar verða til sýnis

Sá sem kemur fram sem Íþróttaálfurinn er samþykktur af Latabæ.

Latibær®&© 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

KJÖRKASSINN

Ættu sveitarfélögin að taka við rekstri heilbrigðisstofnana?

Já	34,9%
Nei	65,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti lögreglan að leita að fíkniefnum á öllum stórum vinnustöðum á landinu?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Sophia Hansen dæmd í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi:

Bar rangar sakir á Sigurð Pétur

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Sophiu Hansen í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að bera rangar sakir á Sigurð Pétur Harðarson.

Sophiu var gefið að sök að hafa falið lögmanni að kæra fyrir sína hönd, með kærubréfi til lögreglu, dagsettu 20. júlí 2007, fölsun á nafni sínu á þremur viðskiptabréfum, samtals að fjárhæð krónur 42.069.051. Jafnframt að hafa í vitnaskýrslu hjá lögreglu þann 27. nóvember 2007, lýst því yfir að hana grunaði Sigurð Pétur, eða einhvern á hans vegum um að hafa falsað undirskriftir sínar og þannig komið því til leiðar að Sigurður Pétur var ranglega sakaður um skjalafals.

Dómurinn taldi sannað, gegn neitun Sophiu, að hún hafi sjálf ritað nafn sitt á þau þrjú viðskiptabréf sem fjallað hefur verið um. Þrátt fyrir þetta hafi hún látið lögmann sinn kæra fölsun á nafni sínu til lögreglu og lýst því síðan í lögregluskýrslu 27. nóvember 2007 að hún grunaði Sigurð Pétur, eða einhvern á hans vegum, um fölsunina. Hann var hins vegar hreinsaður af sökum þar sem rannsókn sænskra rithandarsérfræðinga leiddi í ljós að trúlegast hefði Sophia sjálf skrifað undir viðskiptabréfin.

- jss

SOPHIA HANSEN Mætti ekki við dómsuppkvaðningu.

Styrkir til stjórnmálaflokka:

Frjálslyndir fá styrk frá borg

STJÓRNMÁL Reykjavíkurborg greiðir hér eftir Frjálslynda flokknum árlegan styrk en ekki Borgarmálafélagi F-lista Ólafs F. Magnússonar, sem var kjörinn fulltrúi F-lista, framboðs frjálslyndra og fleiri.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið ályktaði þann 4. febrúar að óumdeilt væri að Frjálslyndi flokkurinn hefði staðið að baki framboði F-lista. Styrkirnir eigi að renna til framboðs sem hafi boðið fram í næstliðnum kosningum. Ekki skipti máli hvort og hvenær borgarfulltrúi þess framboðs, Ólafur F. Magnússon, hafi verið í Frjálslynda flokknum. - kóþ

Námskeið við félagskvíða unglinga

- Átt þú feiminn og óframfærinn ungling?
- Er unglingurinn þinn með lágt sjálfstraust?
- Hefur hann miklar áhyggjur af áliti annarra?
- Þarf unglingurinn þinn að bæta færni sína í samskiptum?

Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir tíu vikna námskeiði við félagskvíða unglinga (á aldrinum 13-16 ára) undir stjórn sálfræðinganna Margrétar B. Þórarinsdóttur, Hrundar Þrándardóttur og sálfræðinga Kvíðameðferðarstöðvarinnar. Kenndar verða leiðir til að auka öryggi í samskiptum, félagsfærni og sjálfstraust. **Skráning á námskeiðið er þegar hafin á kms@kms.is eða í síma 822-0043. Skráningu lýkur 18. febrúar n.k.**

KMS Kvíðameðferðarstöðin

Minnt er á önnur námskeið sem eru að hefjast m.a. við ofsakvíða, félagsfælni og áhyggjum, nánari upplýsingar um þau á www.kms.is.

Batinn tekur sjö ár

Samtök atvinnulífsins lögðu fram ítarlega aðgerðaáætlun um viðsnúning efnahagslífsins í gær. Stjórnvöld eru hvött til að setja stefnuna á fimm prósenta hagvöxt næstu fimm árin og opna fyrir aðgang atvinnulífsins að fjármagni.

EFNAHAGSMÁL „Það er blóðugt að ekki skuli allt vera á fullu að koma hlutunum af stað," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), um þá kyrrstöðu sem einkennir íslenskt efnahagslíf.

VILHJÁLMUR EGILSSON

Vilhjálmur og aðrir stjórnendur SA kynntu ítarlega og umfangsmikla aðgerðaáætlun í gær. Þar er lögð áhersla á að örlög íslensks atvinnu- og efnahagslífs séu í höndum Íslendinga sjálfra og ráði þær aðgerðir sem farið verði í mestu um það hvernig takist að komast í gegnum kreppuna.

SA leggur fram fjölda hugmynda til að koma landinu í gegnum kreppuna. Þar á meðal telur SA æskilegt markmið stjórnvalda að hagvöxtur verði fimm prósent hér árlega frá næsta ári fram til 2015 eigi að takast að endurheimta þau störf sem töpuðust í kringum hrunið og skapa atvinnutækifæri fyrir þá sem leiti inn á vinnumarkaðinn á næstu árum samhliða því að ná aftur sambærilegum lífskjörum. Gangi þetta eftir tekur batinn sjö ár frá hruninu 2008, að mati SA.

Hagvöxtur má þó vera 3,5 prósent að lágmarki, samkvæmt SA. Á móti dregur úr batanum, atvinnutækifærum fækki og að hægar dragi úr atvinnuleysi. Fram kom á blaðamannafundi SA í gær að hagvöxtur og atvinnuþátttaka haldist í hendur, dragi fyrst úr hagvexti áður en atvinnuleysi aukist. Sama máli gegnir um uppsveifluna og því megi reikna með að atvinnuleysi eigi enn eftir að aukast. Það mældist níu prósent í síðasta mánuði.

Vilhjálmur segir fjölda þröskulda tefja fyrir því að efnahagslífið geti tekið við sér. Icesavemálið sé þar á meðal. Hin séu of hátt vaxtastig, handónýt peningastefna og gjaldeyrishöft, sem hafi verið með öllu óþörf. Leggja verði áherslu á að opna fyrir aðgang að innlendu og erlendu fjármagni á nýjan leik og búa þeim hagstæð skilyrði sem vilja fjárfesta hér á landi.

jonab@frettabladid.is

FRAMKVÆMDIR VIÐ TÓNLISTARHÚS Stjórnvöld verða að leita allra leiða til að auka hagvöxt hér á landi. Verði hagvöxtur fimm prósent til 2015 verða lífskjör sambærileg og fyrir hrunið 2008, að mati framkvæmdastjóra SA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nú styttist í að uppsjávarflotinn snúi sér alfarið að loðnuveiðunum:

Dapurt á gulldepluveiðum

SJÁVARÚTVEGUR „Það má sennilega best orða þetta með því að segja að það er ákaflega rólegt yfir þessum veiðum. Við drögum trollið allan daginn og megum þakka fyrir að ná 100 tonna afla. Í gær fengum við reyndar ekki nema 60 tonn og það er ekki viðunandi árangur," sagði Arnþór Hjörleifsson, skipstjóri á Lundey NS, í viðtali á heimasíðu HB Granda.

Lundey fór til veiða á gulldeplu í byrjun vikunnar eftir að skip HB Granda höfðu legið í höfn í nokkra daga vegna brælu á miðunum. Að sögn Arnþórs var Lundey komin á miðin að morgni þriðjudags. „Þetta eru pínulitlir blettir sem við erum að eltast við og það skiptir sköpum að hitta á þá," segir Arnþór.

Lundey hefur verið að veiðum suður af Skerjadjúpinu en gulldepluveiðarnar hafa lengst af verið stundaðar í Grindavíkurdjúpi. Nú styttist í að skip HB Granda fari til loðnuveiða en rætt hefur verið um að Faxi RE fari til veiða um næstu helgi. Arnþór Hjörleifsson á Lundey neitar því ekki að það verði skemmtileg tilbreyting að fara á loðnuveiðar.

„Maður hefur eiginlega varast að hugsa of mikið um loðnuna en maður kemst ekki hjá því að heyra hvar þau fáu skip, sem nú eru á loðnuveiðum, eru stödd. Loðnugangan virðist vera komin vestur að Grindavík og það verður að teljast til tíðinda," sagði Arnþór.

- shá

GERT KLÁRT Faxi RE að taka flottroll í Reykjavíkurhöfn fyrir vertíðina 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

50% afsláttur

af rjómabollum um helgina!

Nú verður bollukaffi!

Gildir laugardag og sunnudag

Mikið úrval af bolluvöndum

Vatnsdeigsbollur
6 st. í pakka

Gerdeigsbollur með súkkulaði
6 st. í pakka

Gildir til 14. febrúar á meðan birgðir endast.
*20.000 bollur í boði

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

VEISTU SVARIÐ?

1 *Pekktur tískuhönnuður stytti sér aldur í vikunni. Hvað hét hann?*

2 *Leikritið Gerpla var frumsýnt í gær. Hverjir leika fóstbræðurna Þorgeir og Þormóð?*

3 *Í hvaða skóla leitaði lögreglan að fíkniefnum með hundum í vikunni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Iðnaðarráðuneytið segir 265 milljarða fjárfestingu í bígerð næstu þrjú ár:

100 milljarðar í Helguvík

STÓRIÐJA Framkvæmdir við álver í Helguvík standa undir 100 milljörðum af þeirri 265 milljarða króna fjárfestingu í raforkumannvirkjum og orkufrekum iðnaði, sem stefnt er að í ár og næstu þrjú ár.

Í yfirlýsingu sem iðnaðarráðuneytið sendi frá sér í gær kemur fram að auk Helguvíkur verði fjárfest í orkumannvirkjum fyrir 126 milljarða króna í ár og næstu þrjú ár.

Aðrar helstu framkvæmdir verði vegna aukinnar afkastagetu álversins í Straumsvík og lagningar Suðvesturlínu.

Virkjanir, sem samið hefur verið um vegna fyrsta og annars áfanga álversins í Helguvík, tryggja 325 megavött (MW) af þeim 625 MW sem þarf fyrir fullbyggt 360.000 tonna álver. Það sem á vantar fyrir álverið komi frá nýjum jarðvarmavirkjunum á Hellisheiði (135 MW) og í Krísuvík (200 MW).

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR Iðnaðarráðherra spáir 400 milljarða fjárfestingu í raforku og orkufrekum iðnaði fram til 2017.

Aðrar virkjanaframkvæmdir sem ráðuneytið nefnir að hefjist á næstu árum eru, auk Búðarhálsvirkjunar, á háhitasvæðum á Suðvesturlandi, það er stækkun Hellisheiðarvirkjunar, virkjanirnar í Hverahlíð og við Gráuhnjúka og við Eldvörp, auk stækkunar Reykjanesvirkjunar.

Alls verði fjárfesting í orkumannvirkjum 170 milljarðar fram til 2017 en heildarfjárfesting í stóriðju og raforku verði þá 400 milljarðar. - pg

Nýr sendiherra í Frakklandi:

Ræddu hrunið og aðild að ESB

UTANRÍKISMÁL Þórir Ibsen sendiherra afhenti Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra í Frakklandi 15. janúar síðastliðinn. Þetta kemur fram í frétt utanríkisráðuneytisins í gær.

Fram kemur að við þetta tækifæri hafi sendiherrann og forseti Frakklands átt vinsamlegar samræður um stöðu efnahagsmála á Íslandi í kjölfar bankahrunsins og aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu (ESB). „Sýndi Frakklandsforseti skilning á þeim efnahagserfiðleikum sem íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir," segir þar. - óká

FYLGST MEÐ HERNAÐI Í LOFTI Bandrískir hermenn fylgjst með þyrlum beina skotum að svæðum sem talibanar hafa á valdi sínu. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar þorps í Afganistan búa sig undir innrás:

Skorað á Natóher að hlífa borgurum

AFGANISTAN, AP Öldungar í þorpinu Marjah í Helmand-héraði í Afganistan skora á hersveitir Natóríkjanna að hlífa almennum borgurum þegar stór árás verður gerð á þorpið.

Þúsundir íbúa hafa flúið þorpið, sem talibanar hafa haft á valdi sínu og nota sem eina helstu bækistöð sína í héraðinu.

Bandaríkjaher hefur vikum saman talað opinskátt um yfirvofandi árás á þorpið, en talibanar segjast ætla að svara af fullum krafti.

Undanfarna daga hefur vígbúnaður Bandaríkjahers umhverfis þorpið jafnt og þétt verið efldur, og þykir líklegt að innan fárra daga verði látið til skarar skríða.

Natóherinn í Afganistan vonast til þess að geta unnið þorpsbúa á sitt band fljótlega eftir að talibanarnir hafa verið hraktir burt. Meiningin er að veita þorpsbúum margvíslega aðstoð, meðal annars við uppbyggingu opinberrar þjónustu. Talið er að um 125 þúsund manns búi í Marjah og nágrenni, sem geti nýtt sér aðstoðina.

Talibanar hafa reynt að banna íbúunum að flýja þorpið, en Bandaríkjaher hefur leitað á öllum sem komist hafa út fyrir.

Öldungar þorpsins hafa miklar áhyggjur af afdrifum almennra íbúa í þorpinu þegar árásin hefst og bardagar brjótast út. - gb

Til sölu



9. stk gólfþvottavélar, Nilfisk, Taski, Cleanfix og Tornado einnig 4 stk bónvélar.

Allar vélarnar er ný yfirfarnar af fagmanni og tilbúnar til notkunar.

Nánari upplýsingar í síma 617 8830

Enginn kostnaður af viðskiptum
með sjóði Stefnis í febrúar.

ÍSLENSKA SÍA.IS ARI 48631 01/10

Ávöxtun *sjóða* Stefnis árið 2009

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is



Blandaðir sjóðir

Stefnir - Eignastýringarsj. [2]	7,8%
Stefnir - Samval [2]	17,3%
Verðbréfaval 1 [2]	34,5%
Verðbréfaval 2 [2]	25,0%
Verðbréfaval 3 [2]	19,5%
Verðbréfaval 4 [2]	14,7%
Verðbréfaval 5 [2]	13,6%



Íslensk hlutabréf

Stefnir ÍS -15 [2]	4,0%
Úrvalsvísitalan (viðmið) [3]	*-18,5%*



Erlend hlutabréf

HLUTABRÉF ALÞJÓÐLEG

KMS - Global Equity [1]	37,0%
Stefnir - Erlend hlutabréf [2]	56,4%
KF - Global Value [1]	56,5%
MSCI World Index (viðmið) [3]	*30,8%*

HLUTABRÉF LANDSVÆÐI

Stefnir - Scandinavian Fund [1]	78,4%
MSCI Nordic (viðmið)	*45,8%*
KMS BRIC [1]	94,5%
MSCI Emerging (viðmið) [3]	*80,7%*
Stefnir - Green Growth Fund [1]	82,5%



Íslensk skuldabréf

ÍSLENSK RÍKISSKULDABRÉF

Stefnir - Ríkisvíxlasjóður * [1]	8,3%
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður * [1]	11,1%
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur [1]	14,5%
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur [1]	15,5%

ÍSLENSK SKULDABRÉF

Stefnir - Skuldabréf stutt [2]	11,4%

Allar ávöxtunartölur eru í ISK.
Nafnávöxtun sl. 12 mánuði
m.v. 31. desember 2009.

STEFNIR

Stefnir er dótturfélag Arion banka og stærsta sjóðastýringarfyrirtæki á Íslandi. Virkar eignir í stýringu eru um 250 milljarðar króna og viðskiptavinir um tuttugu þúsund talsins.

Stefnir hefur á að skipa reyndu starfsfólki og býður upp á fjölbreytt úrval verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Meðal viðskiptavina Stefnis eru einstaklingar, fyrirtæki og lífeyrissjóðir. Stefnir leggur ríka áherslu á fagleg vinnubrögð, heiðarleika og gagnsæi, og er ávallt óháður í fjárfestingarákvörðunum sínum.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

Arion banki

*Stefnir - Ríkisvíxlasjóður tók til starfa 18. febrúar 2009, hækkun frá stofnun sjóðsins til áramóta. Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður tók til starfa 29. janúar 2009, hækkun frá stofnun sjóðsins til áramóta.

1) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf.
2) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf.
3) Upplýsingar fengnar af upplýsingaveitu Bloomberg.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.



SNÆVI ÞAKINN NAUTGRIPUR Þetta naut virðist nú bara nokkuð sátt við hlutskipti sitt þar sem það nartar í gras í gegnum snjóinn í Pennsylvaníu með snjóklepra í feldinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SJÁVARÚTVEGUR

Núpur aflahæstur línubáta

Núpur BA var með mestan afla línubáta yfir landið í janúar, að því er fram kemur á vef Fiskvinnslunnar Odda á Patreksfirði. Afli skipsins í janúar var um 350 tonn miðað við óslægðan fisk en næsti bátur á eftir var með tæp 310 tonn.

HVERAGERÐI

Parhús á 4,5 milljónir

Parhús í eigu Hveragerðisbæjar verður selt á tæpar 4,7 milljónir króna sem var hæsta tilboðið af níu sem bárust. Parhúsið, sem stendur við Borgarheiði, er 76 fermetrar og var byggt árið 1974. Bærinn eignaðist húsið í september síðastliðnum. Fasteignamat hússins er tæpar 15 milljónir.

Telur erlendum arkitektum hyglað í forvali Landspítala

Kröfur í forvali fyrir hönnun nýs sjúkrahúss beina verkefninu út fyrir landsteinana, segir stjórnarmaður í Arkitektafélaginu. Kröfur um íslenskt mál í forvalinu sannar hið gagnstæða, segir formaður forvalsnefndar.

ATVINNUMÁL Hilmar Þór Björnsson, arkitekt og stjórnarmaður í Arkitektafélagi Íslands, segir að kröfur í forvali í arkitektasamkeppni fyrir nýtt háskólasjúkrahús við Hringbraut útiloki íslenska arkitekta. Hann telur kröfurnar benda til að meðvituð ákvörðun hafi verið tekin um að beina verkefninu út fyrir landsteinana. Formaður forvalsnefndar segir þetta alfarið rangt.

Forvalið snýr að hönnunarsamkeppni um skipulag lóðar Landspítala og Háskóla Íslands við Hringbraut og frumhönnunar nýbyggingar Landspítalans. Þar er leitað að teymum sem þurfa að hafa samtals að lágmarki hundrað háskólamenntaða sérfræðinga á sviði mannvirkjagerðar í vinnu og ábyrgðaraðili skal hafa að lágmarki þrjátíu starfsmenn sem uppfylla sömu kröfur.

Hilmar Þór, sem bloggaði um málið á Eyjunni í gær, segir að til þess að meta reynslu teymanna í hönnun sjúkrahúsbygginga sé gerð krafa um að umsækjandi hafi teiknað minnst 100 rúma sjúkrahús til að fá stig í forvalinu og til að fá fullt hús stiga þarf teymið að hafa hannað minnst þrjá 500 sjúkrarúma spítala á síðustu tíu árum. Engar íslenskar stofur hafi hannað svo stórt sjúkrahús og því sé ekki hægt að skilja þessa kröfu í forvalsgögnum öðruvísi en að verkefnastjórnin óski eftir að leitað verði út fyrir landsteinana með arkitektaþjónustu.

Ingólfur Þórisson, formaður forvalsnefndar, segir það einfaldlega rangt að reynt hafi verið að útiloka Íslendinga. Þvert á móti sýni krafa um talað og ritað íslenskt mál í forvalinu að sérstaklega sé óskað eftir kröftum íslenskra arkitekta. „Það er verið að leita að breiðum hópi hönnuða til að koma að þessu verki.“ Hann segir að menn verði að gera sér grein fyrir umfangi og flækjustigi verkefnisins og nauðsynlegt sé að umsækjendur hafi aðgang að sérfræðingum sem tekið hafa að sér hönnun með viðlíka umfang og nýtt háskólasjúkrahús. Það gæti þýtt að íslensk stofa myndi styðjast við þekkingu og reynslu erlendra sérfræðinga.

EIN HUGMYND AF MÖRGUM Mikið og flókið verk er að hanna nýtt háskólasjúkrahús og arkitektar gagnrýna hvernig valið er til þess.

Áður hafði Arkitektafélag Íslands bent á að vegna mannfæðar gæti engin íslensk stofa verið ábyrgðaraðili. Fór félagið fram á að verkefnið yrði brotið upp í minni verkhluta og haldnar sérstakar samkeppnir um hvern þeirra. Þessu var hafnað af verkefnisstjórninni.

Frestur til að skila forvalsgögnum rennur út á mánudag.

svavar@frettabladid.is

Styrkir fyrir námsmenn

Námufélögum standa til boða veglegir námsstyrkir á framhalds- og háskólastigi árið 2010.

Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:
3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 300.000 kr.
4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
4 styrkir til listnáms, 350.000 kr.

Sæktu um námsstyrk Námunnar á **landsbankinn.is**.

Umsóknarfrestur er til **8. mars**.

Hjörtur Jónasson, Námufélagi í háskóla

Lausn: Nemandi

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SIA / NM40919 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

NORDICPHOTOS/AFP

PATRICK KENNEDY Níunda kjörtímabil hans rennur út í byrjun næsta árs.

Síðasti fulltrúi Kennedy-ættarinnar hættir á þingi:

Fer ekki í framboð

BANDARÍKIN, AP Síðasti fulltrúi Kennedy-ættarinnar, Patrick Kennedy, hefur lýst því yfir að hann ætli ekki að sækjast eftir endurkjöri á Bandaríkjaþing í kosningum í haust.

Þessi fræga ætt hefur átt fulltrúa á þinginu í meira en sextíu ár, og yfirleitt hafa völd þeirra verið mikil.

Patrick Kennedy er 42 ára og hefur verið á þingi samfleytt í níu kjörtímabil. Hann er sonur Edwards Kennedy, sem lést á síðasta ári úr krabbameini, og segir að lát föður síns hafi haft áhrif á þessa ákvörðun.

Hann hefur þurft að fara nokkrum sinnum í meðferð vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu eftir að hann lenti í árekstri árið 2006. Þrátt fyrir það hefur hann náð endurkjöri tvisvar sinnum síðan þá.

- gb

KAUPUM SUMARHÚS GEGN STAÐGREIÐSLU

Eingöngu koma til greina bústaðir sem uppfylla neðangreind skilyrði:

- Ekki byggðir fyrir árið 2001.
- Verða að vera á eignarlóð.
- Ekki lengri keyrsla en rúm 1 klst frá Reykjavík.
- Verða að vera með rúmgóðri verönd og heitum pott.
- Ekki undir 80 fm.
- Eingöngu glæsilegir og vel búnir bústaðir koma til greina.

villas europe

Áhugasamir sendi upplýsingar um staðsetningu, verðhugmynd og myndir á villas.europe@gmail.com eða hafi samband í síma 897 8266

ÁST ER...

Ástarmoli með skilaboðum fylgir öllum blómvöndum meðan birgðir endast

Með Valentínusargjöfum Garðheima fylgir:

Út að borða á Domo
2 fyrir 1 á Domo

Út að borða á Saffran
2 fyrir 1 á Saffran

2 fyrir 1 af bollum

meðan birgðir endast

DÝRADAGAR Í GARÐHEIMUM



SMÁHUNDAFJÖR ALLA HELGINA

- Komið og sjáið allar nýjustu tegundirnar af smáhundum á einum stað!
- Hundatískusýning kl. 15.00 og 16.00 báða dagana
- Hundafimi kl. 14 báða dagana
- Hundasnyrtir kl. 13.00
- Kynnist heimsóknarvinum Rauða Krossins
- Dýralæknir til skrafs og ráðagerða
- Lukkupottur, tilboð og margt fleira

15% afsláttur af öllu fóðri

Fóðurkynningar frá

Hill's · Eukanuba · Purina Pro Plan · Royal Canin

GARÐHEIMAR
10 ára!

TUNGLIÐ GERT ÚR SÍTRÓNUM Í bænum Menton á frönsku Rívíerunni stendur yfir „hátíð sítrónunnar“. Af því tilefni útbjó þessi maður tungl úr sítrónum og tileinkaði George Melies sem árið 1902 gerði kvikmynd um ferð til tunglsins. NORDICPHOTOS/AFP

Niðurskurður á Landspítalanum nemur 17 prósentum á tveimur árum:

Starfsmönnum LSH fækkar

HEILBRIGÐISMÁL Starfsmönnum á Landspítalanum hefur fækkað um 350 á síðustu misserum og eru þeir nú 4.600 talsins. Á síðasta ári fækkaði dagvinnustöðugildum á spítalanum um 202 og eru nú 3.650 alls.

Þetta kemur fram í pistli Björns Zoëga, forstjóra á heimasíðu LSH. Hann rekur þar niðurskurðarsögu spítalans en á síðasta ári var hagrætt á LSH um þrjá milljarða króna eða rúmlega átta prósent af rekstarfé ársins á undan. Illa gekk að hagræða á fyrri hluta ársins og voru launagjöld spítalans 650 milljónum yfir markmiðum eftir sjö mánuði. Þrír síðustu mánuðir ársins komu mun betur út rekstrarlega og var launahallinn um 200 milljónir króna eftir árið.

Björn segir að árið 2010 verði erfitt. Krafan um niðurskurð sé níu prósent, eða 3,2 milljarðar króna. Ítarlegar aðgerðir hafa þegar verið kynntar til að mæta þessum niðurskurði. „Tölur fyrir janúar og um yfirvinnuna um jól og nýár benda áfram til þess að við séum á réttri leið,“ skrifar Björn. Janúar var fjórði mánuðurinn í röð þar sem launaútgjöld voru vel innan fjárheimilda þrátt fyrir talsverðan niðurskurð. Á tveimur árum er niðurskurðurinn á LSH orðinn um sautján prósent. - shá

FRÁ LANDSPÍTALA Starfsmönnum hefur fækkað um 350 á síðustu misserum, en reynt er að forðast beinar uppsagnir eins og kostur er. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kjörstjórn Samfylkingar:

Efstu tvö sætin óbreytt enn

MOSFELLSBÆR Kjörstjórn Samfylkingarinnar hefur ekki rætt um að breyta röð efstu manna í nýafstöðnu prófkjöri flokksins.

Svo segir Ólafur Ingi Óskarsson, formaður kjörnefndar.

Heyrst hefur að til standi að Valdimar Leó Friðriksson verði færður úr öðru sæti og neðar á listann. Hann sjálfur kannast við þann orðróm.

Formaður kjörstjórnar hefur einnig heyrt þessa sögu, en segir slíkar hugleiðingar ótímabærar.

Í fyrsta sæti er Jónas Sigurðsson, núverandi oddviti. - kóþ

Bað heyrnarlausa afsökunar:

Saga mistaka og fordóma

SAMFÉLAGSMÁL Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra bað heyrnarlausa afsökunar á langri sögu „mistaka, fordóma og fordæmishyggju“ sem einkennt hefði viðhorf stjórnvalda til heyrnarlausra um áratugaskeið.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Í ávarpi sem ráðherrann hélt við opnun 50 ára afmælishátíðar Félags heyrnarlausra sagði hann:

„Áratugum saman meinuðu stjórnvöld heyrnarlausum að njóta tjáskipta á því máli sem þið áttuð möguleika á að tileinka ykkur, táknmálinu. Afleiðingin varð sú að margar kynslóðir heyrnarlausra fóru á mis við þau tækifæri til þroska og menntunar sem okkur finnst öllum sjálfsagt að njóta. Einangrun heyrnarlausra varð verri en hún hefði þurft að vera.“ - pg

Aðgerðir í atvinnu- og nýsköpunarmálum:

Eigið fé Byggðastofnunar stóraukið

STJÓRNMÁL Byggðastofnun gegnir lykilhlutverki í áætlunum iðnaðarráðherra um atvinnuuppbyggingu í landinu. Verður eigið fé stofnunarinnar aukið um 3,6 milljarða í því skyni. Eigið fé nemur nú um einum og hálfum milljarði króna.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kynnti á ríkisstjórnarfundi í gær margvíslegar aðgerðir í atvinnu- og nýsköpunarmálum.

Auk þess að styrkja Byggðastofnun á meðal annars að verja 500-700 milljónum króna til uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum, Lánatryggingasjóður kvenna verður endurvakinn, hafinn er undirbúningur að því að koma á fót fjárfestingarsjóði fyrir þá er hyggjast fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, viðhaldsverkefni á landsbyggðinni eru í bígerð og stofnaður verður nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema. Þá eru þrjú ný frumkvöðlasetur á döfinni.

BYGGÐASTOFNUN Auka á eigið fé stofnunarinnar um 3,6 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í tilkynningu frá iðnaðarráðuneytinu segir að undirbúningsframkvæmdir við Búðarhálsvirkjun hefjist í vor. Framkvæmt verður fyrir 600-800 milljónir króna og er gert ráð fyrir að 30-40 störf skapist.

Þá kemur fram að unnið sé að áætlun um gerð eldsneytis úr sorpi sem fellur til á Reykjavíkursvæðinu. 160 þúsund tonn af sorpi færu til framleiðslunnar á ári. - bþs

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VANHÆF RÍKISSTJÓRN! Fræðimenn eru byrjaðir að gera upp búsáhaldabyltinguna, en á ráðstefnu í gær mátti heyra að ýmsir binda vonir við að henni sé ekki lokið.

Fjórflokki ekki treyst

Búsáhaldabyltingin var ekki bylting, því fjórflokkurinn heldur velli og umbætur bíða. Almenningur treystir ekki stjórnmálamönnum. Fimmtungur þjóðarinnar tók þátt í mótmælunum.

STJÓRNMÁL Þær miklu vonir sem vöknuðu í brjóstum fólks í búsáhaldabyltingunni, svo sem um lýðræðisumbætur og stjórnlagaþing, hafa ekki ræst.

Þótt vinstrimenn hafi í fyrsta sinn hreinan meirihluta hefur landslag stjórnmála ekki breyst í grunninn. Fjórflokknum var ekki hafnað í kosningum og þátttaka í prófkjörum hans hefur ekki minnkað. Varla er hægt að tala um raunverulega byltingu því stjórnkerfið er einnig óbreytt.

Helsta breytingin í viðhorfi almennings til stjórnmálalífs er sú að nú er stjórnmálamönnum meira og minna vantreyst. Það er þeirra helsta verkefni að endurverkja þetta traust.

Allt þetta kom fram í ræðum nokkurra fræðimanna á ráðstefnunni Hverju hefur Búsáhaldabyltingin skilað? sem Háskólinn á Bifröst stóð fyrir í Iðnó í gær.

„Mér þætti synd og skömm ef ekki einu sinni eftir þessa miklu atburði væri hægt að ráðast í gagngera, nauðsynlega og róttæka endurskoðun stjórnarskrárinnar,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur. Til hefði staðið að endurskoða stjórnarskrá síðan 1944. Flokkarnir hefðu alltaf hummað það fram af sér. Núverandi flokkar gerðu það sama. Þetta sýndi „ægivald fjórflokksins“.

Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur rakti í erindi sínu kannanir á afstöðu almennings og þátttöku í stjórnmálum.

HVERJU SKILAÐI BÚSÁHALDABYLTING? Á ráðstefnu Háskólans í Bifröst í gær voru stjórnmálamenn hvattir til að láta af Morfís-tilburðum og viðurkenna mistök sín. Þannig gætu þeir endurheimt traust almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í síðustu kosningum hafi fleiri nýir þingmenn verið kosnir inn en áður. En helsta breytingin sé sú að yfir fjörutíu prósent fólks telja nú að fáum eða engum stjórnmálamanni sé treystandi. Meirihluti kjósenda telur spillingu útbreidda meðal stjórnmálamanna.

Ólafur segir brýnt að stjórnmálamenn geri heiðarlega upp fortíðina, til að endurheimta traust almennings. Þeir þurfi að viðurkenna mistök sín. Hann telur að um fimmtungur þjóðarinnar hafi tekið þátt í mótmælunum, sem sé mjög mikið. Sjötíu prósent kjósenda hafi svo reynst hlynnt mótmælunum, miðað við kannanir.

klemens@frettabladid.is

NÁTTÚRUVERNDARSJÓÐUR
PÁLMA JÓNSSONAR
STOFNANDA HAGKAUPS

Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar

Virðing · Vægi · Verðmæti

Markmið sjóðsins er að auka almenna þekkingu á íslenskri náttúru svo að umgengni okkar og nýting á verðmætum hennar geti í ríkari mæli einkennst af virðingu og skynsemi. Samhliða er leitast við að bæta tengsl Íslendinga við náttúru landsins og efla með því gott hugarfar, mannlíf og atvinnustarfsemi í sátt við umhverfið.

Markmiði þessu verði náð með því að styrkja verkefni sem fást við sköpun og miðlun þekkingar um náttúruna í víðum skilningi. Farvegurinn getur verið í gegnum listir, hvers kyns fræði og vísindi.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar. Skilafrestur er 15. apríl. Heildarúthlutun á þessu ári nemur allt að 25 milljónum króna. Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar má fá á vefsíðu sjóðsins: *www.natturuverndarsjodur.is.*
Umsóknir sendist sjóðnum í **Pósthólf 10, 550 Sauðárkróki.**

Vísa til loforða ráðherra:

Grindvíkingar fái menntaskóla

MENNTAMÁL Bæjarstjórn Grindavíkur vill að framhaldsskóli verði stofnaður í bænum og að hann taki til starfa næsta haust.

„Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hafa gefið munnleg loforð um að skólastarf í framhaldsskóla í Grindavík hefjist haustið 2010," segir í bókun bæjarstjórnarinnar sem fól bæjarstjóra að ganga frá skriflegu samþykki við menntamálaráðuneyti. Fram kemur að 12. febrúar í fyrra hafi menntamálaráðuneytið skipað nefnd til að athuga hvort grundvöllur væri fyrir framhaldsskóla í Grindavík og að nefndin hafi lokið störfum. - gar

Marel selur hluta af starfsemi sinni í Danmörku til iðnaðarsamsteypunnar AIAC:

Bókfært tap nemur 1,4 milljörðum

VIÐSKIPTI Bókfært tap Marel vegna sölu á starfsemi Carnitech í Stövring í Danmörku er átta milljónir evra, eða sem nemur 1,4 milljörðum króna.

Marel sendi í gær frá sér tilkynningu um að samkomulag hefði náðst við fyrirtækið American Industrial Acquisition Corporation (AIAC) um sölu á rekstri Carnitech A/S utan kjarnastarfsemi Marel. Dótturfélag AIAC, kaupandi eignanna sem og skuldanna, tæki upp nafnið Carnitech.

„Undanskilin frá samningnum er fyrrum starfsemi Carnitech í laxaiðnaði og á sviði frystibúnaðar, sem og starfsemi Carnitech í Bandaríkjunum, sem er nú rekin undir merkjum og yfirstjórn Marel," að því er fram kemur í tilkynningu félagsins. Þá eru fasteignir félagsins í Stövring ekki innifaldar í samningnum, heldur hefur verið gerður langtímaleigusamningur vegna þeirra, en kaupandi Carnitech fær forkaupsrétt að eignunum.

MERKI CARNITECH Á síðustu árum hefur Marel tekið yfir fjölda fyrirtækja, en unnið er að því að færa alla starfsemi félagsins undir heitið Marel.

Tap á sölunni er aðallega sagt til komið vegna afskrifta viðskiptavildar og endurmetinna eigna, en tekið hafi verið tillit til þess í ársreikningum Marel fyrir árið 2009.

Haft er eftir Theo Hoen, forstjóra Marel, að salan á Carnitech í Stövring, sem hafi verið síðasta stóra einingin utan kjarnastarfsemi félagsins, sé mjög jákvætt skref fram á við fyrir Marel. - óká

THEO HOEN Forstjóri Marel segir að salan á Carnitech sé jákvætt skref fram á við fyrir Marel.

UNDIRRITUN Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri undirrituðu samninginn.

Reykjavíkurborg og lögreglan:

Öryggi almennings skal aukið

LÖGGÆSLA Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg hafa gert með sér samning um aukið samstarf á sviði öryggis- og forvarnamála í Reykjavík.

Markmið samningsins er að stuðla að auknu öryggi almennings í borginni með markvissu samstarfi lögreglu og borgaryfirvalda. Áhersla er lögð á samstarf lögreglu og starfsmanna þjónustumiðstöðva um forvarnir og fjölskylduþjónustu ásamt því að draga úr fjölda umferðarslysa.

Sérstök áhersla er á umferðaröryggi við skóla. Sömuleiðis kveðið á um eftirlit og forvarnir til að draga úr innbrotum og eignaspjöllum. - jss



FORSTJÓRI MATÍS Sjöfn Sigurlaugsdóttir hefur verið forstjóri Matís síðan 2006.

Formleg opnun í gær:

Matís komið í nýtt húsnæði

IÐNAÐUR Nýtt leiguhúsnæði Matís ohf. (Matvælarannsókna Íslands) að Vínlandsleið 12 í Reykjavík var formlega opnað í gær. Þar eru nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins.

Í frétt Matís kemur fram að auglýst hafi verið eftir leiguhúsnæði í mars í fyrra og í framhaldinu samið við Mótás um leiguna. „Húsið var afhent í desember 2009 og síðan hefur verið unnið að því að innrétta húsnæðið að þörfum Matís," segir þar.

Starfsemi fyrirtækisins hefur fram til þessa verið á þremur stöðum í Reykjavík og mikið hagræði sagt af því að sameina starfsemina í borginni undir einu þaki.

Forstjóri Matís er Sjöfn Sigurgísladóttir. - óká

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

198 KR.PK

BÓNUS BOLLU-GLASSÚR 280G

98 KR.PK

EUROSHOPPER FROSIN HINDBER 500G
VARA HÆTTIR

195 KR.STK

HALTA
ÞEYTIRJÓMI 250ml

1398 KR.KG

ÍSLANDSLAMB LAMBLÆRI
M.FERSKUM KRYDDJURTUM
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. ***30% AFSLÁTTUR***

298 KR.PK

GÓÐKAUP SUÐUSÚKKULAÐI 300G

298 KR.PK

FERSKAR TILBÚNAR BÓNUS RJÓMABOLLUR 2 STK.

379 KR.PK

BÓNUS VATNSDEIGSBOLLUR 14 STK

259 KR.STK

KJARNASULTA ISLENSK 400G
BLÓNDUÐ, JARÐARBERJA OG BLÁBERJASULTA

159 KR.2LTR

EGILS KRISTALL MEXIKAN
LIME 2 LTR.

NÝ BAKAÐ

198 KR.4STK

BÓNUS LANGLOKUR 4 STK

259 KR.4STK

BÓNUS KJALLARABOLLUR 4 STK M.OSTI

EKKI TILBOÐ
BARA AÐ MINNA Á
GOTT VERÐ ALLA DAGA

198 KR.STK

BÓNUS BRAUÐ 1 KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Lambasaltkjötið frá Kjarnafæði

Frábært verð - *25% afsláttur af öllum tegundum*

898 KR.KG

KF SALTKJÖT BLANDAÐ
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. ***25% AFSLÁTTUR***

1349 KR.KG

KF SALTKJÖT VALIÐ
MERKT VERÐ 1798 KR.KG. ***25% AFSLÁTTUR***

373 KR.KG

KF SALTKJÖT ÓDÝRT
MERKT VERÐ 498 KR.KG. ***25% AFSLÁTTUR***

298 KR.KG

K.A SALTKJÖT ÓDÝRT/LÖKUSTU BITARNIR
MERKT VERÐ 398 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

298 KR.KG

ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR

798 KR.KG

KJARNAFÆÐI: BEIKONBITAR
MERKT VERÐ 998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR

579 KR.KG

N.F STEIKTAR FISKIBOLLUR

398 KR.KG

K.F NÝTT KJÖTFARS

998 KR.KG

GRÍSAVEISLU BEIKON Í SNEIÐUM

598 KR.PK

N.V FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
598 KR PAKKINN

898 KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

1498 KR.KG

KJÖTBANKINN FERSKT NAUTAGÚLLAS
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

1498 KR.KG

KJÖTBANKINN FERSK NAUTAPIPARSTEIK
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

1498 KR.KG

KJÖTBANKINN FERSKT NAUTASNITSEL
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

898 KR.KG

N.V FERSKT NAUTAHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

skoðun

greinar@frettabladid.is

Fíkniefnaleitin í Tækniskólanum:

Fíflalegar forvarnir

JÓN KALDAL SKRIFAR

Skólastjórnendur í Tækniskólanum höfðu á fimmtudag frumkvæði að sérlega einkennilegri aðgerð. Lokuðu þeir á tólfta hundrað nemendur inni í um 45 mínútur og fengu á svæðið hóp lögreglumanna og tollvarða með hunda til að leita vímuefna í skólanum.

Spurður hvort rökstuddur grunur um meðferð vímuefna hefði verið að baki þessu framtaki, sagði Baldur Gíslason, skólameistari Tækniskólans, að svo hefði alls ekki verið. Að sögn Baldurs er það skoðun stjórnenda skólans að leitin hafi haft „ákveðið forvarnagildi“.

Nú eru forvarnir svo sannarlega veigamesti þátturinn í baráttunni gegn vímuefnum, en að óska eftir rassíu lögreglu með fíkniefnaleitarhunda ber vitnisburð um furðulega afstöðu til þess mikilvæga starfs.

Nemendur í Tækniskólanum vita örugglega að neysla og meðferð vímuefna er bönnuð í og við skólann. Ekki á að þurfa innilokun og leit með hundum til þess að koma þeim skilaboðum á framfæri.

Skilaboðin, sem leit Baldurs skólameistara skilur hins vegar eftir sig, eru að þeir nemendur sem mögulega hafa staðið í einhverri tilraunastarfsemi með vímuefni eiga ekki að mæta í skólann, því þar eiga þeir á hættu að vera gripnir.

Nú hefði maður talið að fátt væri mikilvægara fyrir villuráfandi krakka en að halda þeim í skóla með öllum tiltækum ráðum fremur en að hrekja þá á brott, en stjórnendur Tækniskólans virðast ekki deila því sjónarmiði.

Leitin í skólanum bar engan árangur. Vímuefni fundust ekki á neinum af þeim ríflega ellefu hundruð nemendum sem urðu fyrir leitinni. Þær upplýsingar Baldurs skólameistara að fyrirmyndin að aðgerðinni hafi verið sótt til annarra framhaldsskóla vekur hins vegar upp spurningar um á hvaða slóðum skólayfirvöld almennt eru í forvarnastarfi sínu.

Að gera út á óttann við að vera tekinn er ekki árangursrík aðferð til að fyrirbyggja neyslu. Sá lærdómur er óhrekjanleg niðurstaða áratugalangra tilrauna stjórnvalda víða um heim við að berjast gegn fíkniefnum með sífellt þyngri fangelsisdómum.

Mun líklegra til árangurs er öflug og hispurslaus fræðsla fyrir ungdóminn og áherslan á að ná eins snemma og hægt er til þeirra sem eru útseldir fyrir fíkninni, áður en þeir hverfa endanlega út fyrir garðinn.

Enn og aftur má ítreka að aðferðirnar til að minnka líkurnar á að fíklar verði til eru þekktar. Og íslenskar rannsóknir, afrakstur meira en tuttugu ára starfs, sýna að þetta eru ekki flókin vísindi. Allra mikilvægasti þátturinn er að foreldrar eyði tíma með börnum sínum. Ein klukkustund á dag getur haft úrslitaáhrif. Það þarf að halda börnum í íþróttum eða öðrum tómstundum, og forða þeim frá áfengi sem allra lengst. Ef lögð er rækt við þessi þrjú atriði eru innan við eins prósents líkur á að ungt fólk ánetjist vímuefnum.

Ótti við yfirvöld, hvort sem það er skólameistari eða fulltrúi lögreglunnar, vegur margfalt minna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rakin ósannindi

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir í grein hér í blaðinu í gær að Hjörtur Gíslason, stjórnarformaður Ögurvíkur, hafi svert nafn hennar. Ástæðan er að í grein á fimmtudag sagði Hjörtur að Ólína hefði farið með rakin ósannindi í grein sem birtist 21. janúar. Í henni gaf Ólína í skyn að verðmæti, byggð á úthlutun aflaheimilda við upphaf kvótakerfisins, hefðu runnið út úr Ögurvík til áhættufjárfestinga. Hjörtur segir að þetta sé ekki rétt. Ólínu virðist þykja fátt til þeirrar staðhæfingar koma en segist svo sem ekki hafa verið að tala um Ögurvík í greininni heldur um útgerðarfyrirtæki almennt. Samt nefndi hún Ögurvík.

Að sverta

Ekki verður með nokkru móti séð að Hjörtur hafi svert nafn Ólínu með því að segja hana fara með rakin ósannindi þegar hún tengdi saman Ögurvík og áhættufjárfestingar fyrir verðmæti byggð á ókeypis kvóta. Stundum sjá menn sjálfir um að sverta nöfn sín.

Ógæfa

„Að mínu mati er mikilvægt að rannsaka það sem hefur gerst frá hruninu og til dagsins í dag,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokki, í samtali við mbl.is eftir fund í viðskiptanefnd Alþingis í gær. Verklagsreglur bankanna voru til umræðu. Áhugi Guðlaugs á bönkunum er til algjörrar fyrirmyndar. Hann er óþreytandi við að fylgjast með hverju skrefi þeirra. Mikil er ógæfa samfélagsins að Guðlaugur var heilbrigðisráðherra en ekki viðskiptaráðherra misserin fyrir hrun. Hann hefði án efa gætt þess að ekki fór jafn illa og raun ber vitni.

bjorn@frettabladid.is

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Er réttlátt að fjölga í LÍÚ?

Réttlæti er lykilhugtak í þrætunni um fiskveiðistjórnunina. Forystumenn núverandi ríkisstjórnar lögleiddu gildandi kerfi fyrir tveimur áratugum. Þeir hafa síðan sannfært meirihluta þjóðarinnar um að gjörð þeirra á sínum tíma hafi verið ranglát. Nú boða þeir réttlæti.

Eftir því sem næst verður komist felst ranglætið í því hversu fáir nýta fiskveiðiauðlindina í ljósi þess að hún er skilgreind sem sameign þjóðarinnar. Þetta er alveg gilt umhugsunarefni. Réttlætið getur hins vegar farið eftir því af hvaða bæjarhellu er horft.

Ríkisstjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu að rétta leiðin sé að fjölga þeim sem stunda útgerð. Ekki er ljóst hversu mikil sú fjölgun þarf að vera til að fullu réttlæti sé náð. Nokkuð ljóst er hins vegar að því fleiri sem félagsmenn í LÍÚ verða þeim mun meira verður réttlætið eftir þessum kvarða.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Eftir loforði ríkisstjórnarinnar á enginn af núverandi félagsmönnum LÍÚ að fara á hausinn vegna aðgerða hennar. Það þýðir að skattgreiðendur verða að borga fyrir að fjölga í LÍÚ. Vandinn er sá að þetta er ranglæti en ekki réttlæti þegar horft er af bæjarhóli skattgreiðenda.

Það eru almannahagsmunir að verja skattgreiðendurna og eigendur auðlindarinnar. Krafan um fjölgun í LÍÚ er hins vegar varðstaða um sérhagsmuni. Þegar forystumenn núverandi ríkisstjórnar lögleiddu fiskveiðistjórnunarkerfið snerust þeir á sveif með almannahagsmunum. Þeir voru því ekki jafn ranglátir þá eins og þeir sjálfir vilja vera láta nú.

Réttlæti gagnvart eigendum fiskveiðiauðlindarinnar felst fyrst og fremst í því að tryggja þjóðhagslega hagkvæman rekstur greinarinnar. Það gerðist 1990. Eftir það ár fækkaði félagsmönnum LÍÚ og ekki þurfti lengur að flytja peninga frá almenningi til útgerðarmanna með stöðugu gengissigi og skattpeningum í gegnum millifærslusjóði.

Siðferðileg gildi og hólfaskipting

Ýmsar þeirra bóka sem skrifaðar hafa verið um hrunið varpa ljósi á viðfangsefni sem mikilvægt er að glíma við í endurreisninni.

Þorkell Sigurlaugsson ritaði til að mynda merka bók um hrunið og stjórnun fyrirtækja. Hún dregur skýrt fram brotalamir í starfsháttum stjórna fyrirtækja í aðdraganda hrunsins. Þar eru sýndir brestir sem þarf að berja í. Viðfangsefnið lýtur að siðferðilegum og klassískum gildum í fyrirtækjastjórnun.

Merkilegt er að félög atvinnufyrirtækja skuli ekki hafa tekið þessa bók til almennrar umræðu. Enginn vafi er á að opin hreinskiptin umræða um þau efni á vettvangi samtaka fyrirtækjanna getur hjálpað þeim að vinna traust almennings í landinu á ný. Þess er þörf.

Ólafur Arnarson lýsir í bók sinni átökum í viðskiptalífinu og pólitíkinni. Bókin var ekki með öllu óumdeild. Það sem helst má læra af henni er hvernig þjóðfélagsumræðan tók á siðferðilegum álitaefnum. Atvinnulífið skiptist upp í hólf. Í umræðunni var ekki að öllu jöfnu greint á milli þess sem rétt var og rangt eftir því hvað gert var heldur fremur eftir hinu hver átti hlut að máli eða úr hvaða hólfi hann kom.

Í æviminningum Sigurðar prests og alþingismanns frá Vigur er útskýrt hvernig Jónas frá Hriflu innleiddi þess háttar umræðuhefð um atvinnulífið á öndverðri síðustu öld. Endurtekningin var óholl. Siðferðilega er nauðsynlegt að lyfta umræðunni upp úr þessu fari eigi endurreisnin að takast. Margt bendir til að það hafi enn ekki gerst.

Siðferðilega er nauðsynlegt að lyfta umræðunni upp úr þessu fari eigi endurreisnin að takast. Margt bendir til að það hafi enn ekki gerst.

Nýtt mat á stöðu Íslands

Bók Styrmis Gunnarssonar um hrunið er um margt athyglisverð. Hann kemst að mjög afdráttarlausri niðurstöðu um einangrun Íslands. Sennilega er þó ofmælt að Ísland sé umsetið. Það breytir ekki hinu að eitt af stóru viðfangsefnunum sem þjóðin þarf að glíma við í kjölfar hrunsins er að losa landið úr einangrun.

Í þessu ljósi þarf Ísland að endurmeta stöðu sína í alþjóðasamfélaginu. Styrmir segir réttilega að við það endurmat eigum við ekki að þykjast vera meiri en við erum. Stakk á að sníða eftir vexti.

Tvær leiðir eru færar við þetta endurmat. Önnur er sú að grundvalla utanríkisstefnuna á tvíhliða samskiptum við tiltölulega fá ríki. Þá leið vill höfundur fara. Hin er sú að grundvalla utanríkisstefnuna á þátttöku í fjölþjóðasamtökum. Það er meir í samræmi við þau sjónarmið sem að baki bjuggu þegar Ísland gekk í NATO.

Mikilvægi þess að fá samkeppnishæfa mynt er augljósasta röksemdin og brýnasta ástæðan fyrir því að halda áfram á þeirri braut fjölþjóðasamstarfs sem farið var inn á fyrir sextíu árum. Sömu pólitísku sjónarmið og þá eru enn í gildi. Endurmatið á því að leiða til nýrra skrefa á þeirri braut en ekki fráhvarfs.

Miklu stærri þjóðir en við telja sig ekki hafa bolmagn til að grundvalla utanríkisstefnuna á tvíhliða samskiptum og samningum. Aðalatriðið er að hrunið kallar á nýtt mat á stöðu okkar í alþjóðasamfélaginu. Það er í bestu samræmi við smæð okkar að velja leið fjölþjóðasamstarfs eins og aðrar fullvalda smáþjóðir í Evrópu hafa gert. Þess vegna á að leiða í ljós hvað samningar um Evrópusambandsaðild fela í sér.

Það er í bestu samræmi við smæð okkar að velja leið fjölþjóðasamstarfs eins og aðrar fullvalda smáþjóðir í Evrópu hafa gert.

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Stærsta 3G dreifikerfið frá landnámi

Nú kemstu í háhraðanetsamband víðar en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni.

Kynntu þér 3G og 3G[L] dreifikerfið á siminn.is og sjáðu hvar þú kemst á netið í símanum og tölvunni.

Sími

Netið

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

Strandveiðar og sóun

UMRÆÐAN
Arthur Bogason skrifar um strandveiðar

ARTHUR BOGASON

Hinn 18. nóvember 2009 barst sjávarútvegsráðherra bréf, undirritað af 183 íbúum af rúmlega 500 í Langanesbyggð. Í bréfinu var komið á framfæri þökkum fyrir strandveiðikerfið og það mikla líf sem það hleypti í hafnir landsins sl. sumar. Að auki var tilgreint að í Langanesbyggð hefðu um 25 einstaklingar haft beina atvinnu af róðrum í strandveiðikerfinu, auk afleiddra starfa. Um kæra búbót hefði verið að ræða.

Þetta bréf er einsdæmi í sögu fiskveiðistjórnunar á Íslandi. Fagnaðarefni í ljósi ástandsins í landinu.

LÍÚ finnur strandveiðunum allt til foráttu og fullyrðir að þær séu sóun verðmæta úr fiskveiðiauðlindinni. Nýútkomin skýrsla Háskólaseturs Vestfjarða um strandveiðarnar sl. sumar sé óræk sönnun þess.

LÍÚ rótast af heilagri vandlætingu í skýrslunni til að finna höggstað á strandveiðunum og telur sig nú þegar hafa borað á gullæð. Þ.e. kaflann um gæði afla strandveiðiflotans. Samtökin minnast ekki orði á þá heildarniðurstöðu skýrsluhöfunda, að strandveiðarnar hafi tekist vel.

Þórðargleði LÍÚ er pínleg. Í bölmóði sínum tína samtökin til lægstu tölur úr skýrslunni og alhæfa út frá þeim. Enginn fjölmiðill hefur séð ástæðu til að gera sjálfstæða athugun á þessari framsetningu, þrátt fyrir að hún komi frá óskammfeilnustu hagsmunagæslumönnum á Íslandi.

Þetta eru mennirnir sem moka rándýrum mannamat í formi makríls og annarra uppsjávarfiska í bræðslur landsins til að fóðra niðurgreidda svínakjafta innan Evrópusambandsins og eldislaxa utan þess.

Þetta eru mennirnir sem hausa að stærstum hluta þorskinn fyrir aftan eyrugga um borð í frystitogurunum sínum og hafa til dagsins í dag komið sér undan því að vigta aflann inn á vinnslulínurnar í skipunum, þrátt fyrir að tæknin sé fyrir löngu til staðar.

Þetta eru mennirnir sem gengu eins og villidýr um Smuguna norðan Noregs á sínum tíma og heimtuðu aflaheimildir fyrir afrekin. Og fengu. Tala engu að síður um Norðmenn eins og þeir séu djöflar í mannsmynd.

Enginn fjölmiðill hefur séð ástæðu til að gera sjálfstæða athugun á þessari framsetningu, þrátt fyrir að hún komi frá óskammfeilnustu hagsmunagæslumönnum á Íslandi.

Ekki nema von að þeir ætlist til að mark sé á þeim tekið.

Kaflinn úr skýrslu Háskólaseturs Vestfjarða um gæði aflans af strandveiðiflotanum sl. sumar hljóðar svo, orðrétt:

„Mat forsvarsmanna fiskmarkaða og fiskkaupenda á gæðum fisks af strandveiðum var mjög mismunandi. Meirihluti þeirra taldi þó að gæði strandveiðiafla stæðist vel samanburð við annan afla… Töldu 56% að gæðin stæðust samanburð, eða 66% þeirra sem tóku afstöðu. Niðurstöður eru svipaðar fyrir svæði A, B og D, en á svæði C voru 70% viðmælenda á því að gæðin stæðust vel samanburð, eða 87% þeirra sem tóku afstöðu.“

Ég hafði samband við Sigríði Ólafsdóttur, sem hafði yfirumsjón með skýrslunni og ritstýrði henni. Ég bað hana um undirliggjandi gögn að baki „gæðaspurningunni“. Í svari hennar kom eftirfarandi fram:

„23% fiskkaupenda töldu að aflinn stæðist illa samanburð við annan afla. Einungis 8 einstaklingar standa á bak við þessa prósentutölu. 6 af þessum 8 eru handhafar kvóta (75%)“.

Þá hafði ég samband við Veiðieftirlitið og spurði hvort þeirra menn hefðu orðið þess sérstaklega varir að gæði afla strandveiðibátanna hefðu skorið sig í einhverju frá öðrum afla á sama tíma. Svo reyndist ekki vera.

Við hvorugan aðilann hafði LÍÚ, né fjölmiðlar, haft samband.

LÍÚ má eiga sína túlkun fyrir sig. En mikið eiga þessir menn bágt. Skýrslan afhjúpar aumkunarverðan blekkingarleik LÍÚ. Þeir töldu sig hafa fundið snöggan blett á strandveiðunum og eins og hungraðir úlfar réðust þeir á hann.

Frá því Landssamband smábátaeigenda hóf göngu sína hef ég ótal sinum orðið vitni að þessum vinnubrögðum. Eitt sinn neituðu þeir t.d. að taka þátt í ráðstefnu erlendis vegna þess að undirrituðum var einnig boðið á hana.

Í seinni hluta þessara skrifa tek ég til umfjöllunar ályktun aðalfundar LÍÚ 2009 um strandveiðarnar.

Höfundur er formaður Landssambands smábátaeigenda.

Vald minnihlutans

UMRÆÐAN
Tryggvi Haraldsson skrifar um prófkjör

TRYGGVI HARALDSSON

Við hrun bankakerfisins í fyrravetur og fyrir kosningarnar vorið 2009 kom fram hávær krafa meðal almennings er sneri að persónukjöri í kosningum. Frambjóðendur og flokkar sáu sér leik á borði og lofuðu kjósendum raunverulegum áhrifum um það hvaða einstaklingar sætu í sveitarstjórnum og á hinu himinháa Alþingi. Frumvörp um persónukjör komu fram en ollu hörðustu lýðræðissinnum vonbrigðum þótt skrefin væru vissulega í rétta átt. Nafnbótin „persónu“kjör á samt engan veginn við þau frumvörp sem nú liggja ofan í læstum skúffum Alþingis því raunveruleg áhrif á það hvaða fólk þú vilt sjá fyrir þína hönd í sveitarstjórnum eða á Alþingi eru ekki fyrir hendi. Miklu frekar hefði verið viðeigandi að kalla þessar breytingar listakjör með persónulegu ívafi eða bara listakjör. M.ö.o. má segja að verið væri að færa prófkjörin inn í kosningarnar sem vissulega mætti segja að væri skárra en það fyrirkomulag sem við búum nú við.

Á tímum nauðsynlegra breytinga og ákalls þjóðarinnar til raunverulegra áhrifa ákváðu stóru prófkjörsflokkarnir að frysta fyrrgreint frumvarp til þess eins að vinna sér tíma og koma sínu venjubundna flokksklíkufólki inn í sveitarstjórnir landsins enn eitt kjörtímabil í viðbót. Þetta segi ég sökum þess að þjóðin er fljót að gleyma og guð má vita hvenær áhugi skapast til að ræða frumvarp um „persónu“kjör þegar langt er í næstu kosningar. „Mikilvægari“ mál hljóta alltaf að ganga fyrir eins fáránlega og það hljómar.

Til þess að gera sér grein fyrir því hve mikil áhrif kjósendur hafa við núverandi fyrirkomulag er ágætt að skoða sjóðheit prófkjör Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hér í höfuðstaðnum Reykjavík. Í báðum tilvikum var um 34-36% kosningaþátttaka sem getur alls ekki talist ásættanlegt og kannski lýsir áhugaleysi fólks á prófkjörum betur en nokkuð annað. Ef við berum þessar tölur saman við atkvæðamagn flokkanna í seinustu kosningum þá má gera ráð fyrir því að um 11,5% kosningabærra manna hafi og muni hafa áhrif á niðurröðun 11 af 15 borgarfulltrúum í Reykjavík.

Það er einnig skemmtilegt að velta fyrir sér viðbrögðum flokkanna að loknum prófkjörunum en þau eru undantekningarlaust þannig að útkoman hafi verið sú að um „sterkan lista“ sé að ræða. Hafa frambjóðendur einhvern tímann sagst vera hluti af veikum lista? Í ljósi allra þeirra skandala, klofninga og hneyksla sem einkennt hafa þetta kjörtímabil í borgarstjórn verður að teljast merkilegt (eða jafnvel ekki) hve lítil endurnýjun hefur orðið að loknum prófkjörunum. Ef við gerum ráð fyrir því að Sjálfstæðisflokkur og Samfylking haldi sínum 11 mönnum (af 15) eftir kosningar þá munu 8 af þeim 11 andlitum sem stóðu í því fárviðri sem ríkti á þessu kjörtímabili fá áframhaldandi umboð til að stjórna borginni. Er furða þó maður spyrji sig hvað ganga þurfi á til þess að einhver endurnýjun verði innan svona kerfis?

Staðreynd málsins er einfaldlega sú að fólk nýtir ekki rétt sinn til þátttöku í prófkjörum. Það er því engin furða að flokkarnir setji frumvörp um „persónu“kjör ofan í skúffu meðan innstu valdakjarnar flokkanna fá öllu ráðið um það hverjir skipi listana og grunlausir kjósendur halda áfram að kjósa hvað sem boðið er upp á.

Höfundur er stjórnmálafræðingur.

Siðmennt 20 ára

UMRÆÐAN
Hope Knútsson skrifar um Siðmennt

HOPE KNÚTSSON

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, er málsvari manngildisstefnu og frjálsrar hugsunar. Það starfar óháð trúarsetningum og stendur fyrir félagslegum athöfnum. Siðmennt var stofnað 15. febrúar 1990 og verður 20 ára 15. febrúar nk. Það er við hæfi að spyrja hvað hefur breyst í íslensku samfélagi á þessum tveimur áratugum í kjölfar stofnunar Siðmenntar.

Hugtakið lífsskoðunarfélag hefur náð fótfestu í þjóðfélaginu. Lífsskoðunarfélög geta verið bæði veraldleg og trúarleg. Með lífsskoðunarfélagi er átt við félagsskap sem fjallar um siðfræði og þekkingarfræði og þjónustar við tímamótaathafnir fjölskyldna. Þessi viðfangsefni eru sambærileg þjónustu trúfélaga en inntakið er ekki trúarlegt og athöfnunum stýrir athafnarstjóri í stað prests. Hugtakið lífsskoðunarfélag er nú víða notað, bæði meðal almennings og innan stjórnsýslunnar.

Nú (Gallup des. 2009) eru 74% þjóðarinnar þeirrar skoðunar að það beri að aðskilja ríkið og kirkju. Enn fremur eru 70% meðlima þjóðkirkjunnar sammála því. Siðmennt hefur frá upphafi barist fyrir raunverulegu trúfrelsi á Íslandi. Þar með fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju og gegn hvers kyns mismunun lífsskoðunarfélaga. Með fullum aðskilnaði gætu nokkrir milljarðar króna sparast árlega.

Í dag þykir sjálfsagt og eðlilegt að unglingar velti fyrir sér hvort þeir vilji fermast kirkjulega eða borgaralega eða alls ekki. Borgaraleg ferming verður vinsælli með ári hverju. Þátttakendum í borgaralegri fermingu hefur fjölgað um 35% frá því á síðasta ári og eru nú ríflega 160 talsins skipt niður á sex námskeiðshópa auk fjarnáms. Það verða fjórar athafnir í vor; tvær í Reykjavík, ein á Akureyri og ein á Fljótsdalshéraði.

Nú getur íslenskur almenningur valið um ólíka þjónustu þegar kemur að öllum mikilvægum tímamótum lífsins, þ.e. nafngiftir, giftingar og útfarir á veraldlegan eða húmanískan máta. Tíu sérþjálfaðir athafnarstjórar starfa nú á vegum Siðmenntar.

Flestir eru nú því sammála að það sé óeðlilegt að nýfædd ómálga börn séu sjálfkrafa skráð í trúfélag móður. Jafnréttisyfirvöld með dóms- og mannréttindaráðherra í fararbroddi vinna nú að því að breyta þessu með lögum.

Sífellt fleiri gera sér grein fyrir því að trúboð í opinberum skólum er í senn bæði óviðeigandi og brot á lögum. Flestir gera sér grein fyrir því að það er mikill munur á fræðslu um trúarbrögð í skólum og trúboði. Ár hvert leitar fjöldi foreldra til Siðmenntar vegna þessa. Að gefnu tilefni ber að taka fram að Siðmennt styður fræðslu um trúarbrögð og kennslu í siðfræði og gagnrýnni hugsun.

Siðmennt er virkur þátttakandi í erlendum sem innlendum samtökum. Má þar nefna International Humanist and Ethical Union, The European Humanist Federation og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Siðmennt hefur fengið nokkrar viðurkenningar bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Frá árinu 2005 hefur Siðmennt árlega veitt sérstaka húmanistaviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu mannréttinda og/eða mannúðar á Íslandi. Frá árinu 2008 hefur félagið einnig veitt fræðslu- og vísindaviðurkenningu fyrir mikilvæg framlög í þágu fræðslumála á Íslandi.

Nú í tilefni 20 ára afmælis Siðmenntar undirbýr stjórn félagsins ýmsa viðburði sem haldnir verða á árinu. Má þar nefna meðal annars málþing um veraldlegt samfélag.

Höfundur er formaður Siðmenntar.

einfaldlega betri kostur

NÝJAR VÖRUR

GRJÓNAPÚÐI
19.900,-

Fredsack. Grjónapúði. 135x165 cm.
Verð 19.900,- *Ýmsir litir. Gull og silfurlitaður. Verð 24.900,-*

Tea. Tekanna. Hvítt postulín.
Verð 2.995,-

NÝTT

Colour. Kanna. 10 cm.
Verð 495,-

NÝTT

Clock. Veggklukka. 21x30 cm.
Ýmsir litir. **Verð 995,-**

SKEMILL M/GEYMSLUHÓLFI
8.900,-

NÝTT

Flax. Skemill m/geymsluhólfi.
36x36x51 cm. **Verð 8.900,-**

NÝTT



Kubus. Vegghilla. Akrýl.
40x25x30 cm. **Verð 12.900,-**
60x25x30 cm. **Verð 14.900,-**

© ILVA Ísland 2010

5 ARMA KERTASTJAKI H38 CM
6.995,-

NÝTT

Herregaard. Kertastjaki m/5 örmum. H38 cm. Málmur.
Verð 6.995,-

Pillar Candle. Ýmsir litir og stærðir. Ø7x10 cm. **Verð 595,-**
Ø6x10 cm. **Verð 495,-**

Linja. Rauðvínsglas. 350ml
Verð 595,-

NÝTT

Kitchen. Snakk diskur m/
skál. Ø30 cm. **Verð 3.495,-**

NÝTT

Ibox. Vegghilla m/8 hólfum.
Verð 139.900,- *Einnig til í eik.*
Verð 149.900,-

Travel.
Sófaborð/koffort. Antík leður. 124x80x39 cm. **Verð 99.900,-**
Hliðarborð/koffort. Antík leður. 48x43x57 cm. **Verð 69.900,-**

Woodie. Maracas. **Verð 990,-**

NÝTT

Wood. Ostabakki tré + áhöld.
Ø24 cm. **Verð 1.995,-**

3JA SÆTA SÓFI
99.900,-
sparaðu 100.000,-

Alabama. Slitsterkt áklæði. 100% pólýester.
3ja sæta sófi. L240 cm. Verð 199.900,- **NÚ 99.900,-**
2½ sæta sófi. L220 cm. Verð 149.900,- **NÚ 89.900,-**

ILVA jazz blues

Lifandi tónlist á ILVA kaffi helgina 13.-14. febrúar.

Tónlistarmennirnir Róbert Þórhallsson á bassa og Ásgeir J. Ásgeirsson á gítar koma og spila laugardag og sunnudag milli kl. 15:00 og 16:00

ILVA kaffi

Bolluveisla alla helgina

Bolla og kaffi/djús
kr. **195,-**

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8 s: 522 4500
lau. 10-18 sun. 12-18 mán. - fös. 11-18:30 www.ILVA.is

Skipulag er samstarf

UMRÆÐAN
Svandís Svavarsdóttir skrifar um skipulagstillögur við Þjórsá

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Þegar ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar tók við fyrir ári var ljóst að eitt stærsta verkefnið sem fyrir höndum lá var allsherjar siðbót íslenskra stjórnmála. Undanfarið hef ég í starfi mínu sem umhverfisráðherra orðið óþyrmilega vör við nauðsyn þessa, og það hversu fyrri ríkisstjórnir hafa haft óbein áhrif á hugarfar fólks.

Nýverið synjaði ég tveimur skipulagstillögum staðfestingar, þar sem upplýst var að vinna við skipulagsgerðina var ekki í samræmi við skipulags- og byggingarlög. Þessi ákvörðun hefur vakið hörð viðbrögð, sem vekur mann til umhugsunar. Umræðan snýst að mínu mati ekki um það hvort lögin hafi verið brotin, þar sem gagnrýnin hefur ekki beinst að því að þessi ákvörðun hafi verið ólögmæt í sjálfu sér. Viðbrögðin hafa frekar orðið vegna þess að ákvörðun snýr að fjármunum og þeirri grundvallarspurningu hvort rétt sé að greiðsla kostnaðar við gerð stefnumótandi ákvarðana eins og skipulagsáætlana eigi að greiðast úr opinberum sjóðum eða af einkaaðilum.

Þetta er stór siðferðisspurning sem þarf að svara og hún snýr m.a. að því hvort rétt sé að einkaaðilar eigi með einhverjum hætti að koma að þeirri stefnumótun. Mikilvægt væri að fá fram umræðu um þetta málefni enda sýnir reynslan okkur að opin umræða um siðferði í stjórnsýslu hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum er nauðsynleg.

Er jafnræði að miða við úrelt vinnulag?

Ákvörðun umhverfisráðuneytisins að synja skipulagstillögum við neðri Þjórsá staðfestingar var tekin eftir vandlega skoðun skipulagslaga. Þar þótti ljóst að fé til skipulagsgerðar vegna aðalskipulags má aðeins koma frá sveitarfélögunum sjálfum eða ríkinu, í gegnum Skipulagssjóð. Svo var ekki á Þjórsárbökkum, heldur var vinnan fjármögnuð af væntanlegum framkvæmdaraðila. Þetta er sagt vera alvanalegt vinnulag, en er í raun enn eitt dæmið um ósiði sem fyrri ríkisstjórnir hafa vanið þjóðina á.

Vinnan við skipulag Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps var tekin til skoðunar hjá tveimur ráðuneytum, hvað varðar réttmæti þess að framkvæmdaraðili greiði fyrir gerð skipulags. Á vissan hátt má segja að úrskurður samgönguráðuneytisins hafi verið prófmál á valdheimildir sveitarfélaga. Þar sem samgönguráðuneytið hefur yfirumsjón með sveitarstjórnarmálefnum hlýtur úrskurðurinn að vera markandi – og var meðal þess sem umhverfisráðuneytið leit til við ákvörðun sína í málinu.

Niðurstaðan var skýr. Vera

Nýverið synjaði ég tveimur skipulagstillögum staðfestingar, þar sem upplýst var að vinna við skipulagsgerðina var ekki í samræmi við skipulags- og byggingarlög.

má að hefð sé fyrir því að framkvæmdaraðilar greiði fyrir skipulagsvinnu, en fyrir því er ekki lagastoð. Þó sumir segi jafnræðisreglu brotna við synjun á skipulagstillögunum, þá er það ekki réttur skilningur á þeirri reglu enda snýst hún ekki um að viðhalda úreltum vinnubrögðum. Innsta kjarnakornið er hvort við fylgjum lögum og reglum, eða hvort við gerum það ekki. Ég kýs að fylgja lögum.

Skipulag er samvinnuverkefni

Ég hef mikinn skilning á þeim áhyggjum sem sveitarstjórnarmenn hafa í kjölfar úrskurðar samgönguráðherra og synjunar umhverfisráðherra. Þær áhyggjur mega samt ekki fara að hverfast um það að ríki og sveitarfélög séu andstæðingar í skipulagsmálum – því við erum þvert á móti í sama liði þegar kemur að gerð og samþykkt skipulags.

Skipulagsmál eru dæmi um verkefni sem ríki og sveitarfélög axla sameiginlega. Sveitarfélögum ber að vinna skipulagsgerðina sjálfa, en samþykkt skipulagsins er verkefni umhverfisráðherra. Í skipulagslögum er kveðið á um skiptingu kostnaðar, svo ríkið leggi ekki ósanngjarnar byrðar á sveitarfélögin. Þar er Skipulagssjóður hugsaður sem varasjóður, sem hentar sérstaklega vel þegar smærri sveitarfélög þurfa aðstoð við gerð stærri skipulagstillagna.

Mér sýnist full þörf á að skerpa á úthlutunarreglum Skipulagssjóðs, þannig að sveitarfélögum finnist þau ekki þurfa að leita annað eftir fjárstuðningi. Lausn á fjármögnunarvanda sveitarfélaga felst ekki í að leyfa einkaaðilum að styrkja skipulagsgerð beint, enda er þá hætta á því að fyrirtæki gætu þannig keypt sér skipulag. Miklu fremur ætti að styrkja Skipulagssjóð í sessi og láta hann hafa milligöngu um alla fjárstyrki til skipulagsgerðar. Áhyggjum sveitarstjórnarmanna verður vonandi svarað í frumvarpi til nýrra skipulagslaga, sem senn verður lagt fram á þingi.

Ég get fullvissað sveitarstjórnarmenn um að ríkið mun hér eftir sem hingað til gera sitt til að létta undir með skipulagsgerðinni. Það þarf að gera á þann hátt að skipulagsgerðin sé hafin yfir allan vafa og unnin í sem bestri sátt við alla hlutaðeigandi, því skipulagsmál snúast um hagsmuni landsmanna allra – ekki persónur þeirra sem sitja í sveitarstjórnum eða í stóli umhverfisráðherra.

Höfundur er umhverfisráðherra.

Viðskiptaráð tali skýrar

UMRÆÐAN
Elín Björg Jónsdóttir skrifar um atvinnuleysi

ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

Atvinnuleysi er mikil ógæfa fyrir hvern þann einstakling sem lendir í slíku. Gildir að sjálfsögðu einu hvort viðkomandi hefur unnið á almennum vinnumarkaði, hjá ríki eða sveitarfélögum. Mestur hefur samdrátturinn verið í byggingariðnaði og tengdum greinum. Þar var mikil þensla á árunum fyrir bankahrun. En þegar kreppan skall á af fullum þunga létu afleiðingarnar ekki á sér standa. Hlutskipti þúsunda fólks varð og er enn atvinnuleysi.

Hvers konar réttlæti?

Frosti Ólafsson, aðstoðarforstjóri Viðskiptaráðs, kveður sér nú hljóðs um atvinnuleysið og það ranglæti sem hann telur sig sjá í þeim efnum. Hann segir að „mikið ójafnvægi hafi myndast á milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera“. Aðeins einn af hverjum tíu sem misst hafi vinnuna hafi starfað hjá ríkinu.

Frosti lýsir þeirri niðurstöðu Viðskiptaráðs að til að fullnægja réttlætinu þurfi að vera eitthvert jafnvægi á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins hvað þessi mál áhrærir. Þannig hafi þensla verið umtalsverð hjá hinu opinbera á liðnum árum og er svo að skilja að eðlilegt sé að þar verði samsvarandi samdráttur og til dæmis í byggingariðnaði. Með svona málflutningi mætti ætla að Viðskiptaráð kalli nú eftir meira atvinnuleysi en orðið er til að auka á jöfnuð milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera.

Mikið vinnuálag

Hjá hinu opinbera gegnir öðru máli á krepputímum en á almennum vinnumarkaði því eftir sem áður eru samfélagsleg verkefni fyrir hendi. Krafa Viðskiptaráðs um samdrátt hjá ríki og sveitarfélögum kallar því á nánari skýringar frá aðstoðarforstjóra Viðskiptaráðs. Hvað nákvæmlega er hann að fara? Telur hann að þörf sé á því að fækka fólki í skólum, á sjúkrahúsum, á dvalarheimilum fyrir aldraða, í þjónustu við fatlaða, í löggæslunni og þannig má áfram telja? Ég fullyrði að hvergi er ofmannað á þessum vettvangi. Þvert á móti er vinnuálagið víða of mikið. Þannig er ekki rétt að bera saman samdrátt á einum stað við samdrátt á öðrum án nánari skýringa.

Með svona málflutningi mætti ætla að Viðskiptaráð kalli nú eftir meira atvinnuleysi en orðið er til að auka á jöfnuð milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera.

Það er svo önnur saga hvort hægt er að draga úr útgjöldum hjá hinu opinbera. Þar má eflaust spara víða. Það er hins vegar vægast sagt vafasöm hugsun hjá talsmönnum Viðskiptaráðs að líta á það sem bjargráð og réttlæti að fækka vinnandi höndum í almannaþjónustunni.

Uppsagnir

Því miður bendir margt til þess að uppsögnum fari fjölgandi á velferðarstofnunum. Það þýðir aukið atvinnuleysi á meðal kvenna og það sem ekki síður þarf að hafa áhyggjur af, þetta þýðir aukið álag og þar með skerta þjónustu fyrir allt það fólk sem þarf á aðstoð velferðarkerfisins að halda.

Umræða um atvinnumál er viðkvæm í eðli sínu. Hún krefst yfirvegunar og tala þarf skýrt. Ég leyfi mér að mælast til þess við Viðskiptaráðið að það tileinki sér skýrari málflutning, ekki síst þegar farið er fram með þá alvarlegu kröfu að fækka störfum innan almannaþjónustunnar.

Höfundur er formaður BSRB.

Ókeypis námskeið um fjármál fjölskyldunnar

Íslandsbanki og Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík bjóða námskeið um fjármál fjölskyldunnar sem eru ókeypis og opin öllum. Næsta námskeið verður haldið 15. febrúar kl. 17-20 í húsakynnum Háskólans í Reykjavík.

Nánari upplýsingar og skráning fer fram á islandsbanki.is eða í sima 599 6316.

OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSI / SÍA 09-2002

Búðarhálsvirkjun

UMRÆÐAN
Karl Ingimarsson skrifar um almenningshlutafélag um Búðarhálsvirkjun

Mikið er skrifað og talað um að ekki fáist erlent lán til að fjármagna Búðarhálsvirkjun nema á okurvöxtum. Einnig hvort heppilegt sé að erlendir fjárfestar eða lífeyrissjóðir eigi hlut í virkjuninni á móti Landsvirkjun.

Á sama tíma eru bankarnir fullir af peningum og eigendurna vantar tækifæri til að nota þá. Búðarhálsvirkjun er einmitt verkefni fyrir þessar íslensku krónur. Af hverju er ekki stofnað almenningshlutafélag um hlut í virkjuninni? Ég er viss um að margir íslenskir fjármagnseigendur sem þora ekki að fjárfesta í almennum atvinnurekstri eru tilbúnir að leggja hlutafé í virkjun sem búið er að selja afurðina frá langt fram í tímann.

Þannig gerum við margt í einu, hjálpum atvinnulífinu, notum íslensku krónurnar, minnkum skuldasöfnun Landsvirkjunar og höldum íslensku vatnsafli í eigu Íslendinga.

Sl. haust var sagt frá því í fjölmiðlum að innistæður í bönkunum væru 2.000 milljarðar. Heildarkostnaður við Búðarhálsvirkjun er áætlaður um 26,5 milljarðar króna á verðlagi í janúar 2010, án fjármagnskostnaðar og virðisaukaskatts. Þetta er örlítið brot af þeim fjármunum sem liggja í bönkunum og ég trúi því að íslendingar vilji taka þátt í þessu verkefni.

Höfundur er rafmagnstæknifræðingur.

„Gaman að þvælast um borgina með eiginmanninum og detta inn á spennandi safn.“

Vigdís Sveinsdóttir.
Uppáhaldsborgin hennar er Boston.

Boston frá 29.580 kr.*

Vigdís nýtur þess að borða á Tapeo, skemmtilegasta tapas-staðnum í Boston. Annars finnst henni mest gaman að þvælast um stræti borgarinnar. Charles Street og Cambridge eru í sérstaklega miklu uppáhaldi hjá henni.

Vigdís tók þátt í borgarleik Icelandair á vefnum. Þú getur tekið þátt í borgarleiknum líka. Farðu inn á icelandair.is og segðu okkur frá því hvaða borg er eftirlætið þitt. Þú gætir unnið ferð þangað með Icelandair.

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

+ **Bókaðu flug á www.icelandair.is**

ICELANDAIR

*Flug aðra leiðina með sköttum. Fyrir flug aðra leiðina til Boston fást 525 til 5.600 Vildarpunktar.

Langtímahagsmunir í forgang

Nýr gjaldmiðill er forsenda þess að íslenskt efnahagslíf verði endurreist og að fólk geti notið lífskjara til jafns við það sem gerist í nágrannaríkjunum. Þetta er skoðun **Árna Páls Árnasonar** félagsmálaráðherra. *Björn Þór Sigbjörnsson* ræðir við hann um nýtt og betra samfélag, skyldur banka og atvinnumálin. Árni Páll segir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi markvisst veikt velferðarkerfið.

„Hér var uppbyggingu velferðarkerfisins illa sinnt í góðærinu," segir Árni Páll sem hefur setið í embætti í rúma níu mánuði. „Sú samfélagstilraun hófst þegar Sjálfstæðisflokkurinn komst til valda 1991 og varð fjárhagslega og siðferðilega gjaldþrota 2007. Hún fólst í að vinna að því á öllum vígstöðvum að veikja samhjálp, samstöðu og velferð fyrir alla um leið og búið var í haginn fyrir ábyrgðarlaus forréttindi og auðsöfnun fárra," segir hann.

Máli sínu til stuðnings tekur hann dæmi af vanda ungs fólks án atvinnu en nú er unnið að því að skapa 2.400 pláss til að koma fólki í þeim hópi til virkni og aðgerða, eins og það er orðað.

„Þorri þessara krakka er búinn að vera atvinnulaus mjög lengi. Þetta vandamál varð ekki til núna. Það er afsprengi þess að menntakerfið sinnti ekki þörfum þeirra. Þau náðu ekki að fóta sig í framhaldsskólakerfinu og völsuðu úr einni illa launaðri og réttindalítilli vinnunni í aðra. Hér var gert mjög vel við þá sem vildu fara í gegnum háskólana en á sama tíma var þrengt að aðgangi að framhaldsskólum. Það er fráleitt að menn geti fengið ókeypis háskólagráður að vild, fimm eða fleiri, á sama tíma og fólk er hrakið út úr framhaldsskólunum ef það nær ekki að falla inn í það þrönga form sem þar er áskilið og skilar ekki námsárangri fljótt. Það er ekkert annað en glæpsamlegur skortur á fjárfestingu í fólki að gefa því ekki tækifæri til að nýta hæfileika sína, sjálfu sér og samfélaginu til góðs."

Árni Páll segir að við endurskipulagningu samfélagsins verði sú breyting að langtímahagsmunir fólks verði í forgrunni. „Hér hefur verið lögð áhersla á efnahagsuppsveiflur sem skila stundarárangri og lítt hugað að afleiðingum niðursveiflnanna sem alltaf koma. Þær eru miklu dýrari heldur en ávinningurinn af uppsveiflunni. Nú þarf að taka með í reikninginn sjónarmið velferðarþjónustunnar því hún ber kostnaðinn þegar illa fer."

EKKI NÓGU BEITT Árni Páll segir flokk sinn ekki hafa verið nógu beittan í málflutningi en pólitíska stefnan sé skýr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spuni, staða og horfur

Atvinnuleysið er í óþekktum hæðum. Um fimmtán þúsund manns eru án vinnu en málefni þeirra heyra undir félagsmálaráðuneytið.

Ríkisstjórnin hefur verið harðlega gagnrýnd úr öllum áttum fyrir að draga lappirnar í atvinnusköpun. Af hverju hafið þið ekkert gert til að skapa varanleg störf?

„Forsenda þess að hér verði sköpuð varanleg störf er sú að einhverjir vilji fjárfesta og að þeir fái lánafyrirgreiðslu. Eins og staðan er núna er ekki um auðugan garð að gresja í þeim efnum en vonandi breytist það með lausn á Icesave. En þá er eftir íslenska krónan sem hingað til hefur dugað til að halda erlendri fjárfestingu og uppbyggingu frá landinu ef frá eru talin álver sem ráðist er í fyrir milligöngu ríkisins og eru í raun svo stórar framkvæmdir að þeim fylgir eigið hagkerfi."

Þetta vefst ekki fyrir atvinnulífinu sem segir stranda á stjórnvöldum. Ákvarðanir umhverfisráðherra eru þar helst nefndar og ákvarðanafælni annarra ráðherra líka.

„Það er heppilegur spuni en fyrir honum er engin innistæða. Það er búið að ganga frá Suðvesturlínumálinu sem tafði ekki nokkurn skapaðan hlut þrátt fyrir úrskurð ráðherra. Og það er ekki ein einasta framkvæmd að fara af stað í neðrihluta Þjórsár og úrskurður þar um hefur því heldur engin áhrif á framkvæmdahraða. Það er mikilvægt að gera sér ekki heldur óraunhæfar væntingar. Sá byggingamarkaður sem hér var fyrir hrun verður aldrei endurreistur. Hann var ósjálfbær, byggði á gullgrafaraæði sem rann á gíruga verktaka og taumlausri erlendri lántöku. Auðvitað verður áfram byggt og framkvæmt en vonandi aldrei með sama hætti og var. Ríkissjóður er háður mjög stífum aðhaldskröfum og getur ekki ráðist í stórar samgönguframkvæmdir, svo dæmi sé nefnt, þótt það væri æskilegt. En það má ekki gleymast að við erum að vinna að því að finna leiðir til framkvæmda með lífeyrissjóðunum."

Árni Páll minnir líka á að á vegum félagsmálaráðuneytisins eru uppi áætlanir um alls níu milljarða króna uppbyggingu hjúkrunarheimila vítt og breitt um landið sem munu skapa 1.200 ársverk á næstu misserum. Það muni ekki síst koma sér vel í dreifðari byggðum þar sem atvinnuástand er víða bágborið. Þá séu jafnframt í bígerð áætlanir til að auðvelda Íbúðalánasjóði lánveitingar til breytinga og endurbóta á húsnæði.

En hvernig metur þú horfurnar í atvinnumálum?

„Ég held að við munum þurfa að þola talsvert atvinnuleysi um einhvern tíma. Það er óraunsætt að við sjáum aftur atvinnuleysi upp á 1-2 prósent, enda byggði það á ósjálfbærri skuldsetningu og ofþenslu.

Ég á hins vegar von á að atvinnuástandið fari að batna á seinni hluta ársins. Gangi það eftir fylgja því miklar breytingar. Við borgum nú tvo milljarða króna á mánuði í atvinnuleysisbætur og þegar sá reikningur fer að lækka skapast aukið svigrúm til að vinna í þágu þeirra sem hafa lengst verið atvinnulausir og þurfa mestan stuðning við að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Fækkun atvinnulausra fylgir líka aukning skatttekna í ríkissjóð. Þar munar um hvert prósent."

> Talsmenn krónunnar þurfa að svara því hvort þeir séu til langframa talsmenn þess að við séum hálfdrættingar í lánum á við nágrannaríki okkar.

Krónan er stóra vandamálið

Sautján mánuðir eru liðnir frá því að bankarnir hrundu með látum. Þá þegar hafði gengi íslensku krónunnar fallið talsvert og átti enn eftir að falla. Árni Páll segir að fjárhagslegt tjón vegna bankahrunsins hafi enn ekki komið fram í útgjöldum almennings.

„Við erum ekki byrjuð að bera kostnað vegna bankahrunsins heldur bara af gengisfallinu. Hrun krónunnar er eina ástæðan fyrir því hvernig komið er fyrir skuldum heimilanna. Það er hollt að muna þegar menn dásama íslensku krónuna. Það kemur að því síðar að við þurfum í gegnum skattkerfið að borga ríkisskuldir sem eru til dæmis tilkomnar vegna þeirrar miklu stjórnsnilli í Seðlabankanum að lána bönkum út á engin veð. Þann reikning borgum við á lengri tíma og svo Icesave og fleira."

Árni Páll er þeirrar skoðunar að skipta verði um gjaldmiðil hið fyrsta enda fullreynt með krónuna. Hún hafi enda kostað íslenska þjóð háar fjárhæðir í gegnum árin.

„Við reisum ekkert efnahagslíf á ný á þessum grunni," segir hann og gefur lítið fyrir tal manna um aðlögunarhæfni krónunnar og hve heppileg hún sé nú um stundir, útflutningsins vegna.

„Hér er ekki um neinn varanlegan ávinning að ræða. Sóknarfæri okkar núna eru vegna þess að hér er launakostnaður orðinn helmingur á við það sem hann er í nágrannalöndunum. Talsmenn krónunnar þurfa að svara því hvort þeir séu til langframa talsmenn þess að við séum hálfdrættingar í launum á við nágranna okkar. Auðvitað er verkefni okkar að byggja efnahagsumgjörð sem gerir okkur kleift að standa undir sömu launum og lífskjörum og eru í nágrannalöndunum."

Óábyrgir útgerðarmenn

Árni Páll rifjar upp að fyrir ári voru gjaldmiðilsmálin ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni; allir hafi þá verið sammála um nauðsyn þess að finna lausn á því vandamáli sem krónan væri. Nú verði aftur að setja það mál í forgrunn.

„Við getum ekki velt vöngum yfir þessu mikið lengur og þurfum að gera að forgangsmáli í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið að komast inn að evrunni sem allra, allra fyrst. Það er alrangt sem haldið hefur verið fram að evran sé rót efnahagsvandans í þeim evruríkjum sem hafa farið illa út úr kreppunni. Þvert á móti hefur evran afstýrt því að verr færi. Hitt vitum við að íslenska krónan er afskaplega vinsæl hjá gömlu útgerðinni. LÍÚ heldur dauðahaldi í þennan bjargvætt sem er núna búinn að skera útgerðina niður úr snöru afleiðinga ofurskuldsetningar. Þessir menn hafa hegðað sér eins og spilafífl og apakettir út um allar koppagrundir og veðsett fyrirtækin upp í rjáfur til að fjármagna óskylt brask. Íslenska krónan kemur þeim hins vegar alltaf á þurrt af því að almenningur í landinu borgar á endanum alltaf með gengisfellingum fyrir mistök þeirra. Kjaraskerðing okkar er bjarghringur þeirra."

Það var einmitt það. En Árni Páll vill ekki bara taka krónuna af útgerðinni, hann vill líka svipta hana kvótanum. Fyrningarleiðin er jú á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Að auki vill hann í ESB sem er sem eitur í beinum útgerðarmannanna.

„Um krónuna er það að segja að meta verður hagsmuni samfélagsins alls og það er staðreynd að hún leggur óásættanlegar ofurbyrðar á almenning og kemur í veg fyrir efnahagslega uppbyggingu og erlenda fjárfestingu.

Það er enginn vandi að finna útfærslu á fyrningu sem samrýmist hagsmunum vel rekinnar útgerðar. Sönguinn um að fyrning sé aðför að greininni er falskur. Öll efnisleg eign sem keypt er fyrnist samkvæmt skattalögum og enginn vandi að útfæra sambærileg viðmið um kvótann."

ESB-aðild tryggir bætt lífskjör

Mér finnst Samfylkingin ekki hafa talað mikið um pólitík að undanförnu. Það er eins og þið bíðið bara eftir að Ísland verði komið í ESB og að þá lagist allt.

„Ásýndin er kannski sú og það kemur ekki á óvart, menn eru að vinna sig í gegnum erfið verk. En ég held að það sé mikilvægt að nálgast öll verkefni út frá okkar pólitísku sýn. Það er réttmæt gagnrýni að við höfum ekki verið nógu beitt í málflutningi en sýn okkar er alveg skýr og við sitjum ekki með krosslagðar hendur. Við viljum eitt samfélag fyrir alla í staðinn fyrir hrundu samfélagstilraunina sem snerist um að auka auð fárra á kostnað hinna mörgu. Ofan af því erum við að vinda. Við viljum varanlega verðmætasköpun og trausta velferð í þágu allra, ekki bólur fyrir fáa."

Er ekki ábyrgðarleysi að horfa jafn stíft á ESB-aðild og þú gerir þegar nákvæmlega ekkert er fast í hendi um að af henni verði? Samningur þar um verður kannski kolfelldur og hvað gerum við þá?

„Þá verðum við að reyna að takast á við það flókna verkefni að tryggja sambærileg lífskjör og í öðrum löndum án hinnar nauðsynlegu forsendu sem er stöðugur gjaldmiðill.

Þess vegna er að sama skapi ábyrgðarleysi að segja ekki frá því hvað gerist ef ekki verður af aðild. Það er bæði gömul saga og ný og

þekkt í öllum löndum að efnahagslegur óstöðugleiki með gengisfellingum og verðbólgu hittir verst fyrir þá sem eru á lægstu launum og lífeyrisþega. Traustur og stöðugur gjaldmiðill og lág verðbólga er stærsti lífskjaraávinningur sem hægt er að hugsa sér. Þetta fæst með aðild að Evrópusambandinu."

Bankarnir beri tjónið

Frá þessu víkur sagan að skuldum heimilanna. Margir eru að kikna undan þeim. Sumir hafa þegar kiknað. Fólk bendir á stjórnvöld, stjórnvöld benda á bankana og bankarnir benda bara út í loftið. Hvað ætlarðu að gera í málinu?

„Bankarnir verða að bera þessar byrðar, því við eigum ekki að ríkisvæða kostnaðinn af hruninu. Þegar hefur verið tryggt greiðslujöfnunarúrræði með löggjöf sem gerir öllum þorra fólks kleift að standa í skilum. Það fólk sem var í lagi fyrir hrun á því að vera í lagi eftir hrun. En svo eru hinir sem hafa viðkvæmari tekjugrunn eða hafa jafnvel misst vinnuna, þeir sem voru að kaupa á allra óheppilegasta tíma og eins þeir sem tefldu á tæpasta vað í skuldsetningu. Í þeim tilvikum verðum við að ætla bönkunum að færa skuldirnar niður í það sem greiðslugeta og veðrými standa undir. Þeir sem fóru offari og skulda mjög mikið eiga að fá sömu meðferð gegn því að minnka við sig og draga saman í einkaneyslu. Þeir þurfa þá að vera í hóflegu húsnæði, á einum bíl og selja aðrar eignir eins og sumarbústaði og snjósleða og hvaðeina."

Árni Páll segir mikilvægt að bankarnir vinni hratt að þessum málum, af því sé samfélagslegur ávinningur. Það sé engum til góðs að halda óraunhæfum kröfum að fólki.

„Við eigum að gefa fólki færi á að byrja upp á nýtt. Hingað til höfum við rekið fólk í gjaldþrot og bankar og aðrir kröfuhafar hafa elst við það í áratugi og þannig þvingað það ofan í neðanjarðarhagkerfi þar sem það greiðir ekki skatta og verður annars flokks borgarar í eigin landi. Af þessu er gríðarlegur samfélagslegur og mannlegur kostnaður. Það er ekki eðlilegt að þú þurfir að taka út lengri refsingu fyrir að fara offari í fjármálum en fyrir stórfelldan þjófnað. Engin rök eru fyrir því."

Sagan segir okkur að íslensk þjóð læri ekki svo glatt af mistökum. Er ekki hætt við að bankarnir verði komnir í gamla farið innan fárra missera og hegði sér óábyrgt í von um gróða?

„Auðvitað er hætta á því og þess vegna er mikilvægt að setja þeim strangar reglur. Stærsti hluti starfsemi bankanna var að lána fyrir skuldsettum yfirtökum. Viðskiptasnillingarnir okkar tóku fyrirtæki, gróin og góð fyrirtæki, fundu í þeim dulda eign, bútuðu þau sundur og komu í verð. Í þessu fólst engin verðmætasköpun og takmarkaður samfélagslegur ávinningur.

Svona snúningar verða ekki leyfilegir nema eftir mjög stífum reglum samkvæmt nýju frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra um fjármálafyrirtæki. Við þurfum líka að taka á launakerfi bankanna sem var út úr öllu korti og beinlínis hvatti menn til að taka mikla áhættu og vanrækja langtímasjónarmið.

Við sjáum nú að skortur á reglum leiddi til verra bankakerfis og minni verðmætasköpunar en ella hefði verið. Stífari reglur hefðu skilað meiri hagsæld – ekki minni."

Aldrei einn sannleikur

Von er á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið á næstu vikum. Mörður Árnason, flokksbróðir Árna Páls, velti því upp í viku nni hvort Samfylkingin þyrfti ekki upp á eigin spýtur að rannsaka sinn þátt í hruninu.

„Við höfum rætt mikið um hrunið í okkar hópi en ég tel að þessi atburðarás öll muni skýrast með rannsóknarskýrslunni og þá munum við auðvitað ræða hana eins og aðrir í samfélaginu. Þá mun vonandi líka skýrast margt um ábyrgð einstaklinga. Ég held að við höfum misst af sögulegu tækifæri með því að hafa ekki yfirheyrslur nefndarinnar opnar. Ég held að ástandið í samfélaginu, traust fólks, skilningur á atburðarásinni og skilningur á hvers vegna við erum í þeirri stöðu sem við erum í væri með öðrum hætti ef við hefðum treyst okkur til að vinna þetta eins og alvöru þjóð fyrir opnum tjöldum, með opnar yfirheyrslur. Það voru að mínu mati sorgleg mistök. Ég lagði þetta ítrekað til í þingræðum og í greinum strax eftir hrunið en varð ekki var við miklar undirtektir."

En býstu við að útgáfa skýrslunnar hafi einhverja sérstaka þýðingu?

„Hún hjálpar allavega vonandi við að greiða úr aðstæðum og auka skilning okkar á atburðum. Við verðum hins vegar að hafa í huga að sannleikurinn er aldrei einn og það á enginn einkarétt á sannleikanum. Jafnvel ekki vel skipuð nefnd. Þess vegna hefði verið gagnlegt að hafa opnar yfirheyrslur því þær veita öllum sama aðgang að upplýsingum á sama tíma og menn eru því frjálsir að því að móta sér sínar eigin skoðanir."

Skýr markmið í málefnum ungs fólks án atvinnu

Ungt fólk til athafna er yfirskrift verkefnis félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem miðar að því að greiða úr vanda ungmenna sem hvorki eru í námi né vinnu.

Markmiðið er að enginn verði atvinnulaus lengur en í þrjá mánuði án þess að bjóðast vinna eða önnur úrræði sem felast í virkni í samfélaginu. Skal þessu markmiði náð gagnvart fólki yngra en 25 ára fyrir 1. apríl og 1. september fyrir aðra.

Vinnumálastofnun annast framkvæmdina í samstarfi við stéttarfélög, fyrirtæki og sveitarfélög.

Fimm leiðir, sem samtals mynda 2.400 ný starfs- eða námstækifæri fyrir ungt fólk hafa verið settar upp.

- Allt að 450 ný námstækifæri í framhaldsskólum.
- Allt að 700 ný námstækifæri á vegum símenntunarstöðva og til aðfararnáms að frumgreinadeildum.
- Allt að 450 ný starfsþjálfunarpláss og störf við átaksverkefni á vegum félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra.
- Allt að 400 ný sjálfboðastörf.
- Allt að 400 ný pláss á vinnustofum ásamt endurhæfingar- og meðferðarúrræðum.

MEÐ UNGA FÓLKINU Árni Páll ræddi við ungt fólk í atvinnuleit á þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurlandsbraut í vikunni.

ENNEMM / SÍA / NM41013

Fjórar góðar leiðir til ávöxtunar

Landsbankinn býður upp á fjóra skuldabréfasjóði sem fjárfesta nær eingöngu í ríkistryggðum skuldabréfum. Sjóðirnir henta vel til reglubundins sparnaðar og hafa á síðustu mánuðum skilað betri ávöxtun en almennir innlánsreikningar. Einfalt er að kaupa og selja í sjóðunum og njóta viðskiptavinir þess að enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift.

Sjóðirnir hafa sömu fjárfestingarstefnu en mismikla vaxtaáhættu. Skuldabréf og aðrar kröfur með ábyrgð íslenska ríkisins nema 90-100% af heildareignum sjóðanna en innlán á bilinu 0-10%.

Reiðubréf ríkistryggð

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn ríkisvíxla og stuttra skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 0-1 ár og er vaxtaáhætta því lítil í sjóðnum.

Innlán: 2,6%*
Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvíxlar: 97,4%*

Sparibréf stutt

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn stuttra skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 1-4 ár en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skuldabréfa sjóðs er lengri.

Innlán: 2%*
Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvíxlar: 98%*

Sparibréf meðallöng

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 4-7 ár en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skuldabréfa sjóðs er lengri.

Innlán: 0,3%*
Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvíxlar: 99,7%*

Sparibréf löng

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 7 ár eða meira, en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skuldabréfa sjóðs er lengri.

Innlán: 1,5%*
Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvíxlar: 98,5%*

Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbankans eru verðbréfasjóðir samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Vörslufélag sjóðanna er Landsbankinn. Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. Gengi hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum getur bæði hækkað og lækkað. Nánari upplýsingar um sjóðina má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna sem finna má á heimasíðu Landsbankans www.landsbankinn.is eða heimasíðu rekstrarfélagsins www.landsvaki.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna áður en fjárfest er í þeim, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um þá áhættu sem felst í fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða.

*Samsetning sjóðanna 01.02.2010

Kynntu þér kostina

Komdu við í næsta útibúi Landsbankans eða hafðu samband við Fjármálaráðgjöf Landsbankans sem veitir upplýsingar og aðstoð við fjárfestingar í innlánum, verðbréfasjóðum og öðrum fjárfestingarleiðum í síma 410 4040.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐIR | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

Hundruð milljóna í spilunum

Þrýst er á stjórnvöld að lögleiða rekstur spilavíta. Þrátt fyrir að fjárhættuspil sé ólöglegt á Íslandi er það stundað víða fyrir opnum tjöldum. Spilarar skipta þúsundum og háar fjárhæðir skipta um hendur. ***Stígur Helgason*** kynnti sér fjárhættuspil á Íslandi.

Fjárhættuspil hefur lengi verið stundað á Íslandi. Fyrir utan opinberu happdrættin, spilakassana og Lottóið voru hér um árabil starfrækt ólögleg neðanjarðarspilavíti þar sem spilaglöðum bauðst að hætta fé í ýmsum klassískum veðleikjum. Eftir tilkomu pókerspils á Netinu hafa vinsældir þess gamalkunna leiks aukist svo um munar, pókerklúbbar hafa sprottið upp hver á fætur öðrum, og nú er svo komið að stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, Icelandair, vill fá að opna hér spilavíti í fullri stærð að erlendri fyrirmynd í félagi við tvíburabræðurna Arnar og Bjarka Gunnlaugsson.

Gömlu spilavítin fluttust til

Ein af röksemdunum sem notaðar eru fyrir því að ákjósanlegt væri að starfrækja hér löglegt spilavíti er sú að með því myndu aðrir klúbbar, sem starfa á mörkum laganna, leggjast af og spilamennskan færast upp á yfirborðið. Er vísað til reynslu Dana í því sambandi.

Á tíunda áratug síðustu aldar og framan af fyrsta áratug þessarar aldar var alkunna að í höfuðborginni væru starfrækt nokkur spilavíti. Þar var jafnan boðið upp á rúllettuspil, póker og spilið 21. Spilavítin fóru lágt og fluttust til en yfirleitt voru þrjú til fimm starfandi á hverjum tíma.

Lögregla hafði horn í síðu þessara klúbba, enda tóku eigendurnir nokkurra prósenta þóknun af öllu vinningsfé. Það er bannað með lögum. Þá voru einnig uppi sögur um að kúnnar sem spiluðu rassinn úr buxunum gætu slegið lán hjá klúbbunum til að spila áfram. Margir hefðu farið flatt á slíkum skuldum, sem eðli málsins samkvæmt hafi ekki alltaf verið innheimtar með lögmætum hætti.

Fram kom í heimildarmynd um spilafíkn á Íslandi sem sýnd var í sjónvarpinu árið 2003 að í einu spilavíti í bænum hafi á tímabili starfað tíu manns, og þar hafi einstaklingur mest tapað tveimur milljónum á einu kvöldi.

Pókerinn tekinn yfir

Á síðustu árum hafa vinsældir pókers rokið upp úr öllu valdi. Það má ekki síst rekja til spilamennsku á Netinu á þar til gerðum vefsíðum, sem hafa orðið æ fleirum aðgengilegar undanfarin ár, en einnig til tiltekinnar gerðar pókers, sem kölluð er Texas Hold'em, og er orðin æði algengt sjónvarpsefni víða um heim.

Vinsældir pókers eru orðnar slíkar að hér á landi hefur hann rutt öðrum gerðum fjárhættuspila úr vegi, að þeim opinberu undanskildum. Neðanjarðarspilavíti með rúllettuborðum hafa samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ekki staðið til boða í um tvö ár. Pókerinn hefur lagt undir sig markaðinn.

Um þessar mundir eru starfandi nokkrir klúbbar, flestir á höfuðborgarsvæðinu og einn í Reykjanesbæ, þar sem reglulega er spilaður póker. Þeir eru misstórir og misvinsælir, og bjóða misreglulega upp á póker. Sumir eru feikilega mikið sóttir og opnir svo gott sem öll kvöld, líkt og Gullöldin í Grafarvogi, en á öðrum, til dæmis Balthazar við Hafnarstræti, eru spilakvöldin öllu stopulli.

Þá er það einnig þekkt að hópar taki sig saman og myndi félög, sem síðan standa reglulega fyrir leikjakvöldum á ýmsum skemmtistöðum. Þá er ónefnt það form sem líkast til er vinsælast allra; óformlegt pókerspil í heimahúsum upp á peninga.

Spilað fyrir milljónir á klúbbunum

Í pókerklúbbunum geta háar fjárhæðir skipt um hendur á skömmum tíma – jafnvel milljónir. Oftast er þó spilað með smærri upphæðir. Algengt er að menn leggi til fimm til fimmtán þúsund krónur við upphaf spils og geti síðan keypt sig inn aftur. Reglurnar og spilaformið er þó ólíkt milli leikja.

Klúbbarnir eru líka ólíkir. Á klúbbnum Casa við Aðalstræti spila þeir gjarnan sem hafa töluvert fé á milli handanna. Þar geta pottar orðið stórir, og algengt er að sigurvegarinn gangi af velli með fleiri hundruð þúsund krónur eftir eina kvöldstund, jafnvel milljónir. Á stærri og alþýðlegri stöðum, eins og til dæmis Gullöldinni, geta óreyndari spilarar spreytt sig með lægri upphæðir innan um fagmennina.

Fullyrt er að í sumum klúbbanna sem nú eru starfræktir sé innheimt ólögleg þóknun af vinningsfé, auk þess sem af og til sé lánað fyrir spilamennsku.

Lögregla heldur sig til hlés

Lögregla hefur nokkrum sinnum látið til skarar skríða gegn spilavítum og pókerklúbbum á síðustu árum. Árið 2002 var spilavíti upprætt við Suðurgötu, hald lagt á mikið af varningi og tíu handteknir. Í júní 2007 var 150 manna pókermót verslunarinnar Gizmo stöðvað og hald lagt á verðlaunafé og spilavarning. Í janúar 2008 gerði lögregla fjölmenna rassíu í spilavíti fyrir ofan skemmtistaðinn Vegas, og réttu ári síðar var spilamennska í klúbbnum Casa í Aðalstræti stöðvuð. Stuttu síðar gerði lögregla pókerborð upptækt á skemmtistað í Bolungarvík. Því var skilað nokkrum dögum síðar.

Engin hinna nýlegu mála hafa hins vegar endað með dómi eða ákæru. Sá sem rak spilavítið í Suðurgötu var árið 2004 dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir það. Hann hafði tólf árum fyrr verið dæmdur fyrir að reka spilavíti í Ármúla.

Síðan hefur hins vegar enginn dómur fallið. Lögregla hafði pókermót Gizmo lengi til skoðunar og sendi það að lokum til ríkissaksóknara, en hann felldi málið niður í mars í fyrra. Það þótti ekki líklegt til sakfellingar. Málunum sem upp komu í janúar 2008 og 2009 lauk án frekari aðgerða. Pókermót hafa verið tíð síðan og farið fram fyrir opnum tjöldum án afskipta lögreglu, svo frést hafi.

Ekki forgangsmál

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að þrátt fyrir ákvörðun ríkissaksóknara um að ákæra ekki í málinu frá 2007, sinni lögregla vitaskuld enn eftirliti með starfsemi sem talin er geta brotið í bága við lög.

„Það er ekki sterkur fókus á þennan málaflokk hjá okkur. Við einbeitum okkur að öðrum málum, innbrotum, ofbeldisbrotum, umferðarslysum og slíku, en við sinnum þessum málum alveg eins og við sinnum öðrum málum sem teljast ekki til helstu forgangsmála hjá okkur," segir Stefán.

„Ákvörðun ríkissaksóknara er náttúrlega ákvörðun sem felur í sér bindandi mat á tiltekinni háttsemi, þar á meðal því hvort hún er refsiverð eða ekki. Við förum eðli málsins samkvæmt ekki að setja í gang mál og rannsóknir sem við vitum að ríkissaksóknari mun einfaldlega fella niður eða ekki gera neitt með. Það liggur algjörlega í augum uppi," bætir hann við.

STEFÁN EIRÍKSSON

„Þetta snýst eins og alltaf um þá löggjöf sem er í gildi, hvað er leyfilegt og hvað er ekki leyfilegt. Það sem er bannað, það er okkar að fylgjast með því nema það sé sett í hendurnar á einhverjum öðrum."

Eflaust hægt að bæta löggjöfina

En hvað er bannað? Það er tvennt: Annars vegar að hvetja til fjárhættuspils, og hins vegar að þriðji aðili hafi tekjur af fjárhættuspilinu.

Fyrra atriðið hefur verið túlkað þannig að það nái einkum til auglýsinga á fjárhættuspilum. „Allrahanda auglýsingar geta fallið undir það en það hefur auðvitað reynt á álitaefni í þessu eins og dómurinn í Betsson-málinu sýnir, þar sem álitamálið sneri að því hvort það væri leyfilegt að auglýsa þá starfsemi hér á Íslandi eða ekki. Niðurstaða dómstóla var skýr með það," segir Stefán.

Í stuttu máli komst dómari að því að þar sem síðan var hýst erlendis væri löglegt að auglýsa hana.

Hvað varðar síðara atriðið, að þriðji aðili hafi tekjur af fjárhættuspili, segir Stefán að slík mál hafi ekki komið upp nýlega. Þó berist reglulega ábendingar um ýmislegt sem fólk telur ólögmætt.

Spurður hvort hann telji að skerpa þurfi á löggjöfinni segir Stefán að það sé ekki lögreglunnar að meta það.

„Það er bara löggjafinn sem verður að svara því. Á þessu sviði og líka þegar kemur að atriðum eins og áfengisauglýsingum þá eru menn útsjónarsamir og duglegir við að finna allar þær holur og smugur sem eru á löggjöfinni. Og ég er ekkert viss um að það sé hægt að finna löggjöf sem er algjörlega lekaheld. Það er eflaust hægt að gera eitthvað til að bæta úr löggjöfinni á öllum þessum sviðum en það er ekki okkar að hafa forgöngu um það."

FYRSTA STÓRA MÓTIÐ Lögregla ruddist inn á pókermót verslunarinnar Gizmó sumarið 2007, stöðvaði spilamennskuna og lagði hald á spilavarning. Ríkissaksóknari ákvað í fyrra að ákæra ekki í málinu, þar sem það þótti ekki líklegt til sakfellingar. Nú eru starfræktir pókerklúbbar víða um bæinn þar sem háar fjárhæðir geta skipt um hendur.

TUGÞÚSUNDIR ÍSLENDINGA SPILA PÓKER Á NETINU FYRIR HUNDRUÐ MILLJÓNA Á ÁRI

Því fer fjarri að fjárhættuspil séu eingöngu stunduð á samkomustöðum í raunheimum. Langstærstur hluti pókerspils á Íslandi í dag, og raunar í heiminum öllum, fer fram á Netinu. Þar spila nú ríflega tuttugu þúsund Íslendingar reglulega, og mun fleiri eru skráðir en spila sjaldnar. Það eina sem þarf til er nettenging og kreditkort, auk þess sem fólk þarf að hafa náð átján ára aldri.

Tugum vinsælla pókersíðna er haldið úti á Netinu. Mest sótt er síðan Pokerstars en Full Tilt Poker fylgir fast á hæla hennar. Lætur nærri að síðurnar tvær hafi 80 til 90 prósenta markaðshlutdeild á Íslandi. Aðrar síður, svo sem PKR, Partypoker og Betsson, eru smærri.

Þorri notenda pókersíðna er ungir karlmenn. Þetta á jafnt við hér á Íslandi og erlendis. Notendurnir eru þó af báðum kynjum og allt upp í eldri borgara. Notkunarmynstrið er misjafnt eftir fólki. Sumir spila vikulega eða sjaldnar, aðrir nokkrum sinnum í viku, og enn aðrir spila jafnvel allan liðlangan daginn, alla daga vikunnar.

Reglulega er sagt frá því að til séu Íslendingar sem hafa lifibrauð sitt af pókerspili, vinni nánast við það eitt að spila póker og hafi af því ríflegar tekjur. Viðmælendur Fréttablaðsins telja þó að heldur mikið sé gert úr þessu. Um sé að ræða fáa einstaklinga, líkast til ekki nema um 20 til 30 manns, og aðeins örfáir hafi af því verulegar tekjur.

Þetta séu menn sem fyrst og fremst spila á Netinu, mæti stöku sinnum á pókermót hérlendis sem erlendis, og sinni jafnvel í sumum tilvikum þessari ástríðu samhliða námi eða hlutastarfi. Engin dæmi séu um íslenska „atvinnumenn" í póker sem ekki spila á Netinu, enda er þar hægt að spila meira og hraðar, jafnvel í nokkrum leikjum í einu, og því er gróðavonin mun meiri. DV sagði nýlega frá tvítugum Garðbæingi sem vann 120 þúsund dollara í einu pókerspili, jafnvirði um 14 milljóna króna. Sami maður hefur á undanförnum árum unnið tugi milljóna í pókerspili á Netinu, þótt hann hafi raunar tapað töluverðum upphæðum á móti.

Ekki liggja fyrir nákvæmar heildartölur um veltuna af pókerspili Íslendinga á Netinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó um verulegar fjárhæðir að ræða. Þær hlaupa á tugum milljóna á mánuði, og þar með hundruðum milljóna á ári. Sú upphæð hækkað stöðugt. Af henni rennur ekkert til íslenska ríkisins.

VINSÆLT Æ fleiri Íslendingar spila póker á Netinu. NORDICPHOTOS / AFP

NOKKRIR KLÚBBAR

- Ásinn - Reykjanesbæ
- Balthazar - Hafnarstræti (óreglulegt spil í svokallaðri Carlsberg-stofu)
- Casa - Aðalstræti
- Dillon sportbar - Hafnarfirði
- Gullöldin - Grafarvogi
- Hótel Nordica - Suðurlandsbraut (hófst nú í febrúar)
- Kojack - Engihjalla
- Kóngurinn - Grafarholti
- Poker & Play - Grensásvegi

Chevrolet toppar með CRUZE

Réttur tími til að velja Chevrolet öryggi

★★★★★

Opið í dag
Höfum opið í dag og alla laugardaga til vors, frá kl. 12-16 í sýningarsal Chevrolet, Tangarhöfða 8.
Komdu og reynsluaktu.

Chevrolet Cruze LS, bsk, 1.8 vél, 141 hestöfl.
Ríkulega hlaðinn staðalbúnaði, sjá heimasíðu.
Kr. 3.190 þús.

Bíll á mynd; Chevrolet Cruze LT, bsk.,
1.8 vél, 141 hestöfl. **Verð kr. 3.490 þús.**

Enginn gerir meiri kröfur til Chevrolet en Chevrolet

Samkvæmt nýjustu niðurstöðum frá EURO NCAP*, hafa vörumerki, sem áður þóttu standa fyrir öryggi, misst forustuna.
Í síðustu prófunum stofnunarinnar **hlaut Chevrolet Cruze fimm stjörnur og hæstu alhliða einkunn 96% skor í atriðum sem snúa að öryggisvörn fyrir farþega.**

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★
TEST 2009

Til hamingju neytendur

Dr. Michiel van Ratingen, framkvæmdastjóri Euro NCAP* sagði m.a. við það tækifæri: „ Við óskum Chevrolet til hamingju. Fyrirtækið er að toppa eftir gífurlegar fjárfestingar í öryggismálum undanfarin ár. Chevrolet setur ný viðmið í mörgum flokkum sem munu verða öðrum bílaframleiðendum hvatning og fyrirmynd.
Nú er rétti tíminn fyrir neytendur til að endurmeta væntingar sínar til vörumerkja á bílamarkaðnum.“

Við hjá Bílabúð Benna hvetjum þig til að gera samanburð á verði og gæðum og kynna þér tímamóta niðurstöður í árekstraprófunum á www.euroncap.com.

Gerðu Chevrolet gæðin að þínum.

Besti bíll í heimi ?
World Car of the Year Award 2010
2. febrúar sl. var tilkynnt að Chevrolet Cruze væri kominn í úrslit í keppninni um val á bíl ársins 2010; World Car of the Year Award 2010.

CHEVROLET
*Chevrolet **gæði - frábært** verð*

*EURO NCAP er sjálfstæð stofnun sem metur árekstravarnir nýrra fólksbifreiða í Evrópu.

Chevrolet á Íslandi - Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.chevrolet.is
Opið alla virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

Spesbílar - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300 - www.spesbilar.is
Opið alla virka daga frá kl. 9 - 18.

Bílabúð Benna
www.benni.is

ARNANGUAK ELDEVIG Heimskona með rætur í Sisimiut, næststærsta bæ Grænlands, og þar finnst henni gott að vera.

LJÓSMYNDIR/ÓLAFUR RAFNAR

> Ég upplifi alveg þá tilfinningu að vera einstök, og þykir vænt um það að tilheyra svona lítilli þjóð.

Grænlendingar ekki síblaðrandi

Arnanguak Eldevik hefur ferðast víða um lönd, meðal annars með kór grænlenskra kvenna sem fylgdi Björk Guðmundsdóttur á tónleikaferð fyrir nokkrum árum. *Ingibjörg H. Björnsdóttir* ræddi við hana um lífið á Grænlandi, ferðalögin og af hverju hún snýr alltaf aftur til Sisimiut.

Grænland stendur á tímamótum. Á sumarsólstöðum í fyrra fékk landið fullveldi og grænlenska þjóðin varð viðurkennd sem þjóð, og var því ekki lengur þjóðarbrot í danska ríkjasambandinu, grænlenska varð jafnframt að opinberu tungumáli íbúa stærstu eyju í heimi. Eignarrétturinn á hugsanlegum auðlindum neðanjarðar er Grænlendinga, en ekki eins og áður, þegar gert var ráð fyrir að Danir fengju helming auðæfanna á móti Grænlendingum. Innanríkismál, meðal annars heilbrigðis- og menntamál, eru nú að fullu í höndum Grænlendinga.

Ein af fulltrúum hinnar ungu þjóðar er Arnanguak Eldevig, heimskona með rætur í Sisimiut, næststærsta bæ Grænlands. Arnanguak er fjögurra barna móðir, leikskólakennari og læknisfrú. Hún er fædd á Grænlandi, en hefur auk þess búið og numið í Danmörku og ferðast um hálfan heiminn, sem sjálfboðaliði í Ísrael, kynnt sér aðstæður meðal hjálparsamtaka í Tansaníu, farið í bakpokaferð um Asíu og Norður-Afríku með kærastanum, og gist á fimm stjörnu hótelum í stærstu borgum Evrópu og Bandaríkjunum sem ein af grænlensku kórstelpunum hennar Bjarkar.

Öryggistilfinning í Sisimiut

Þrátt fyrir að hafa upplifað heiminn, eða kannski vegna þess, þá kemur hún alltaf aftur heim til Sisimiut á vesturströnd Grænlands.

Hvað er það við Sisimiut sem veldur því að þú kemur alltaf aftur?

„Ætli það sé ekki öryggistilfinningin sem ég finn fyrir þegar ég er heima í Sisimiut. Ég þekki umhverfið og fólkið, og veit að hér gerir enginn mér eða mínu fólki neitt.

Ég er fædd á sjúkrahúsinu í Sisimiut, en flutti nokkurra vikna með móður minni til Óðinsvéa í Danmörku, þar sem pabbi var við nám í vélstjórn. Á námsárum hans fluttum við á milli Óðinsvéa og Sisimiut, og þegar ég var sex ára fluttum við endanlega heim til Sisimiut. Foreldrar mínir höfðu tekið á leigu íbúð í einni af blokkum bæjarins, sem þá voru nýbyggðar. Á þeim tíma þótti mjög fínt að búa í blokkunum, í suðvesturbænum þar sem var mikið um einbýlishús var ekki alls staðar hægt að tosa og sleppa eins og við krakkarnir sögðum, það er að segja það voru ekki vatnssalerni í öllum húsunum. Í blokkunum var aftur á móti bæði klósett og sturta. Ég var ótrúlega ánægð með að búa í stóru húsi, með mörgum íbúðum og fullt af leikfélögum.

Uppáhaldsárstíminn minn í Sisimiut er snemma vors, í mars og apríl, þegar enn er allt hvítt af snjó og sólin er farin að skína meira en hálfan sólarhringinn. Þá er yndislegt að fara út og ganga, og svo gengur maður bara og gengur, alveg þar til maður finnur fyrir sólar- og frostbruna í andlitinu.

Grænlendingar tónelskir

Þegar ég var tíu ára fluttum við til Nuuk. Pabbi hafði fengið vinnu á frystitogara. Á níunda áratugnum þénuðu sjómenn mjög vel, og foreldrar mínir keyptu hús í Nuuk, sem fram að þeim tíma hafði ekki verið algengt, langflestir leigðu íbúðir. Pabbi var mjög stoltur af því að geta keypt hús fyrir fjölskylduna sína, sem þá taldi mig, litlu systur mína, sem er fædd 375 dögum á eftir mér, Nuka, sem þýðir litla systir stóru systur en getur líka þýtt litli bróðir stóra bróður, og bróður minn Hans Ole sem er átta árum yngri en ég. Síðar bættist svo ein systir við, Arnatsiaq, hún er fædd árið 1992, fimmtán árum á eftir mér. Ég fann mig aldrei alveg í Nuuk, ég var feimin og óframfærin og átti ekki auðvelt með að kynnast nýjum krökkum. Á unglingsárunum hellti ég mér út í tónlistarlíf, söng með kórum og hinum og þessum menntaskólahljómsveitum.

Þegar ég var tólf ára gaf mamma mér gítar í jólagjöf. Áður hafði hún gefið okkur systrum melódíkur og hljómborð, og hvatt okkur til þess að læra að spila, syngja og njóta tónlistar. Grænlendingar eru flestir mjög mikið fyrir tónlist, við syngjum mikið í veislum og við hátíðleg tækifæri.

Eftir stúdentspróf ákvað ég að nú þyrfti ég að vinna á öryggisfíkninni og feimninni sem hafði hrjáð mig lengi þannig að ég sótti um að komast til Ísraels sem sjálfboðaliði í kibbutz sem er nokkurs konar samyrkjubú þar sem koma ungmenni frá öllum heiminum og vinna í nokkra mánuði. Ég var í Ísrael yfir jól, og ég og félagar mínir tókum svo leigubíl til Betlehem til þess að sjá fæðingarkirkjuna. Áður en við lögðum í hann til Betlehem hringdi ég úr símaklefa heim til ömmu í Sisimiut þar sem stórfjölskyldan hélt jól saman, og sagði þeim af ferðalögum mínum þennan dag. Ömmur mínar báðar misstu nærri vitið af hrifningu, hvorug þeirra hafði ferðast neitt, og þær héldu að Jerúsalem og Betlehem væru á himnum eða í mesta lagi Biblíunni sem þær þekktu nokkuð vel. Á Grænlandi sýnir fólk gleði sína með kjánalátum, sérstaklega eldra fólk. Það er til mynd af gömlu konunum þar sem þær eru báðar búnar að rífa úr sér gervitennurnar og geifla sig eins og þær best geta. Seinna rúlluðu þær sér eftir gólfinu í eintómri hamingju yfir því að barnabarnið væri komið hálfa leið til himna.

Ég var í fimm mánuði í Ísrael, kom heim til foreldra minna í Nuuk, vann í nokkra mánuði og fór svo til Tansaníu á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar. Þar ferðaðist ég um meðal Masai-fólksins sem byggði Tansaníu. Við gistum meðal annars í kofum gerðum úr kúamykju. Eftir Tansaníudvölina var ég í tvær vikur á Sansibar þar sem var fullt af ungu fólki, hvítur sandur og mikið fjör.“

Upplifi að vera einstök

Arnanguak kom til Grænlands frá Sansibar og flutti aftur heim til Sisimiut. Þar fór hún að vera með Finni, sem var á þeim tíma læknanemi í orlofi. „Við vorum bæði í tilveruleit þegar við hittumst. Hann ekki viss um hvort hann vildi halda áfram læknanáminu, og ég vissi ekki hvað ég átti að læra eða gera með líf mitt.

Einu og hálfu ári eftir Tansaníuferðina var ég aftur farin af stað, nú til Asíu til þess að hitta Finn sem var búinn að vera á ferðalagi í fimm mánuði. Við hittumst á flugvellinum í Bangkok og ferðuðumst saman um Taíland, Malasíu og Indónesíu. Þegar við vorum búin að borða yfir okkur af hrísgrjónum og núðlum fundum við næstu ferðaskrifstofu og keyptum miða til Egyptalands, sem voru á tilboði. Þar ferðuðumst við með bátum, rútum og lest áður en við héldum til Danmerkur og þaðan heim til Grænlands.“

Hvernig er að vera Grænlendingur úti í hinum stóra heimi, finnst fólki merkilegt að hitta þig?

„Já, mjög margir eru að hitta Grænlending í fyrsta sinn og finnst það mjög merkilegt. Margir vita nú ekki einu sinni að Grænland er til, hvað þá að við sem þjóð fyrirfinnumst. Ég upplifi þá tilfinningu að vera einstök og þykir vænt um það að tilheyra svona lítilli þjóð.

Ég fann líka mikið fyrir því meðan ég bjó í Danmörku að ég sagði aldrei neitt sérlega mikið, miðað við skólafélaga mína sem höfðu skoðanir á öllu og þurftu að margendurtaka þær. Ég tók ekki þátt í umræðunum nema mér væri virkilega mikið niðri fyrir. Seinna hef ég velt þessu fyrir mér, og ég held þetta sé í blóðinu á mér. Grænlendingar eru veiðiþjóð, og í gamla daga þegar þeir voru úti á ísnum að bíða eftir bráðinni þýddi ekkert að vera síblaðrandi, það fældi bráðina frá, þannig að þeir notuðu táknmál, og það eimir enn eftir af því meðal þjóðarinnar. Grænlendingar skrafa ekki mikið að óþörfu og eru ekki sérlega leiknir í því en flest notum við hendurnar og líkamann mikið þegar við tjáum okkur.“

Heldur ró sinni

Fyrir nýlenduvæðinguna voru engin blótsyrði til í grænlensku, í stað þess að rífast og formæla hver öðrum þá öttu andstæðingar kappi í trommudansi, sá tapaði sem fyrstur henti frá sér trommunni í bræði, honum var yfirleitt úthýst eftir það. Grænlendingar eru þekktir fyrir það að halda rónni, vera ekki að æsa sig og taka einn dag í einu, tíminn kemur, í stað þess að líða eins og hann gerir víðast hvar á Vesturlöndum. Arnanguak er ein af þeim sem virðast ekki haggast sama hvað á dynur. Hún er móðir fjögurra líflegra drengja.

Byrstirðu þig við þá?

Það kemur auðvitað fyrir, en ég hækka mjög sjaldan róminn, hvorki þegar ég tala við þá, né börnin sem ég vinn við að kenna í leikskólanum. Ég er góð í því að halda ró minni og er stolt af því. Ég lít á þann eiginleika sem arf frá forfeðrum mínum.“

SÖNG MEÐ BJÖRK

Júnímánuður árið 2001 var örlagaríkur í lífi Arnanguak Eldevig. Í byrjun júní var hún ásamt systur sinni stödd á flugvellinum í Nuuk, þar sem hún beið þess að maðurinn hennar Finnur kæmi með flugvél frá Danmörku. Á flugvellinum hittu þær systur gamla kunningjakonu sem þá var við söngnám á Íslandi. Hún spurði hvort það væri ekki rétt að þær væru ágætar söngkonur, og hvort þær kannski hefðu áhuga á að koma og syngja í prufum fyrir íslensku tónlistarkonuna Björk. Arnanguak hafði nokkrum vikum áður komið heim til Grænlands frá Árósum þangað sem hún var flutt til þess að kveðja móður sína sem var með heilaæxli, og ekki hugað líf.

„Ég sagði mömmu frá því að okkur Nuka hefði verið boðið í prufu, ég er ekki viss um að hún hafi áttað sig á því, þar sem hún var orðin mjög veik. Við fórum í prufuna, og var boðið að koma með til Illulisat í æfingabúðir. Þetta var um miðjan júní, 17. júní dó mamma og 23. júní daginn eftir jarðarförina hennar komst ég að því að ég var barnshafandi.

Í júlíbyrjun hélt ég ásamt systur minni og hópi grænlenskra kvenna til Illulisiat, sem er einnig þekktur sem Isfjorden, þar sem við æfðum með Björk í tvær vikur.“

Eftir æfingabúðirnar valdi Björk sextán stúlkur til þess að koma með sér í ferðalag um heiminn. Skilyrði var að þær gætu sungið og væru grænlenskar í útliti.

Sumarið kemur

FYRSTU BROTTFARIR AÐ SELJAST UPP!

Bókaðu strax!
þú færð **10.000 kr.** afslátt á mann á völdum dagsetningum ef þú bókar fyrir **20. febrúar.**

Bodrum í Tyrklandi

frá kr. **114.900** – 10 nátta ferð

Bodrum sló rækilega í gegn í fyrra!

Frábært verð
Frá 114.900 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Queen Apartments *** í 10 nætur, 10. júlí.

Frá 139.900 kr.
– með „öllu inniföldu“
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára í herbergi á Blue Bay *** í 10 nætur með “öllu inniföldu”, 10. júlí.

Costa del Sol

frá kr. **97.850** – 8 nátta ferð

Úrval glæsilegra gistivalkosta í boði!

Frábært verð
Frá 97.850 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Ecuador Park **+ í 8 nætur, 17. maí.

Frá 113.400 kr.
– með „öllu inniföldu“
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára í herbergi á Roc Flamingo í 8 nætur með öllu inniföldu, 17. maí.

Glæsilegar sérferðir

Kynntu þér fleiri frábærar sérferðir sem eru í boði í vor og sumar á heimsferdir.is.

Töfrandi Tyrkland
8.-19. júní
Bodrum – Ankara – Kappadocia – Antalya – Pamukkale
Frá 245.800 kr.*

Töfrar Andalúsíu
17.-25. maí
Sevilla – Cordoba – Granada – Torremolinos
Frá 197.400 kr.*

* Verð er netverð á mann í tvíbýli með hálfu fæði, ýmsum kynnisferðum, íslenskri fararstjórn o.fl.. Nánar á www.heimsferdir.is. Lágmarksþátttaka er 20 manns.

www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

ENNEMM / SÍA • NM44031 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

SIÐBLINDIR MORÐINGJAR Siðblint fólk hefur lengi verið vinsælt umfjöllunarefni kvikmyndanna. essar kvikmyndapersónur eiga það allar sameiginlegt að þær myndu skora hátt í skimunarprófinu fyrir siðblindu.

Ert þú kannski siðblindur?

Ertu samviskulaust sjarmatröll, hættir þér til að ljúga upp úr þurru og áttu erfitt með að setja þig í spor annarra? Þá getur vel verið að þú sért siðblindur, líkt og aðrir 1.500 til 3.000 Íslendingar. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir setti saman siðblindupróf, sem tilvalið er að fylla út yfir morgunkaffinu. Þú færð tvö stig fyrir já, eitt ef þú kannast við einhver einkenni og núll fyrir nei.

1. Ertu tungulipur og heillandi?

Líkar fólki yfirleitt vel við þig við fyrstu kynni þar sem þú ert glaðlyndur og drífandi? En getur verið að það sé samt dálítið á varðbergi gagnvart þér vegna þess að þú ert svo vinalegur að það er allt að því smeðjulegt? Áttu auðvelt með að þykjast vita um hvað málin snúast, jafnvel þótt þú hafir ekki minnstu hugmynd um það í raun og veru? Áttu það til að hrósa fólki í hástert og jafnvel daðra við það, en meinar ekkert endilega neitt með því?

STIG: ☐

2. Hefur þú háleitar hugmyndir um eigið ágæti?

Montarðu þig stundum og ertu ef til vill dálítið hrokafullur? Ertu yfirgangssamur eða upplifir sjálfan þig yfir aðra hafinn? Finnst þér stundum að þú fallir utan við reglurnar sem venjulegt fólk þarf að hlíta? Finnst þér stundum að allir hlutir snúist um þig? Gerir þú lítið úr fjárhagslegum eða persónulegum vandamálum þínum og kennir öðrum um þau, ef þú viðurkennir tilvist þeirra á annað borð?

STIG: ☐

3. Ertu lygalaupur?

Finnst þér gaman að ljúga? Áttu það til að ljúga jafnvel þegar ekki er nokkur ástæða er til? Og ertu svellkaldur þegar þú er staðinn að lygum, því þú ert viss um að geta snúið þig úr aðstæðunum? Getur verið að saga fortíðar þinnar hafi breyst í tímans rás? Segistu jafnvel hafa átt erfiða æsku, þó að æska þín hafi í reynd verið ósköp eðlileg? Ertu jafnvel stundum ekki viss um hvort það sem þú segir sé sannleikur eða lygi?

STIG: ☐

4. Notar þú annað fólk?

Gerirðu nánast hvað sem er til að komast yfir kynlíf, peninga eða völd og notar þú annað fólk til að eignast þá hluti sem þú girnist?

STIG: ☐

5. Ertu samviskulaus?

Sérðu ekki eftir því, ef þú særir annað fólk? Biðstu ef til vill afsökunar en finnur ekki til sektarkenndar? Átt þú stundum bágt með að sjá að þú hafir gert eitthvað rangt? Kennir þú öðrum um vandræði sem þú sjálfur stofnar til?

STIG: ☐

6. Ertu kaldur og fjarlægur?

Ertu kaldur og fjarlægur, jafnvel þegar dauðsfall verður í fjölskyldu þinni eða einhver nærri þér verður fyrir áfalli? Setur þú ef til vill tilfinningasýningu á svið sem lítið býr að baki? Segist þú vera vinur fólks, en veltir því sjaldan fyrir þér hvernig það hefur það, eða hvernig því vegnar í lífinu? Finnst þér innst inni að tilfinningar séu einungis fyrir vælukjóa?

STIG: ☐

7. Ertu kvikindislegur?

Gerir þú stundum lítið úr öðru fólki? Áttu það til að beita fjölskyldu þína, vini eða vinnufélaga andlegu ofbeldi með ljótum orðum og athöfnum. Þætti þér lítið mál að reka undirmann þinn, ef þú lentir í þeim aðstæðum, og stæði þér á sama um hversu slæm áhrif það hefði á líf hans að missa vinnuna?

STIG: ☐

8. Ertu ábyrgðarlaus?

Finnurðu alltaf einhverja afsökun fyrir athöfnum þínum og kennir þú öðrum um þitt eigið klúður? Heldur þú sjálfsvörninni áfram, jafnvel þegar upp hefur komist að þú hefur farið illa að ráði þínu, hvort sem er í einkalífi eða starfi?

STIG: ☐

Vissir þú að...

...Siðblinda er ein alvarlegasta persónuleikaröskun sem til er.

...Siðblindir eru ekki geðveikir og fullkomlega sakhæfir.

...Siðblindir valda um 50 prósentum af alvarlegustu glæpunum. Margir af alræmdustu glæpamönnum og morðingjum heims myndu teljast siðblindir.

...Um 0,5 til 1 prósent Íslendinga eru siðblind, ef sama gildir um Ísland og aðrar þjóðir þar sem rannsóknir á siðblindu hafa farið fram.

...Stjórnendur eru töluvert líklegri en aðrir til að vera siðblindir. Í Bandaríkjunum er talið að 3,5 prósent efnilegra stjórnenda myndu greinast siðblind.

...Viðskiptaumhverfi sem einkennist af miklum hraða og hagnaðarkröfu er líklegra til að laða að sér siðblinda einstaklinga, heldur en hægara umhverfi þar sem regluverk er stífara.

...Ekki er til nein lækning á siðblindu þó að meðferðarúrræðum fari fjölgandi eftir því sem þekking á fyrirbærinu eykst.

** Upplýsingar fengnar úr fyrirlestri Nönnu Briem geðlæknis í Háskólanum í Reykjavík 3. febrúar.*

Skimað fyrir siðblindu

Margir þeirra eiginleika sem undanfarin ár hafa talist til leiðtogahæfileika eru einnig skýr einkenni siðblindu. Aukin krafa um afköst og hraða hefur valdið því að einstaklingar sem eru áhættusæknir, kaldlyndir og samviskulausir hafa átt auðveldara með að komast til áhrifa. Allt eru það einkenni á siðblindu.

Á dögunum stóð Nanna Briem geðlæknir frammi fyrir fullum sal fólks í Háskólanum í Reykjavík, þar sem hún flutti fyrirlestur um siðblindu og birtingarmyndir hennar. Á meðal þess sem þar kom fram er að margir siðblindir búa yfir miklum persónutöfrum sem hjálpa þeim við að fleyta sér áfram til áhrifa. Þangað vilji margir siðblindir gjarnan komast, því þeir laðist að völdum og peningum til að geta ráðskast með fólk. Hún sagði ekki ólíklegt að fyrirtæki í harðri samkeppni, með slíka starfsmenn í vinnu, hafi látið hjá líða að velta fyrir sér hvaða aðferðum starfsmenn beittu á meðan þeir náðu fram hagnaði.

Nanna sagði frá bandaríska sálfræðingnum Robert Hare, sem hefur gert umfangsmiklar rannsóknir á siðblindum en hann er meðal annars höfundur skimunarprófsins PCL (Psycopathy Check List) sem er greiningartæki notað til að greina siðblindu. Það skiptist í tvo hluta: einkenni sem lýsa tilfinningalífi og samskiptum annars vegar en andfélagslegum lífsstíl hins vegar. Þeir sem skori hærra á andfélagslega sviðinu séu líklegri til að missa stjórn á sér, vera ofbeldisfullir og lenda á bak við lás og slá. Þeir sem hins vegar lenda hinum megin eiga auðveldara með að leynast í samfélaginu, enda sé siðblindu að finna á öllum samfélagsstigum í öllum starfsstéttum.

Greiningartæki Hare er fyrst og fremst notað til að meta siðblindu innan réttarkerfisins og fangelsanna. Því segir Nanna óraunhæft að gera ráð fyrir að hægt væri að taka prófið upp víðast hvar. Hins vegar þætti henni eðlilegt að einhverra leiða væri leitað til að skima eftir siðblindu við ráðningar, ekki síst í stjórnunarstöður, í ljósi þess hversu hátt hlutfall siðblindra virðist leynast í röðum stjórnenda.

NANNA BRIEM GEÐLÆKNIR Segir siðblint fólk leynast á öllum stigum samfélagsins enda séu líklega 0,5 til 1 prósent landsmanna haldin henni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ef þú færð:

1-4 stig ertu ekki siðblindur, þótt þú sért ekki fullkominn.

5-7 stig ertu tiltölulega eðlilegur, þótt þú deilir nokkrum slæmum persónueinkennum með siðblindum.

8-12 stig hefur þú mörg einkenni siðblindu og ættir að íhuga að leita þér hjálpar.

13-16 stig ertu fullkomlega siðblindur og átt þér varla viðreisnar von.

** Stuðst er við prófið Is Your Boss a Psychopath úr viðskiptatímaritinu Fast Company. Tekið skal fram að það er sett fram til gamans og dugar ekki sem raunveruleg greining á siðblindu.*

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Félag íslenskra stórkaupmanna verður **Félag atvinnurekenda**

Félag íslenskra stórkaupmanna hefur í yfir 82 ár verið framvörður heilbrigðra verslunarhátta. Félagið hefur ætíð beitt sér fyrir réttlátum leikreglum í samkeppni og að efla hag viðskipta og verslunar á Íslandi.

Félag íslenskra stórkaupmanna hefur elst vel en nafnið ekki. Stærsti hluti aðildarfélaga eru lítil og meðalstór fyrirtæki í verslun og milliríkjaviðskiptum. Flest eru í sjálfstæðum rekstri sem einkennist oft af því að eigendur reka þau sjálfir.

Félag atvinnurekenda:

- er málsvari verslunar og milliríkjaviðskipta
- er málsvari minni og meðalstórra fyrirtækja
- fyrir heilbrigða viðskiptahætti og frjálsa samkeppni

Nafnið Félag atvinnurekenda endurspeglar fyrirtækin sem eru félagið.

Engin mengun, heimsfrið-ur og þúsund milljón óskir

Listakonan **Unnur Andrea Einarsdóttir** byrjar hvern dag á því að hella í sig nokkrum kaffibollum áður en hún tekur til við að sinna listinni sinni og semja lög fyrir plötuna sem hana langar að gefa út. *Anna Margrét Björnsson* fékk Unni í þriðju gráðu yfirheyrslu og komst að því að hún er því komin nokkuð langt frá einum af æskudraumunum – að flytja til Ameríku og vinna í tyggjóverksmiðju.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Unnur Andrea Einarsdóttir

FÆÐINGARÁR: 1981

HVAÐ GERÐIST MERKILEGT Á ÞVÍ ÁRI: Sjónvarpsstöðin MTV fór í loftið

LEIGUBÍLSTJÓRAEFNI? Unni Andreu dreymdi einu sinni um að verða leigubílstjóri. En draumurinn dó þegar rann upp fyrir henni að stundum væri gubbað í leigubíla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Uppáhaldslistamaðurinn? Ceasar Ray og Berglind Agústsdóttir.

Venjulegur dagur hjá þér í stuttu máli? Byrja daginn á nokkrum kaffibollum og svo morgunmat. Verklistinn minn er mjög misjafn eftir dögum. Það er misjafnt hvað ég kem miklu í verk, því ég á það til að snúast í hringi. Ég eyði svo um það bil tveimur tímum á dag í að tala við óvenjulega hressa vinkonu mína, Berglindi, í símann. Ég fer oft í Baðhúsið í magadans eða jóga, eða dansa bara heima hjá mér. Á kvöldin vinn ég sem plötusnúður eða barþjónn eða reyni að sinna listinni.

Hver er óvenjulegasti staðurinn þar sem þú hefur sýnt? Úff, ég veit það ekki, mér fannst skrýtið að sýna í Betlehem og Ísrael.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur nokkurn tímann gert? Ég vinn við skúringar einu sinni í viku og þar er alltaf hrúga af flösu á ákveðnum stað, eins og þetta sé tilvalinn staður til að klóra sér í hausnum. Mér finnst mjög leiðinlegt að ryksuga þetta upp. Svo vann ég einu sinni á bensínstöð og átti að brosa til viðskiptavinanna og þykjast vera glöð, því þá myndi starfsmannastjóri fyrirtækisins gefa okkur broskarl í hvatningarskyni (þetta er ekki grín). Í hvert skipti dó ég að innan. Þetta var svo leiðinleg og óspennandi vinna að stundum hvarflaði að mér að biðja viðskiptavinina að keyra bara yfir mig.

Uppáhaldsstaðurinn á jörðinni? Ég veit það ekki enn þá, á eftir að finna hann. Finnst yndislegt að fara upp í sumarbústað í Sléttuhlíðinni.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig? Eithvað sem grípur mig og samsvarar því tilfinningalega ástandi sem ég er í hverju sinni, sem er afar misjafnt.

Hvað heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Óþarfa áhyggjur af engu. Og svo sífelld endurtekning af sömu áhyggjunum sem endar með engri lausn áður en ég loksins sofna.

Hvenær gréstu síðast? Síðasta sunnudag. Var að hlusta á væmið lag um kærleikann.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Ég verð að segja pass, það eru svo ótal margir.

Hvað myndi fullkomna líf þitt? Eitt fullkomið svar við öllum mínum vandamálum. Og fullt, fullt af peningum.

Eftirlætislykt? Ef ég er svöng þá er það matarlykt, annars elska ég vanillulykt og lyktina af lífrænu þvottaefni sem ég nota stundum.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Ég var með ýmislegt í huga. Man eftir að hafa lengi viljað verða leigubílstjóri. En svo rann upp fyrir mér að það gæti einhver gubbað í bílinn. Þá fór sá draumur. Man líka eftir að hafa viljað flytja til Ameríku og vinna í tyggjóverksmiðju. Fannst það mjög heillandi hversu margar tegundir voru til þar. Fann þetta ritað í dagbók sem ég átti þegar ég var sjö ára, veit ekki alveg hvað vakti fyrir mér.

Hvernig myndir þú lita á þér hárið ef þú værir neydd til? Væri til í aðeins silfraðri tón en ég er með núna.

Hvað fær þig til að veltast um af hlátri? Þegar fólk tapar sér af reiði og eyðileggur eithvað, sérstaklega rafmagnstæki. Svo hló ég mikið að spurningunni um hvað mér fyndist leiðinlegast að gera. Kom svo margt ósiðferðilegt og kjánalegt fram að ég gat ekki hætt að hlæja! Sumt er best að láta ósagt.

Hvernig hljómar síðasta sms í símanum þínum? Ert þú að opna?

Þú finnur töfralampann og getur fengið þrjár óskir uppfylltar. Hverjar? Sko þetta hljómar eins og einhver Jesú-komplex en ef ég væri raunverulega í þessari stöðu myndi ég vilja 1. Láta fjarlægja alla mengun í heiminum 2. Heimsfrið 3. Að ég fengi þúsund milljón óskir í viðbót. Kommon, rosaleg ábyrgð að fá svona spurningu, maður er ekki að fara að eyða þessu í eitthvað eigingjarnt eins og skó sem reima sig sjálfir eða 1.000 lítra af ís!

Hver var tvífarinn þinn á Facebook í síðustu viku? Fyrst Woody Allen, mér var einu sinni líkt við hann því hann er svo taugaveiklaður. En ég nota ekki gleraugu svo ég breytti mér í Tinkerbell, álfinn úr Pétur Pan. Svo reyndar samsvara ég mig mikið við Ninu Hagen.

Hvað er næst á dagskrá hjá þér og eru einhverjar sýningar á döfinni? Ætla að drífa mig að klára eitthvað af þeim lögum sem ég er búin að vera með á lager í fleiri ár – mig langar að gera plötu. Svo er ég að fara að vinna að því að gera sviðsmynd og búninga fyrir nýjustu stuttmynd Helenu Stefánsdóttur.

MÆLISTIKAN

Á uppleið

Bækur Nú er tíminn til að demba sér í bókaflóð jólanna, enda margar bækur helmingi ódýrari nú heldur en fyrir jólin.

Sumarbústaðir Þegar þú átt ekki lengur fyrir helgarferð til London, Parísar eða Rómar er gott að rifja upp hversu notalegt það er að stinga af upp í sumarbústað.

Norðurljós Þú þarft ekki að fara langt út fyrir bæinn á stjörnubjörtu kvöldi til að upplifa ókeypis ljósasjóv sem fær þig til að gapa af hrifningu.

Á niðurleið

Jólaseríur Það er ágætt að leyfa þeim að loga í svörtum janúarmánuði. En nú er orðið bjart úti og tímabært að láta þær hverfa.

Sushi Sushi-ið er komið til almúgans á Stjörnutorgi. Þar með hlýtur hipp og kúl hvítvíns- og sushi-liðið að snúa sér að einhverju öðru.

Opnir ballerínuskór Það er enn þá vetur, stelpur, inn með tærnar, þið getið fengið blöðrubólgu og kvef.

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

febrúar 2010

Bolla, bolla

Kennsla í að búa til bolluvendi og öskupoka um helgina

SÍÐA 4

Tilstand er óþarfi

Samverustundir gefa hafnfirskri fjölskyldu mikla gleði

SÍÐA 2

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í Vesturbænum
Pablo, Elísabet Narda og Aðalheiður.

Pabbi, get ég fengið queso?

Margir búa við tvö tungumál inni á heimilinu og börn takast á við það með misjöfnum hætti. Fjölskyldublaðið ræddi við þrjár margtyngdar fjölskyldur.

Aðalheiður Sveinsdóttir og Pablo Enrique Santos Melendez kynntust í heimalandi hans, Hondúras. Aðalheiður er spænskumælandi og þau töluðu alltaf saman spænsku, líka eftir að þau fluttu til Íslands. Þegar dóttir þeirra, Elísbet Narda, kom í heiminn fyrir rúmlega fimm árum kom ekkert annað til greina en að Pablo myndi tala við hana spænsku. „Það var stundum erfitt því að þegar hún var að læra að tala var hann ekki farinn að tala nægilega góða íslensku og þá skildi hann hana ekki alveg nægilega vel," segir Aðalheiður en Narda eins og hún er kölluð hefur yfirleitt svarað pabba sínum á íslensku þó að hann tali alltaf við hana á spænsku.

„Hún skilur alveg spænskuna en hefur lítið talað hana, nema stundum notað nafnorð á spænsku inni í setningum þegar hún er að svara pabba sínum, segir kannski pabbi get ég fengið queso sem þýðir ostur," segir Aðalheiður sem segir þó spænskuna búa undir eins og berlega hafi komið í ljós þegar fjölskyldan fór í frí til Hondúras þegar Narda var tveggja og hálfs árs. „Hún skipti einfaldlega yfir í spænsku eftir einn dag og talaði spænsku við alla nema mig og móður mína sem var með í ferðalaginu."

Nýverið hóf Narda nám í spænsku fyrir tvítyngd börn á laugardagsmorgnum og segir Aðalheiður að þá hafi gáttir opnast, hún hafi allt í einu orðið miklu öruggari að tala spænsku en áður.

Þau Aðalheiður og Pablo töluðu alltaf saman á spænsku en í seinni tíð eru þau farin að tala oftar saman á íslensku. Fyrir þeim sé hins vegar ótrúlega mikilvægt að Narda læri spænsku, þannig geti hún haft samskipti við fjölskyldu sína í Hondúras.

FRAMHALD Á SÍÐU 4

Hlý og falleg ullarföt á alla fjölskylduna.

TILBOÐSDAGAR!

JANUS Janusbúðin

Laugavegi 25 Reykjavík

Hafnarstræti 99-101 Akureyri

www.janus.no

Sólveig Gísladóttir skrifar

Ó mæ god

Dóttir mín talar viðstöðulaust þessa dagana. Það er gleðilegt en ekki þætti mér verra að skilja hvað hún er að segja og stundum finnst mér að hún hljóti að vera ættuð frá Póllandi. Hún hefur þó allsérstaka tækni til að gera móður sinni skiljanlegt hvað hún sé að fara, sérstaklega ef hún þarf að láta gera eitthvað fyrir sig; eins og að ná í kókómjólk í ísskápinn eða kveikja á sjónvarpinu.

Ég vil kalla tæknina gömlukonulistina því barnið mitt nýtir sér ævaforna tækni aldraðra Íslendinga við að tala við útlendinga. Þegar svo ólíklega vildi til að útlendingar flæktust hingað til lands fyrr á öldum hefur tungumálakunnátta Íslendinga ekki verið beysin. Hins vegar hafa þeir getað nýtt sér hina sérstöku samskiptatækni sem felst í því að segja orðið nógu oft og hækka alltaf róminn í hvert skipti. Þannig neyðist sá sem á hlýðir að geta upp á því hvað um sé að ræða. Það er nefnilega alveg ótrúlegt hve vel er hægt að gera sig skiljanlegan með þrautseigjunni einni saman.

Ég hef þó fulla trú á því að unga daman mín verði brátt orðin jafnvíg á íslensku og ensku enda hefur sjónvarpið unnið hug hennar undanfarið. Hún hefur einkar mikið yndi af landkönnuðinum Dóru, Diego og Latabæ. Húsmóðirin kann vel við að geta eldað kvöldmatinn óáreitt meðan barnið er í góðum höndum Dóru að læra að tala ensku. Hins vegar er slæmt ef eldamennskan dregst eitthvað því það þýðir að eina barnaefnið í boði er á Cartoon network þar sem ókræsilegar persónur á borð við Power Puff-stelpurnar ráða ríkjum. Þá fær húsfrúin móðurlegt samviskubit yfir að saurga huga unga barnsins í eiginhagsmunaskyni en reynir að hugga sig við að kannski verði barnið tungumálasénî í framtíðinni.

Enskukunnáttan hefur þó ekki enn látið á sér kræla þrátt fyrir nokkra einkatíma hjá Dóru og Diego. (Þó get ég raunar ekki staðreynt þessa fullyrðingu þar sem ég skil ekki hvað barnið er að segja nema að litlum hluta.) Hins vegar hefur hún tileinkað sér frasa sem unglingurinn á heimilinu á til að kasta fram við hin ýmsu tækifæri. Þannig sátu þær systur og horfðu á íslensku söngvakeppnina um síðustu helgi og þeirri eldri þótti eitthvað fremur asnalegt og hrópaði upp yfir sig: „Oh my god!“ Sú yngri greip þetta á lofti og þykir mikið sport að slá um sig öðru hvoru með einu góðu „Ómægod“, sérstaklega þegar gesti ber að garði.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Valgarður Gíslason Pennar: Ragnheiður Tryggvadóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sæl í Hafnarfirði Erla Björg Birgisdóttir og Árni Jónas Kristmundsson með Jónas Víking og Sólveigu Maríu heima á Suðurgötunni.

Þarf ekki mikið tilstand

Í snotru bárujárnshúsi við Suðurgötuna í Hafnarfirði búa þau Erla Björg Birgisdóttir og Árni Jónas Kristmundsson með börnunum sínum tveimur, Jónasi Víkingi og Sólveigu Maríu. Fjölskyldan hefur búið í Firðinum í rúmt eitt og hálft ár og kann vel við sig.

„Við förum varla út úr Hafnarfirði enda er það mjög fjölskylduvænn bær og mikið hægt að gera með krílin,“ segir Erla. „Við förum til dæmis oft í sund í Vallalaugina en þar er góð innilaug og gott leiksvæði fyrir börn.“

Erla segir fjölskylduna gjarnan nota föstudagana til að gera eitthvað saman en þá daga losni Árni fyrr úr vinnunni. Þá nota þau tækifærið og sækja Jónas Víking snemma á leikskólann og rölta svo niður í bæ.

„Það er mjög gaman að tylla sér inn á Súfistann og Jónasi Víkingi finnst það mjög spennandi. Við mæðginin förum síðan oft í sunnudagaskólann og róterum þá bara milli kirkna. Síðast fórum við í Fríkirkjuna og komum svo við í bakaríi á leiðinni heim. Það þarf ekki að vera svo mikið tilstand til að gleðja þessi kríli. Bara það að við komum bæði að sækja hann í leikskólann á föstudögum finnst honum alveg frábært.“

Erla segir þau Árna hafa einsett sér að gera eitthvað skemmtilegt saman einu sinni í viku þegar þau bjuggu í Árósum í Danmörku í eitt ár. Þangað fluttu þau með Jónas Víking sjö mánaða þegar Erla fór í nám og Árni var í feðrarorlofi.

„Áður en við fluttum út hafði alltaf verið brjálað að gera hjá okkur í vinnu og öðru. Úti höfðum við ekki fjölskylduna eða okkar tengslanet í kringum okkur og því reyndum við að vera dugleg að gera eitthvað saman. Við höfum síðan haldið í þessa venju eftir að við fluttum heim. Eins erum við dugleg að fá vinafólk í kaffi og förum líka einu sinni í viku í mat til foreldra Árna þar sem stórfjölskyldan hittist. Okkur finnst þetta gaman og mikilvægt meðan börnin eru lítil því þegar þau eldast vilja þau kannski frekar vera með vinum sínum. Það eru litlu stundirnar í lífinu sem gilda.“

- rat

Dagur sem setur svip sinn á bæinn

Fáir dagar setja jafn mikinn svip á bæjarlífið á Akureyri og öskudagur. Í tilefni þessa skemmtilega dags hefur verið sett upp örsýning á Minjasafninu á Akureyri en hún verður opnuð í dag. Akureysk börn eru mjög dugleg við að taka daginn snemma, arka um bæinn og heimsækja fyrirtæki í von um góðgæti fyrir fagran söng. Siðurinn er nú orðinn útbreiddari um landið en var lengi vel einungis hafður í hávegum í höfuðstað Norðurlands. Á sýningunni gefur að líta heimagerða öskudagsbúninga sem ýmist hafa verið lánaðir á sýninguna eða eru úr fórum safnsins. Þarna má sjá öskupoka frá því snemma á síðustu öld, tunnukóngsmerki og ýmsa gripi sem notaðir voru á öskudegi. Sýningin höfðar þannig örugglega til barna á öllum aldri, rétt eins og öskudagur sjálfur.

Sýningin er hluti af fjölskyldusýningu safnsins, Allir krakkar, allir krakkar – líf og leikir barna, sem óhætt er að mæla með við íbúa og gesti á Akureyri en margar fjölskyldur leggja leið síðan norður á þessum árstíma til að fara á skíði og ekki úr vegi á kíkja í Minjasafnið í leiðinni. Sýningin er opin á laugardögum frá 14-16 fram til 6. mars.

Börn í í öskudagsbúningum í byrjun 20. aldar. Ljósmynd: Hallgrímur Einarsson

ego dekor

-20%

Vegghengdur skenkur 183cm
Verð áður: 108.000,-
Verð nú: 86.400,-

Borð 160x90
Verð áður: 78.000,-
Verð nú: 62.400,-



-40%

CLASSIC gegnheilt eikarborð
EINGÖNGU FÁANLEGT Í 160X90
Verð áður: 85.000,-
Verð nú: 51.000,-

Vegghengdur skenkur
eik/hvítt háglans
Breidd: 120cm
Verð áður: 76.000,-
Verð nú: 45.600,-



-50%

COMO TV skenkur
–hvíttuð eik
Breidd: 305cm
Verð áður: 118.000,-
Verð nú: 59.000,-

-20%

TONE
stóll
Verð áður:
9.900,-
Verð nú:
7.920,-

-20%

RENO
leðurstóll
Eingöngu fáanlegt í brúnu og hvítu
Verð áður:
16.800,-
Verð nú:
13.440,-

-20%

OTIS
leðurstóll
Eingöngu fáanlegt í svörtu og brúnu
Verð áður:
15.900,-
Verð nú:
12.720,-

-20%

ORIANA
stóll
Verð áður:
15.900,-
Verð nú:
12.720,-

ÚTSÖLULOK 20-50% AFSLÁTTUR

FUNKIS svefnsófi
Stærð: 240x158
Svefnstæði: 138x210
Verð: 198.000,-
Tilboðsverð:
158.400,-

-20%

PALMA 4ra sæta
leðursófi
Breidd: 280cm
Verð: 237.000,-
Tilboðsverð:
189.600,-



-20%



GRANDO
3ja sæta og skammel
Breidd: 230cm
Verð: 174.000,-
Tilboðsverð:
139.200,-

-20%

EAST COAST
tungusófi
Stærð: 260X180
Verð: 236.000,-
Tilboðsverð:
188.800,-

STÓR
NEW ENGLAND
tungusófi
Stærð: 290X165cm
Verð: 245.000,-
Tilboðsverð:
196.000,-

-20%

NORRHAMN
3ja sæta og skammel
Breidd: 235cm
Verð: 168.000,-
Tilboðsverð:
134.400,-

-20%

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-17.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

málið

tölum og hlustum ...

TUNGUMÁLIN SEM FLESTIR TALA Samkvæmt wikipediu eru þau tungumál sem flestir tala í heiminum þessi; kínverska, spænska, enska, hindí/urdu, arabíska, bengalska, portúgalska, rússneska og japanska.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Ólík viðhorf til tvítyngi

Þegar talað er um tvítyngi er átt við fólk sem hefur tvö tungumál jafn vel á færi sínu. Í raunveruleikanum er þó yfirleitt annað tungumálið sterkara hinu, það tungumál sem er ráðandi í umhverfinu. Börn eru yfirleitt tvítyngd vegna þess að foreldrar þeirra tala hvort sitt tungumálið, en þau geta einnig verið tvítyngd vegna þess að þau búa í öðru landi en í upprunalandi foreldra sinna. Þá heyra þau eitt tungumál heima hjá sér en annað í skóla og umhverfi. Svo er til í dæminu, þótt það hafi ekki þekkst hér á landi, að börn séu send í til dæmis enskan skóla þar sem enska er ekki móðurmál til að gera þau tvítyngd og auka þar með framamöguleika þeirra.

Rannveig Sverrisdóttir.

Ýmsar kenningar eru til um tvítyngi og hvernig börn takast á við það, segir Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknmálsfræði við Háskóla Íslands. Hún segir eina kenninguna ganga út á að rugla ekki börnin, foreldrar tali ávallt sama tungumálið við börnin. Hún segir mjög algengt að börn sem búi við tvítyngi séu passíf í öðru málinu, svari kannski alltaf á því máli sem er ráðandi í umhverfinu.

Rannveig bendir á að börn séu mishæfileikarík er kemur að því að læra tungumál, þó að þau eigi kannski yfirleitt auðveldara með að læra tungumál en fullorðnir þá sé það ekkert náttúrulögmál að börn geti kunnað tvö tungumál jafn vel.

Viðhorf til tvítyngis fer nokkuð eftir því um hvaða tungumál sé verið að tala, segir Rannveig. Hún segir viðhorfið yfirleitt mjög jákvætt þegar um er að ræða tungumál sem eru útbreidd, til dæmis ensku eða spænsku. Hins vegar sé ekki álitið jafn sjálfsagt að hlúa að tvítyngi þegar tungumálin eru ekki jafn gagnleg, ef svo má segja.

Ensk/íslensk í Mosfellsbænum Sigurður, Judith og Alexander sitja en Matthías stendur fyrir aftan þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gátu ekki skipt yfir í íslensku

Á heimili Judith Þorbergsson, Sigurðar Þorbergssonar og þriggja barna þeirra, Matthíasar, Hönnu og Alexanders hafa tvö tungumál verið notuð jöfnum höndum í tuttugu ár, íslenska og enska. „Við Sigurður tölum alltaf einhverja íslensku og enskublöndu okkar á milli, það er svona slæm venja sem við höfum en við höfum alltaf talað okkar móðurmál við krakkana,“ segir Judith sem segist hafa þurft talsverða þrjósku til að halda því til streitu að tala alltaf við börnin á sínu máli, og ekki síður að fá þau til þess að svara sér á ensku.

„Það sem var svolítið erfitt hjá þeim var þegar þau voru að koma heim með vini sína fyrst, þau þurftu að venjast því að hér væri töluð íslenska og enska,“ segir Judith sem segir börnunum svo tamt að tala við hana á ensku að þau skipti alltaf yfir þó að íslenskan sé ráðandi í samræðunum. „Fyrir nokkrum árum þegar við vorum í fríi úti í Portúgal þá ætluðum við að skipta öll yfir í íslensku til að losna við ágang sá yngsti gat hreinlega ekki skipt yfir og talað íslensku við mig, honum fannst það bara of erfitt,“ segir Judith og hlær við en hún talar íslensku alveg reiprennandi. Hún segir það hafa skipt miklu máli fyrir sig að börnin sín gætu talað við vini og ættingja úti á Englandi

„Þau fengu svo öll að prófa að vera dag og dag í enskum skóla þegar við vorum í fríi þar, það var mjög gagnlegt og skemmtilegt,“ segir Judith sem segir krakkana ætíð hafa talað íslensku sín á milli, nema þá helst þegar þau hafa verið stödd úti á Englandi, þá hafi þau stundum skipt yfir í ensku.

Íslensk/ítölsk á Ítalíu Benedikt, Kristófer, Alma Sól og Immanuel Ketill.

Gleymi stundum að tala íslensku

Fífa Ketilsdóttir býr úti í grennd við Udine í Norðausturhluta Ítalíu með ítölskum eiginmanni sínum, fjórum börnum og tengdaföður. Hún hefur búið úti í fjórtán ár, flutti út þegar elsta dóttirin var nokkurra mánaða. „Ég var heimavinnandi fyrstu þrjú árin og talaði þá alltaf íslensku við hana, það skilar sér í því að hún talar íslensku og er alltaf fljót að komast á skrið þegar við komum til Íslands,“ segir Fífa. Drengirnir hennar þeir Benedikt, sjö ára, Ketill, fimm ára og Kristófer þriggja ára, hafa hins vegar ekki heyrt jafn mikla íslensku. „Ég reyni að tala íslensku en það er erfitt að mörgu leyti bara að muna það, enda er ég í ítölsku málumhverfi allan daginn.“ segir Fífa sem er óspart hvött af manni sínum að halda sig við íslenskuna.

Hún segir strákana þó búa að íslenskunni, það komi til dæmis í ljós í fríum hér á landi. „Svo finn ég líka mun eftir jólafrí og jafnvel helgarfrí, þá er ég afslappaðri að tala við þá á íslensku og gef mér tíma til að segja hlutina bæði á íslensku og svo á ítölsku til að vera viss um að þeir skilji,“ segir Fífa og bætir við að hún noti ítölskuna heldur þegar hún vill vera alveg viss um að þeir skilji hana. „Þetta er í rauninni síbreytilegt en ég reyni að halda mig sem mest við íslenskuna, þannig að börnin búi að henni í framtíðinni.“

Þess má geta að í Friuli-héraði þar sem fjölskyldan býr er töluð mállýska sem er svo ólík ítölsku að heimamenn kalla hana sértungumál, þannig má segja að fjölskyldan lifi í þriggja tungumála veruleika.

Kennsla fyrir tvítyngd börn

Móðurmál er félag um móðurmálskennslu tvítyngdra barna. Meginmarkmið félagsins er að gefa tvítyngdum börnum tækifæri til að læra og viðhalda eigin móðurmáli og menningu. Rannsóknir hafa enda sýnt fram á að börn sem fá að læra tungumál foreldra sinna eiga auðveldara með að læra nýtt tungumál, í þessu tilfelli íslensku.

Móðurmál leitast við að styðja kennara félagsins, afla þekkingar á tvítyngi og hvetja foreldra sem eiga tvítyngd börn til að veita börnum sínum tækifæri til að kynnast eigin móðurmáli og menningu.

Móðurmálskennsla eða leiðbeiningar fyrir tvítyngd börn hafa verið í boði hér á Íslandi síðan árið 1994 en félagið Móðurmál var formlega stofnað árið 2001. Tilgangur félagsins var og er að þróa tungumálanám með skýrum markmiðum og námskrá. Námið er fjármagnað með skólagjöldum og styrkjum. Námskeiðin sem haldin eru hjá Móðurmáli eru sérstaklega ætluð þeim börnum sem búa við tvö eða fleiri tungumál á sínu heimili. Móðurmál hefur boðið upp á námskeið í ensku, litháísku, rússnesku, spænsku, japönsku, arabísku, kínversku, pólsku og taílensku.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.modurmal.com.

ÁR TÍGURSINS Kínverska nýárið hefst á morgun, 14. febrúar. Af því tilefni verður ferðakynning hjá Kínaklúbbi Unnar að Njálsgötu 22a klukkan 17 á morgun. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig • Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Viltu vera með í krefjandi og gefandi verkefni?

Kópavogsdeild Rauða krossins leitar að sjálfboðaliðum, 30 ára og eldri, sem vilja vera heimsóknavinir og heimsækja heilabilaða einstaklinga. Heimsóknirnar eru bæði hugsaðar til að veita heilabiluðum félagsskap og rjúfa félagslega einangrun aðstandenda þeirra.

Allir sjálfboðaliðar verða teknir í viðtal og sitja undirbúnings-námskeið áður en heimsóknir hefjast. Næsta námskeið verður þriðjudaginn 23. febrúar.

Þetta er kjörið tækifæri fyrir einstaklinga með menntun á sviði heilbrigðis- eða félagsmála og aðra sem hafa reynslu í þessum efnum til að láta gott af sér leiða. Áhugasamir hafi samband við Kópavogsdeild í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • www.redcross.is/kopavogur • opið virka daga kl. 10-16

„Yfirleitt finnst mér sunnudagar frekar leiðinlegir, en þessi verður skemmtilegur," segir Ásthildur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ætlar í göngutúr með miklum heimspekingi

Ásthildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarmaður sér fram á fremur rólega helgi miðað við þá síðustu. Þó er ýmislegt á dagskránni, eins og kvikmyndasýningar, sundlaugarferð og afmælisveisla lítillar frænku.

„Þessi helgi verður nú tiltölulega róleg miðað við síðustu helgi, en þá fór ég á þrjár leiksýningar," segir Ásthildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarmaður um helgina sem í vændum er.

Í gærkvöldi skellti Ásthildur sér á safnanótt í Þjóðminjasafninu, þar sem þema kvöldsins var draumar af ýmsum toga. Þar voru sýndar tvær leiknar sjónvarpsmyndir eftir Ásthildi, Palli var einn í heiminum og Draumur um draum. Sú síðari var sýnd seint um kvöldið þannig að Ásthildur gæti hugsað sér að sofa út í dag, sátt og ánægð með viðtökurnar. „Ég verð svo í handritsvinnu til klukkan þrjú en þá ætla ég að fá hann Gutta minn, sem er svartur labrador, lánaðan og fara með hann í langan göngutúr í einhverju einskismannslandi þar sem ég get sleppt honum lausum. Gutti er mikill heimspekingur og er sérlega lunkinn við að finna nýja og skemmtilega vinkla á umræðuna," segir Ásthildur.

Eftir göngutúrinn hyggur Ásthildur á sundsprett í Sundhöllinni við Barónsstíg, en þó án hans Gutta. „Að öðrum ólöstuðum ber Sundhöllin af öðrum sundlaugum í Reykjavík. Laugardagskvöldið er alveg opið en endar líklega bara á letilegu sjónvarpsglápi. Yfirleitt finnst mér sunnudagar frekar leiðinlegir, en þessi verður skemmtilegur. Ég er nefnilega boðin í afmæli til lítillar frænku minnar í vesturbænum. Á gestalistanum er fullt af skemmtilegu fólki sem ég hlakka til að hitta. Svo er ég bara að hugsa um að skella mér í bíó á sunnudagskvöldið," segir Ásthildur Kjartansdóttir.

kjartan@frettabladid.is

Ferming 2010

Glæsilegt úrval af fermingakjólum

◄ Kjóll kr. 12.990 ►
Leggings kr. 3.990
Ermar kr. 4.990

COSMO
Kringlunni

Verðhrun

60-80% afsláttur

hjá Hrafnhildi

Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is

Aðalfundur

Aðalfundur Kjósarsýsludeildar Rauða kross Íslands
verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar kl. 20 í Þverholti 7

Dagskrá: **Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál**
Fundarseta er öllum heimil.
Félagsmenn eru hvattir til að mæta.
Stjórnin

Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR verða í Langholtskirkju klukkan 17 á morgun. Þar verður flutt tónverkið Pétur og úlfurinn eftir Sergei Prokofieff. Verkið er flutt af Láru Bryndísi Eggertsdóttur organista, Krúttkórnum, Kórskólanum og Graduale Futuri. Sögumaður er Örn Árnason.

Eftir sýningarferðalagið um landið ætlar Tinna Lind að láta langþráðan draum um bakpokaferðalag með vinkonu sinni verða að veruleika. MYND/HEIDA.IS

Með leikrit í farteskinu

Tinna Lind Gunnarsdóttir er stödd á Akureyri með leikhópnum Munaðarleysingjar. Þar sýna þau verkið Munaðarlaus í dag og á morgun en leggja svo upp í frekara ferðalag um landið. Ferðinni er heitið á Vopnafjörð, Ísafjörð og aftur á Akureyri en sýningin er óvissusýning ársins hjá Leikfélagi Akureyrar.

Leikhópurinn Munaðarleysingjar lagði land undir fót um helgina með leikritið Munaðarlaus í farteskinu en það hefur verið sýnt í Norræna húsinu frá því í byrjun janúar. Verkið verður sýnt í Rýminu hjá Leikfélagi Akureyrar klukkan 19 í dag og 20 á morgun en á þriðjudag tekur hópurinn stefnuna á Vopnafjörð og sýnir svo á Ísafirði á miðvikudag. „Við verðum svo aftur á Akureyri aðra helgi en Leikfélag Akureyrar valdi sýninguna óvissusýningu ársins," segir Tinna Lind Gunnarsdóttir, einn af meðlimum hópsins sem einnig er skipaður þeim Hannesi Óla Ágústssyni, Stefáni Benedikt Vilhelmssyni og Vigni Rafni Valþórssyni.

Munaðarlaus, sem heitir á frummálinu Orphans, er nýtt verk eftir breska leikskáldið Dennis Kelly. „Við ákváðum að fjárfesta í réttinum og setja það upp án nokkurra styrkja," segir Tinna en verkið er í þýðingu og leikstjórn Vignis Rafns Valþórssonar. Upphaflega var aðeins gert ráð fyrir átta sýningum í Norræna húsinu en þær urðu þó nær fimmtán. Verkið var frumsýnt á Edinborgar-hátíðinni síðastliðið sumar, hlaut frábærar viðtökur og vann til verðlauna. Það var síðan frumsýnt í Birmingham Repertory Theatre í september, í Soho Theatre í London 8. október og einungis þremur mánuðum seinna á Íslandi. „Við tryggðum okkur sýningarréttinn áður en verkið var frumsýnt í London en það er ekki oft sem svona glóðvolg verk eru sýnd hér heima.

Íslenskir leikhúsunnendur hafa tekið verkinu vel en Tinna segir það taka á ýmsum álitamálum. „Það fjallar um systkini sem misstu foreldra sýna ung og atburðarás sem fer af stað þegar bróðirinn kemur alblóðugur inn á heimili systur sinnar. Það tekur á ýmsum siðferðilegum spurningum, fordómum og fleiru.

Þegar sýningartörninni lýkur liggur leið Tinnu Lindar út fyrir landsteinana en hún er á leið í bakpokaferðalag með vinkonu sinni. Stefnan er tekin á Perú og Chile og gerir Tinna ráð fyrir því að vera á ferðalagi í fimm vikur. „Þetta er gamall draumur sem ég er fyrst núna að ná að sauma inn í dagskrána hjá mér. Ég fer síðan beint norður um páskana að sýna Með horn á höfði og er því farin að heiman í allmargar vikur," segir hún glaðlega.

Tinna Lind er gift tenórnum Garðari Thór Cortes og mun hann fylgja henni áleiðis í ferðalagið en snúa svo aftur heim og bíða hennar á meðan hún fer á vit ævintýranna. *vera@frettabladid.is*

Skyndihjálparnámskeið fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins

Skyndihjálp – 4 stundir

Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum.

• 27. febrúar og 20. mars kl. 10-14 í Hafnarfirði • 16. febrúar kl. 18-22 í Kópavogi
• 24. mars kl. 17.30-21.30 í Kjós • 24. febrúar kl 18-22 á Álftanesi, Álftanesskóla, skráning í síma: 565 2425

Skyndihjálp – 16 stundir

Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum og auka færni í að meta einkenni algengra sjúkdóma og áverka. Námskeiðið veitir einingu í framhaldsskóla.

• Fullbókað í öll námskeið. Hægt er að hafa samband við sjálfboðamiðstöð Reykjavíkurdeildar.

Sálrænn stuðningur I

Fyrir þá sem vilja fræðast um sálrænan stuðning, læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.

• 1. mars kl. 17-21 í Kópavogi • 18. febrúar kl. 17-21 í Hafnarfirði • 3. mars kl. 17.30-20.30 í Garðabæ

Sálrænn stuðningur II

Fyrir þá sem vilja fræðast um sálrænan stuðning, læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.

• 24. febrúar kl. 17.30-20.30 í Kjós • 17. mars kl. 17.30-20.30 í Hafnarfirði

Skráning og nánari upplýsingar í sjálfboðamiðstöðvum.

Sjálfboðamiðstöðvar Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkurdeild, Laugavegi 120, sími 545 0400. reykjavik@redcross.is.
Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626. kopavogur@redcross.is.
Garðabæjardeild, Hrísmóum 4, Garðatorgi, sími 565 9494. gardabaer@redcross.is.
Hafnarfjarðardeild, Strandgötu 24, sími 565 1222. hafnarfjordur@redcross.is.
Kjósarsýsludeild, Þverholti 7, Mosfellsbæ sími 898 6065. kjos@redcross.is

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE (VITUS BERING DENMARK) Í HORSENS BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU
• Byggingafræði
• Véltæknifræði
• Byggingaiðnfræði
• Markaðshagfræði
• Byggingatæknifræði

Á ENSKU
• Tölvutæknifræði
• Framleiðslutæknifræði
• Útflutningstæknifræði

Á DÖNSKU
• Véltækni
• Landmælingar
• Aðgangsnámskeið

KYNNINGARDAGUR Í NORRÆNA HÚSINU Í REYKJAVÍK:
Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi laugardaginn 20. febrúar 2010, frá kl.11-16. Áhugasamir geta haft samband í síma 568-9000 (Grand Hótel). Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka eða hringið beint í Johan í síma 8458715.

WWW.VIAUC.DK

VIA UNIVERSITY COLLEGE
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: tekmerk@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Líf og lög Gunna Þórðar

Ný tónlistardagskrá með Gunnari Þórðarsyni verður frumsýnd í Landnámssetrinu í Borgarnesi í kvöld. Þar ræðir tónskáldið ástsæla um ævina, rifjar upp skemmtilegar sögur og leikur lög sem þeim tengjast.

„Landnámssetrið hefur verið með sýningu byggða á sögu Egils Skallagrímssonar. Ætli þessi sýning sé ekki svona nútímaútgáfa af henni," segir Gunnar Þórðarson tónskáld. Í kvöld frumsýnir Gunnar tónlistardagskrána Lífið og lögin í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi.

Lög Gunnars eru flestum Íslendingum að góðu kunn og eru mörg þeirra fyrir löngu orðin samofin íslenskri þjóðarsál. Í dagskránni í Landnámssetrinu rekur hann lífshlaup sitt frá því hann var ungur drengur á Hólmavík og fram til dagsins í dag. Gunnar er einn á sviðinu með gítarinn og meðfram sögunum syngur hann og leikur lög sem þeim tengjast.

„Ég spjalla um allan andskotann," segir Gunnar og hlær þegar hann er spurður um viðfangsefni dagskrárinnar. „Keflavík kemur við sögu, gamlir félagar, Hljómarnir og þar fram eftir götunum. Í raun má líka segja að ég fari yfir þróun íslenskrar dægurtónlistar í nokkuð mörg ár og minn þátt í henni, sem er dálítill. Ég geri mitt besta til að vera sannur og dreg ekkert undan. Þetta hefur verið gaman, en líka sársaukafullt."

Spurður um hvaða lög Gunnars áhorfendur komi til með að heyra í sýningunni segir hann þau koma úr öllum áttum af ferlinum. „Ég spila Hljómalög, Trúbrotslög og líka lög af sólóplötunum mínum, eins og Vetrarsól og ýmislegt sem fellur til."

Auk alls þessa bregður Gunnar á leik og gefur áhorfendum færi á að syngja með sér á upptöku sem fólk getur síðan nálgast á netinu. Að sögn Gunnars stendur sýningin yfir hvern laugardag eitthvað fram eftir vetri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég geri mitt besta til að vera sannur," segir Gunnar um nýja dagskrá sína í Landnámssetrinu.

Nóg er um að vera í Landnámssetrinu þessa dagana, en næsta föstudag verður þar frumsýnd ný sýning eftir Jón Gnarr sem nefnist Lifandi í Landnámssetri. Það er því óhætt að mæla með að fólk taki sér á hendur ferð í Borgarfjörðinn á næstu vikum.

kjartan@frettabladid.is

Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar
lokar 1. mars næstkomandi
ÚTSALA
40% afsláttur
af öllum vörum
Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga
Bergstaðastræti 4 – 101 Reykjavík – Sími: 562-0335

ÚTSALA
20-50% afsláttur
Úlpur - Kápur - Jakkar - Peysur - Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16

ALLT HEILSA
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Velkomin í World Class Laugum
Ferðafélagar, útivistarunnendur og fjallagarpar.

Laugardaginn 13. febrúar kl. 14 - 17 býður World Class í samstarfi við Ferðafélag Íslands til sérstæðrar sýningar í Laugum. Til sýnis verða vegleg skilti sem Ferðafélag Íslands hefur sett upp í samstarfi við VALITOR og VISA á Íslandi á vinsælustu gönguleiðum landsins: Laugavegi, Fimmvörðuhálsi og Hvannadalshnjúki.

Boðið verður upp á próteindrykkinn Hámark.
Sýningin er öllum opin og er aðgangur ókeypis.

World Class ICELAND
VALITOR VISA
FÍ

ÍSLENSK HÖNNUN

KYNNING

Ein af nýju breytanlegu ► flíkunum frá EMAMI hefur nú þegar slegið í gegn. Um er að ræða flíkina PECULIAR PIECE sem má breyta á fleiri 15 vegu og má þar nefna síða og stutta kjóla, með eða án erma, skyrtur, bolero og fleira. Þetta er frábær flík fyrir allar skapandi konur eða bara þær sem vilja geta breytt reglulega um stíl.

EMAMI
Skólavörðustíg 10
-bílastæðismegin-
101 Reykjavík
www.rosadesign.is

◄ **Rauður kjóll** frá Rósa Design. Verð 90.000
Rósa Design notast við efni eins og ull, silki og bómull. Eldri flíkur eru endurnýttar í takt við umhverfisvernd og vistvænan lífsstíl og eykur endurnýtingin einnig sköpunargleði og frumleika. Kvenleiki og tímaleysi er ein af sérstöðu hönnunarinnar.

Rósa Design
Skólavörðustíg 10 -bílastæðismegin- 101 Reykjavík
www.rosadesign.is

Svartur og grár jessey kjóll ► með rúllukraga, bútuðum ermum og pilsi. Fæst í þeim litum sem að óskað er eftir og saumað eftir stærð. Kjóllinn er saumaður á sauma-stofunni Fatastíll. Verð kr. 37.900.

Stella Bára Design ehf
300 Akranesi
S: 567-6800
Stella Bára er á Facebook

◄ **Hönnun Maríu Lovísu** er frumleg en um leið mjög kvenleg. Hún leggur mikla áherslu á vönduð efni og hefur sérstakt dálæti á íslensku ullinni.
Verð kr. 46.000

María Lovísa
Skólavörðustíg 6A
101 Reykjavík
S: 562 6999
www.marialovisa.com

HANNA - Þæfðir vængir ►
Spennandi vængjabolur þar sem íslensk ull er þæfð í röndum á bómullarnet. Flottur yfir kvöldkjólinn og líka við gallabuxurnar

HANNA
Laugavegi 20B við Klapparstíg
551 5070
www.hanna.is

▲ **Krista Design** er nýtt fyrirtæki sem selur gjafavörur, unnar úr endurunnum hjólbörðum. Gúmmíið er fengið frá Gúmmívinnslunni á Akureyri og vörurnar framleiddar hjá Krista Design. Um er að ræða hitaþolna platta sem nota má undir heita potta og eldföst mót. Plattarnir eru endingagóðir, hvorki rispa né brotna og er gott að þrífa. Hönnunin er byggð á rósaleppamynstrinu sívinsæla og fást plattarnir í 3 gerðum og 2 litum. Íslandsklukkan er einnig fáanleg hjá okkur en hún er unnin úr sama hráefni.

Endurvinnsla er mál okkar allra og með þessari hönnun er stuðlað að endurýtingu og verndun umhverfisins. Endurvinnum og veljum íslenskt !! Vörurnar og nánari uppl. má nálgast á www.kristadesign.is og einnig í verslunum EPAL, Volcano Design, Hraunhúsum og Sirku á Akureyri.

Krista Design
www.kristadesign

Helga og Signý í litskrúðugri vinnustofu hins nýja fyrirtækis þeirra, Tulipop. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Egg til ágóða fyrir börn

Minnisbækur, tækifæriskort og veggskreytingar eru fyrstu framleiðsluvörur hönnunarfyrirtækisins Tulipop. Lítil páskaegg í litskrúðugum öskjum koma líka brátt í búðir og verða seld til ágóða fyrir UNICEF.

„Við vorum að fá kennitölu og útvega okkur strikamerki; heimasíða og vefverslun eru líka alveg að komast á koppinn. Þetta er allt í startholunum," segir Signý Kolbeinsdóttir hönnuður kampakát. Hún er nýbúin að stofna fyrirtækið Tulipop með vinkonu sinni, Helgu Árnadóttur. Sú síðarnefnda er menntuð í viðskiptafræði og sér um þá hlið rekstursins, að sögn Signýjar.

Stór gjafakort í myndskreyttum öskjum og minnisbækur eru á leið úr smiðju þeirra Signýjar og Helgu. Auk þess veggfóður og vegglímmiðar með litfögrum fígúrum og skissubækur með nýjum mynstrum. „Við verðum í Epal til að byrja með og eigum eftir að tala við fleiri búðir," segir Signý spurð um hvar vörurnar verði til sölu.

Fyrsta viðfangsefni þeirra stallsystra var reyndar að gera páskaegg í samvinnu við UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Það kemur í matvöruverslanir mánuði fyrir páska. „Rosa skemmtilegt verkefni," segir Signý og lýsir því nánar. „Þetta eru minnstu eggin frá Nóa Síríusi, Gullegg heita þau og eru í álpappír. Við höfum látið sérútbúa málshætti í þau sem allir snúast um börn. Eggin verða sett í öskjur sem ég myndskreyti og ágóði af sölunni rennur til UNICEF," segir Signý. „Hver askja verður á um 500-kall og fyrir eina slíka er til dæmis hægt að útvega fimm skammta af bóluefni gegn mænusótt fyrir börn."

gun@frettabladid.is

Fossinn heitir þessi mynd Signýjar og kemur við sögu í framleiðslunni.

Skreytingar sem urðu innblástur að fyrstu vörulínunni hjá Tulipop.

Libra

Hjá Libra ehf. starfa 25 starfsmenn. Við byggjum á yfir 13 ára grunni og erum leiðandi hugbúnaðarfyrirtæki á innlendum fjármálamarkaði. Megin kerfi okkar eru Libra Loan, lánaumsýslukerfi, og Libra Securities, verðbréfaumsýslukerfi.

Hugbúnaðarþróun

Við leitum að efnilegum forriturum til að vinna við greiningu, hönnun, forritun og prófanir á Libra hugbúnaðarkerfum fyrir fjármálamarkaðinn.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla á SQL og .NET æskileg
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hópi

Við bjóðum

- Krefjandi verkefni
- Þátttöku í samhentum hópi
- Starfsstöð í Kópavogi eða á Akureyri

Starfsumsókn og ferilskrá sendist á jonpall@librasoft.is fyrir 28. febrúar.
Nánari upplýsingar fúslega veittar í síma 595-8715

Viltu skipta máli?

Framkvæmdastjóri

Ernst & Young hf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra daglegri starfsemi fyrirtækisins.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Dagleg framkvæmdastjórn með áherslu á stjórnun starfsmannamála, fjármála og markaðsmála
- Markmiðasetning og stefnumótun í samvinnu við stjórn

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og samskiptahæfni
- Reynsla af stjórnun er kostur

Upplýsingar veitir:
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is.**
Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Ernst & Young er í fararbroddi um allan heim í verkefnum á sviði endurskoðunar, skattamála og viðskiptaráðgjafar. Starfsfólk okkar, 144.000 manns um víða veröld, hefur sameiginlegt gildismat og óbilandi áhuga á að veita gæðaþjónustu. Við skiptum máli með því að aðstoða starfsfólk okkar, viðskiptavini og samfélögin sem við störfum í við að nýta möguleika sína.

ERNST & YOUNG
Quality In Everything We Do

Laust starf hjá Lyfjastofnun

Sviðsstjóri á eftirlitssviði

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi starfsmann til starfa.
Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í lyfjafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Þekking og reynsla í gæðamálum æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvufærni
- Góð íslenskukunnátta
- Góð enskukunnátta nauðsynleg og annað/önnur Evrópumál æskileg

Helstu verkefni eru m.a.:
- Stjórnun eftirlitssviðs, sem felur í sér þátttöku í stefnumótun og gerð rekstraráætlana
- Yfirumsjón, skipulag og framkvæmd eftirlits (GMP, GDP, GCP) með þeim sem Lyfjastofnun hefur eftirlit með
- Alþjóðlegt samstarf

Starf sviðsstjóra eftirlitssviðs heyrir beint undir forstjóra stofnunarinnar.
Upplýsingar um starfið gefur Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri, sími 520 2100. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.Umsókn um starfið óskast send, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum, til Lyfjastofnunarmerkt: Starfsumsókn. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2010. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknareyðublað ásamt nánari upplýsingum um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is

512 Auglýsingasími 54 01

Allt sem þú þarft...

Samhjálp

Hlaðgerðarkot

Matráður

Laus er til umsóknar staða matráðs í Hlaðgerðarkoti, meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

Nánari upplýsingar á www.samhjalp.is og hjá framkvæmdastjóra í s. 561 1000.

Leikskólinn Hólabær, Reykhólum

Atvinna

Okkur vantar leikskólakennara eða aðstoðarmann á leikskólann okkar.

Hólabær er lítill leikskóli þar sem dvelja 25 börn á þremur deildum, Stubbadeild, Stjörnudeild og Snillingadeild.

Okkur vantar kennara á Stjörnudeild þar sem eru 10 börn þegar flest er. Börnin eru á aldrinum 2,5–4ra ára.

Starfið er laust þann 1. mars 2010.

Ef þú hefur áhuga, hringdu þá í síma **434 7832** og talaðu við Björgu, sem er tilbúin að gefa þér allar upplýsingar.

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Rekstrarstjóri Ferðamálastofu

Ferðamálastofa leitar eftir rekstrarstjóra í 100% starf sem ráðið verður í frá og með 1. apríl 2010. Starfið getur verið staðsett í Reykjavík eða á Akureyri.

Rekstrarstjóri mun heyra beint undir ferðamálastjóra en starfssvið hans er m.a.:
- Dagleg fjárhagsleg umsýsla stofnunarinnar, greiðsla reikninga og færsla bókhalds
- Vinna að gerð ársáætlana stofnunarinnar og eftirfylgni við þær
- Umsjón með samningagerð vegna styrkveitinga stofnunarinnar
- Umsjón með samningagerð og fjársýslu vegna alþjóðlegra kynningarmála
- Umsýsla vegna starfsmannahalds, í samvinnu við ferðamálastjóra

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða skyldum greinum er skilyrði
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af fjármálastjórnun hjá hinu opinbera
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, kunnátta í fleiri tungumálum er kostur
- Framtakssemi, sjálfstæði í vinnubrögðum og löngun til að takast á við síbreytileg verkefni
- Samskiptahæfni

Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á www.ferdamalastofa.is.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2010. *Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast skrifstofu Ferðamálastofu í Reykjavík, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík eða á netfangið olof@icetourist.is og vera merktar starfinu. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða, en öllum umsóknum verður svarað. Laun verða greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.*

www.ferdamalastofa.is

Geirsgata 9 I 101 Reykjavík I Sími 535 5510 I upplysingar@icetourist.is I www.icetourist.is
Strandgata 29 I 600 Akureyri I Sími 464 9990 I upplysingar@icetourist.is I www.icetourist.is

Skagafjörður

Auglýst er eftir leikskólastjóra við sameinaðan leikskóla á Sauðárkróki

Ákveðið hefur verið að sameina leikskólana Furukot og Glaðheima á Sauðárkróki undir eina stjórn. Í byggingu er nýr og glæsilegur leikskóli sem tekinn verður í notkun að sumarleyfum loknum. Leikskólinn , sem verður 9 deilda, mun þá starfa á tveimur stöðum í bænum – í nýja húsinu við Árkíl og á Glaðheimum.
Hér með er leitað eftir umsóknum um starf leikskólastjóra við sameinaðan leikskóla.

Leitað er eftir einstaklingi sem býr yfir eftirfarandi:
- Leikskólakennaramenntun eða annarri jafngildri menntun sbr. lög nr. 87/2008
- Mikilli hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðbótarnámi á sviði uppeldis- og menntunarfræða
- Menntun / reynslu í almennri stjórnun og/eða mannauðsstjórnun
- Frumkvæði og jákvæðni
- Ögun og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að taka þátt í þverfaglegum samstarfsverkefnum

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við Kí vegna Félags leikskólakennara. Nýr leikskólatjóri mun taka þátt í undirbúningi að sameiningu skólanna í samstarfi við fræðslunefnd og fræðslustjóra og móta stefnu hins sameinaða leikskóla í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um stöðuna.

Í Sveitarfélaginu Skagafirði búa um 4200 manns, þar af um 2700 á Sauðárkróki. Í sveitarfélaginu er fjölbreytt og góð skóla- félags- og heilbrigðisþjónusta sem og öflugt atvinnulíf. Möguleikar á afþreyingu og tómstundum eru miklir og menningarlíf með blóma.
Umsóknarfrestur er til 1. mars n.k. Umsóknir skulu sendar til Sveitarfélagsins Skagafjarðar merktar „Umsókn um stöðu leikskólastjóra“ eða á netfangið has@skagafjordur.is.

Nánari upplýsingar gefur Herdís Á Sæmundardóttir, fræðslustjóri í síma 455 6000 eða í gegnum netfangið has@skagafjordur.is.

Framtakssjóður Íslands slhf er samlagshlutafélag lífeyrissjóðanna. Markmið félagsins er að taka þátt í fjárhagslegri og rekstrarlegri endurreisn íslensks atvinnulífs og um leið ná vænlegri arðsemi á fjárframlög sjóðanna. FSÍ mun fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll.

FSÍ mun taka þátt í stærri fjárfestingum sem stuðla að hagræðingu eða samruna fyrirtækja, innan þeirra marka sem samkeppnissjónarmið leyfa, og leitast við að stuðla að skráningu hlutafélaga á almennum hlutabréfamarkaði.

Ritari/bókari

Framtakssjóður Íslands óskar eftir að ráða skrifstofumann til starfa.

Starfssvið
- Almenn skrifstofustörf og skrifstofuumsjón
- Móttaka, símavarsla
- Skjalastjórnun og skjalaflokkun
- Bókanir og umsjón funda
- Bókhald, greiðsla reikninga o. fl.

Hæfniskröfur:
- Bókhaldsþekking og haldgóð almenn menntun
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum
- Góð Word- og Excel-kunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Ertu góður sölumaður?

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Góður vinnuandi og góðir tekjumöguleikar fyrir þá sem ná árangri. Markviss þjálfun og kennsla. Tryggingar og ráðgjöf er stærsta vátryggingamiðlun landsins með 35.000 viðskiptavini. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið atvinna@tryggir.is eða í síma 590 1600.

Tryggingar & Ráðgjöf
Skeifunni 19 - 108 Reykjavík
www.tryggir.is

Tryggingar og ráðgjöf

Atvinna í Reykjanesbæ

Til leigu fullbúið atvinnueldhús sem hannað er fyrir rekstur smurbrauðsstofu með aðgengi að veislusal. Frábært tækifæri fyrir samhenta einstaklinga.

Upplýsingar veittar á skrifstofutíma í símum 421-4242 og 869-9698

CARTER hársnyrtistofa

Starfsmaður óskast

Upplýsingar veitir Róbert í síma 699-0979 og á staðnum.

FJÖRÐUR

Sími: 5 65 55 30 - 5 65 33 73.-Fjarðargata 13 - 15. 220

með kveðju

Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGUR Í FLUTNINGASTJÓRNUN

samskip

Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega ráðgjöf. Þekking, samheldni og frumkvæði starfsfólksins eru lykilþættir í árangri okkar. Vilt þú slást í hópinn?

Ábyrgðar- og starfssvið
- Stýring á þurrgámaflota fyrirtækisins með lágmörkun kostnaðar og hámörkun nýtingar að leiðarljósi
- Samantekt og úrvinnsla tölulegra upplýsinga og gerð spálíkana
- Samskipti við erlend gámaleigufyrirtæki
- Áætlanagerð vegna gámarekstur
- Þátttaka í markmiðaáætlunum og gæðastarfi fyrirtækisins

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun í verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af flutningastarfssemi kostur
- Mjög góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samstarfshæfni og sveigjanleiki

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Nova leitar að liðsauka til að geta þjónustað enn betur vaxandi hóp fyrirtækjaviðskiptavina.

Starfsmenn Nova eru 85 og viðskiptavinir fyrirtækisins yfir 60.000 talsins. Fyrirtækjaþjónusta Nova er í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Lágmúla 9.

Fyrirtækjaþjónusta Nova býður fyrirtækjum 3G farsíma- og netþjónustu á lægra verði en áður og rík áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, persónulega og sveigjanlega þjónustu. 3G farsíma- og netkerfi Nova gerir okkur mögulegt að koma betur til móts við þarfir markaðarins fyrir nútímasamskipti.

Viðskiptastjóri fyrirtækjaþjónustu

Starfið felur í sér sölu- og þjónusturáðgjöf til fyrirtækja. Hlutverk viðskiptastjóra er m.a. fólgið í daglegum samskiptum við viðskiptavini og tryggja þannig að þjónusta Nova við þá sé fyrsta flokks. Viðskiptastjóri vinnur náið með söluráðgjöfum fyrirtækjaþjónustu þegar kemur að móttöku nýrra viðskiptavina.

Viðskiptastjóri þarf að hafa reynslu á sviði fyrirtækjasölu og/eða -þjónustu. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem hefur ríka þjónustulund og frábæra samskiptahæfileika. Háskólapróf eða önnur sambærileg menntun er skilyrði. Reynsla úr starfsumhverfi tæknifyrirtækja er kostur en nauðsynlegt er að viðkomandi hafi áhuga á tækninýjungum.

Sæktu um 21. fyrir feb. á starf@nova.is

Nánari upplýsingar veitir Harald Pétursson, yfirmaður fyrirtækjaþjónustu Nova, harald@nova.is.

Tækniráðgjafi fyrirtækjaþjónustu

Starfið felur í sér tæknilega ráðgjöf, sölu og þjónustu til viðskiptavina Nova í fyrirtækjaþjónustu. Tækniráðgjafi vinnur náið með viðskiptastjórum og söluráðgjöfum fyrirtækjaþjónustu þegar kemur að móttöku nýrra viðskiptavina í þjónustu Nova. Hann sér jafnframt um daglega aðstoð við viðskiptavini, t.d. uppsetningu á netinu í símanum, tölvupósti, kennslu og almenna aðstoð við notendur.

Tækniráðgjafi þarf að hafa reynslu á sviði fyrirtækjasölu og/eða -þjónustu. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem hefur ríka þjónustulund og frábæra samskiptahæfileika. Háskólapróf eða önnur sambærileg menntun er skilyrði. Reynsla úr starfsumhverfi tæknifyrirtækja/fjarskiptafyrirtækja er kostur en nauðsynlegt er að viðkomandi hafi áhuga á tækninýjungum.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

DAGUR & STEINI

Staða forstjóra Norðurbryggju í Kaupmannahöfn er laus til umsóknar

Norðurbryggja (Nordatlantens Brygge) - menningarhús Íslands, Færeyja og Grænlands í Kaupmannahöfn - er til húsa í gömlu, endurgerðu pakkhúsi á Christianshavn. Í húsinu eru einnig ráðstefnusalir, hinn rómaði veitingastaður noma, Sendiráð Íslands, sem og Sendistofur Færeyja og Grænlands.
Nýr forstjóri þarf að hafa reynslu af menningarstarfi og búa yfir ítarlegri þekkingu á menningu Færeyja, Grænlands og Íslands, hafa reynslu af rekstri menningarstofnana og góða hæfileika til að stjórna slíkri stofnun.
Starfið er laust frá 1. ágúst 2010.

Starfslýsing – verkefni

- Að tryggja vandaða og fjölbreytta menningardagskrá, þróa samstarf við fyrirtæki og stuðla að samningum við styrktaraðila.
- Að sjá um að þróa ráðstefnu- og leiguaðstöðu stofnunarinnar og tryggja tekjur af þeim og öðrum þáttum rekstrarins, sem og að þróa og fylgja eftir fjárhagsáætlun.
- Að þróa og tryggja góð starfsskilyrði fyrir starfsmenn sem og góðan starfsanda.
- Að tryggja skynsama stjórnun á bygginum og landi í eigu Norðurbryggju og sjá til þess að þær séu vel reknar og þeim vel viðhaldið.
- Að koma á og rækta innlend og alþjóðleg tengslanet menningar og viðskipta.
- Að stuðla að góðu samstarfi við stjórnarformann og stjórn, og formann fulltrúaráðs, sem og aðra meðlimi ráðsins.

Starfsskilyrði og menntun

- Viðeigandi menntun.
- Umsækjandi þarf að hafa fullt vald á dönsku og ensku, og það er kostur að tala færeysku, grænlensku eða íslensku.
- Reynsla af rekstri svipaðrar stofnunar nauðsynleg.
- Reynsla af fjármálastjórn, umsóknum um styrki sem og annarri fjáröflun.
- Reynsla af menningarmiðlun og menningarsamvinnu við Færeyjar, Grænland, Ísland og Danmörku.
- Reynsla í alþjóðlegum samskipum, þó einkum við Danmörku, Færeyjar, Grænland og Íslands en einnig öðrum norðurlöndum.
- Góðir samstarfseiginleikar til þess að tryggja hagsmuni Norðurbryggju í víðu samhengi.
- Góðir stjórnunarhæfileikar til þess að byggja upp öflugt, skapandi og árangursríkt starf.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um stöðuna fást hjá formanni stjórnar Søren Haslund-Christensen, í síma +45 5151 8888 eða +45 3391 2088 og hjá núverandi forstjóra Helgu Hjörvar, í síma +45 2337 4565 og +445 3283 3700. Einnig er hægt að lesa nánar á www.bryggen.dk.

Umsókn

Umsóknina skal stíla á Nordatlantens Brygge og sendast til Nordatlantens Brygge, Strandgade 91, DK-1401 København K. merkt „Ansøgning", eða til helga@bryggen.dk. Umsóknin skal berast skrifstofu Norðurbryggju eigi síðar en miðvikudaginn 3. mars nk. kl 12:00.

Mechanical Engineer for Food Processing Machinery

Company overview:
SF has offices in the UK and Ireland. The company offers standard and customized processing and packaging solutions to the food processing industry.
www.sfengineering.ie

Role overview:
The role will suit an energetic and ambitious individual where experience in the food/engineering sector is an advantage. Crucial to the role will be the ability to utilise industry experience in developing our R&D team. The role requires an individual who can demonstrate genuine entrepreneurial qualities as well as managing skills.

Primary duties, targets & responsibilities

- Developing and testing solutions
- Developing & growing our R&D team in the UK and Ireland
- Driving development with management team for timelines and accountability
- Researching customer needs

Your profile:

- Ambitious and highly motivated
- Exposure to both business and technical environment
- Creativity in identifying and exploiting opportunities
- Work well as an individual as well as a part of a team
- Knowledge of AutoCAD and SolidWorks

If you are interested in a job at a fast growing company with opportunity to develop our own skills, please send your CV marked "Design Engineer" to:

jgunnarsson@sfengineering.ie
or to:
Lindarhvammur 10
220 Hafnarfjörður

Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 10 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

MEDIS

Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum. Á meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu. Medis er með starfsemi í átta löndum og rúmlega 70 starfsmenn. Hjá Medis er stefnt að því að vera fyrst á markað með ný samheitalyf um leið og einkaleyfi falla úr gildi.

Sérfræðingur - Business Analysis

Business Analysis hefur umsjón með áætlana- og skýrslugerð Medis og tengdra félaga. Þar undir falla m.a. greiningar á frávikum, eftirspurn, áhættum og markaðsaðstæðum. Deildin sér einnig um innleiðingu nýrrar upplýsingatækni og ferla hjá Medis.

Starfið felur í sér innleiðingu á nýjum viðskiptakerfum og viðhaldi á viðskiptamannakerfi Medis. Önnur verkefni sérfræðingsins eru samhæfing á kerfum og greining á núverandi ferlum, ásamt því að koma með tillögur um úrbætur og innleiðingu. Starfið krefst mikilla samskipta við upplýsingatæknisvið félagsins auk annarra deilda Medis.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í verkefnastjórnun, viðskiptafræði, kerfisfræði eða verkfræði. Gerð er krafa um góða þekkingu á aðferðum verkefnastjórnunar og áhuga og þekkingu á upplýsingatækni. Starfið krefst sjálfstæðra vinnubragða og samskiptahæfileika. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mjög gott vald á íslensku og ensku, bæði töluðu og rituðu máli.

Sérfræðingur – Finance & Administration

Finance & Administration hefur umsjón með fjármálum Medis og tengdra félaga. Þar undir fellur m.a. uppgjör, innheimta, reikningagerð og almenn skrifstofuumsjón.

Sérfræðingurinn er ábyrgur fyrir innheimtum á skráningarkostnaði vegna sölu á lyfjum til þriðja aðila ásamt utanumhaldi á lager skráningaleyfa. Starfið felur í sér uppsetningu og innleiðingu tölvukerfis sem mun halda utan um kostnað og reikningagerð. Skila þarf inn mánaðarlegum skýrslum um stöðu skráningarleyfa. Mikið samstarf er við þróunarsvið Actavis og samræma þarf verkferla sviðsins og reikningagerð hjá Medis.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í fjármálum og/eða tölvunarfræði. Gerð er krafa um mjög góða þekkingu á tölvukerfum. Viðkomandi þarf að vera nákvæmur, skipulagður og góður í mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um mjög góða enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli. Ráðið verður í starfið til 6 mánaða með möguleika á fastráðningu.

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **21. febrúar nk**.

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

actavis

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3800 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

Við leitum að konum og körlum, hug- og verkviti

Við leitum að öflugum og traustum samstarfsfélögum með mikinn áhuga á sínu fagsviði og góða færni í samskiptum.

Rafvirkja

vantar í framleiðslu til að sinna fjölbreytilegum og krefjandi verkefnum við frágang rafbúnaðar fyrir fjölbreytt úrval framleiðsluvara Marel í samvinnu við hönnuði. Um er að ræða lagnavinnu en rafvirkjar sjá einnig um stillingu og prófun tækja og búnaðar. Rafvirkjar vinna í litlum, sjálfstæðum liðum sem bera sameiginlega ábyrgð á að ljúka framleiðslu hverrar vöru. Vinnuumhverfi er snyrtilegt og öryggi í fyrirrúmi.

Menntun og reynsla:

- sveins- eða meistarapróf í rafvirkjun
- reynsla af lagnavinnu er kostur
- verklagni og verkvit

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Pálsson, framleiðslustjóri, bjorn.palsson@marel.com, í síma 563 8000.

Málmiðnaðarmann

vantar í framleiðslu til að vinna við fjölbreytileg verkefni í smíði úr ryðfríu stáli, samsetningu, stillingu, prófun og frágang tækja og búnaðar í samvinnu við hönnuði. Helst er um að ræða TIG suðu og eru gerðar miklar kröfur um að unnið sé samkvæmt gæðastöðlum Marel. Suðumenn vinna í litlum, sjálfstæðum liðum sem bera sameiginlega ábyrgð á að ljúka framleiðslu hverrar vöru. Vinnuumhverfi er snyrtilegt og öryggi í fyrirrúmi.

Menntun og reynsla:

- málmiðnaðarpróf eða mikil reynsla af suðu í ryðfríu stáli
- færni í að lesa teikningar er kostur
- verklagni og verkvit

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Pálsson, framleiðslustjóri, bjorn.palsson@marel.com í síma 563 8000.

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk. Vinsamlega sækið um störfin á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs

Mannauðssérfræðing

vantar á Mannauðssvið. Viðkomandi mun einnig taka virkan þátt í alþjóðlegu teymi mannauðssérfræðinga Marel. Fyrst í stað er einnig um að ræða tímabundna afleysingu á sviði ráðninga, móttöku nýliða og þjálfunar. Við leitum að talnaglöggum einstaklingi með góða greiningarfærni sem á auðvelt með að miðla upplýsingum. Krafist er mjög góðrar enskukunnáttu og möguleika á að ferðast erlendis.

Í starfinu felst þróun og utanumhald:

- frammistöðustjórnunar
- launaþróunar- og hvatamála
- mannauðsmælikvarða og tengingar þeirra við rekstraráherslur
- kannana; úrvinnsla, greining og framsetning mannauðstengdra gagna

Menntun og reynsla:

- háskólamenntun sem nýtist í starfi
- reynsla af stjórnun starfsmannamála, s.s. frammistöðu-, hvata- og launastjórnunar
- þekking á vinnurétti, ráðninga- og kjarasamningum
- þekking á mannauðsmælikvörðum -og upplýsingakerfum
- reynsla af gerð kannana og tengdri úrvinnslu
- innsýn og/eða reynsla af rekstri er mikill kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ylfa E. Jakobsdóttir, starfsþróunarstjóri, ylfa.jakobsdottir@marel.com, í síma 563 8000.

Sérfræðing í tækjahugbúnaðargerð

vantar á Tækjahugbúnaðarsvið til að vinna við þróun hugbúnaðar fyrir grunnvélbúnað, stýritölvur og samskiptabúnað. Starfið krefst færni í hugbúnaðargerð undir rauntíma Linux stýrikerfi þar sem m.a. er fengist við myndgreiningarkerfi, servobúnað, mælibúnað og rauntímasamskipti. Einnig vefforritun, skriptu-mál, þróun og umsjón með Linux dreifingu fyrir mismunandi örgjörva. Áhugasömum gefst kostur á að vinna með hópi sérfræðinga í teymi sem ber ábyrgð á og byggir upp þann tækjahugbúnað og stýrikerfi sem Marel notar um heim allan.

Menntun og reynsla:

- menntun á sviði verk-, tækni- eða tölvunarfræði
- reynsla af forritun, s.s. C/C++
- innsýn í stýriforritun
- skilningur á samspili vélbúnaðar og hugbúnaðar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þór Ólafsson, vörustjóri, jon.olafsson@marel.com, í síma 563 8000.

www.marel.com | marel

Staki

Staki ehf.
Stórhöfða 22-30
110 Reykjavík
www.staki.is

Laus störf hjá Staka:

Iðntölvusérfræðingur
Hugbúnaðarsérfræðingur

Staki Automation ehf.

Hjá Staka starfar samhentur hópur hugbúnaðarsérfræðinga, tæknifræðinga og verkfræðinga sem myndar öflugt og framsækið þjónustufyrirtæki. Við leitum að kraftmiklu samstarfsfólki með menntun, þekkingu og reynslu. Okkur vantar sjálfstætt fólk sem getur unnið í hópi, býr yfir eldmóði, frumkvæði og faglegum vinnubrögðum, fólki sem er tilbúið að takast á við krefjandi og spennandi verkefni.

Iðntölvusérfræðingur

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í rafmagns- eða vélaverkfræði
- Þekking á sterkstraumi, reynsla við slíka vinnu er kostur
- Þekking og reynsla af iðnstýringum
- Þekking og reynsla af forritun iðntölva
- Þekking á almennri hugbúnaðargerð og reynsla af slíku er kostur
- Reynsla af FTView, RSView og Intouch skjákerfum er kostur

Hugbúnaðarsérfræðingur

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tölvunar- eða kerfisfræði
- Þarf að hafa góða þekkingu á helstu forritunarmálum
- Þarf að þekkja vel til vinnslu gagnagrunna s.s. Oracle og MS-SQL. Reynsla af fleiri grunnum er kostur
- Þarf að hafa reynslu af gagnagrunnsvinnu og forritun og þekkja PL/SQL
- Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af gagnavinnu í Cognos

Upplýsingar í síma 550 7764 alla virka daga.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Nánari upplýsingar og umsóknir er að finna á **www.staki.is / www.siminn.is**

Umsóknarfrestur er til **25. febrúar nk.**

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega.

Staki er sérhæft þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni með sérstaka áherslu á hugbúnaðargerð og iðnstýringar. Fyrirtækið leggur megináherslu á þjónustu við framleiðslufyrirtæki og lausnir þess spanna allt frá gagnasöfnun til skýrslugerðar, frá framleiðslugólfi til forstjóra, með það að meginmarkmiði að hámarka virði viðskiptavinarins. Félagið er hluti af Skiptasamstæðunni.

Sölufólk óskast

miðlun

Fyrir hönd viðskiptavinar leitar Miðlun ehf að fullorðnu (35 – 65 ára) sölufólki með skilning á lífeyrissparnaði. Starfið felst í úthringingum, kynningu og fundarbókunum. Vinnutími er 2-3 kvöld í viku. **Áhugasamir hafi sambandi í netfangið midlun@midlun.is**

NAUST marine

Vegna aukinna umsvifa og góðrar verkefnastöðu er Naust Marine að leita eftir nýjum starfsmönnum.

Tölvuumsjón - Forritari

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði Rafmagnsfræði, Tölvufræði eða sambærilegu.
- Þekking á C++ forritun, Visual basic og gagnagrunnsvinnslu.
- Reynsla í Skjámynda- og Plc forritun er kostur.
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi við lausn verkefna.

Nánari upplýsingar eru hjá Bjarna Þór í síma 414 8081 Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Naust Marine hf. Miðhella 4, 221 Hafnarfjörður eða á póstfangið bjarni@naust.is

GREEN ENERGY GROUP

CJ Hombros Plass 2C | N-0164 Oslo, Norway
www.greenenergyas.com

Green Energy Group AS (GEG) is a manufacturing company located in Oslo, Norway with its technical division in Reykjavik, Iceland. The company has created a unique, patented, modular geothermal power plant called KAPS. GEG owns a ruling share in HTM, a turbine manufacturing company in Bangalore, India, producing according to ISO 9001 standards. Our staff is a team of highly skilled people within geothermal engineering, project management, project finance and business development.

Foreseeing an increasing demand for geothermal power plants all over the world we seek to fill the following positions:

CHIEF PROJECT MANAGER

Managing other project managers on specific projects, responsible for the timeline and cost. Acting as a bridge between the production and the client and also giving a vital input into the selling process in order to maximize mutual understanding from sale to fulfilment.

Requirements regarding education and experience:
Engineering degree (or similar) in project management, power plant engineering or related fields necessary.
Experience from building power plants or other larger projects beneficial.

SERVICE MANAGER

Responsible for the description and documentation of the KAPS units. Managing the service for spare parts after delivery.

Requirements regarding education and experience:
University degree or extensive experience from similar tasks, i.e. building systems, service organization etc.

PROJECTS AND BID ANALYST

Analysing projects and managing the bidding process. Assembling the company's cost databank. Acting as a bridge between the financial and technical aspects of projects.

Requirements regarding education and experience:
Degree in industrial engineering, operational research or other university degree of relevance. Experience in making financial and/or technical models.

PLANT OPERATIONS EXPERT

An advising party regarding plant operations and on operational capability when the plant is designed. Responsible for managing commissioning and for writing handbooks and instructions jointly with the service manager.

Requirements regarding education and experience:
Degree in mechanical engineering, engineering technology, machinist or a ship engineer. Experience in operating smaller thermal power plants or similar systems.

PRODUCTION MANAGER (mostly stationed in Bangalore, India)

Managing the serial production of our KAPS in India and responsible for establishing the quality assurance system. Working closely with the CEO of HTM.

Requirements regarding education and experience:
Degree in industrial engineering, production management or other degree of relevance. Experience in production management of technical products or sequential projects.

SECRETARY/OFFICE MANAGER

Responsible for all daily office operations, such as purchases, IT, rental contract, various paperwork, office phone, office supplies and interaction with the Norwegian office.

Requirements regarding education and experience:
An education of relevance, good computer skills and skills in word processing. Good substantiality in human relations.

All jobs require extensive English knowledge, both spoken and written.

Please submit applications and enquiries to Larus Eliasson, COO of GEG (larus@greenenergyas.com)

Application deadline is February 26th 2010

FABRIKAN

SKRIFSTOFUSTJÓRI

Laus er til umsóknar staða skrifstofustjóra hjá sveitarfélaginuVesturbyggð.

Starfssvið skrifstofustjóra:

- Skrifstofustjóri ber ábyrgð á daglegri fjármálastjórnun, fjárstýringu og greiðsluflæði sveitarfélagsins.
- Skrifstofustjóri ber ábyrgð á bókhaldi sveitarfélagsins svo og útgáfu og gerð fjárhagsáætlunar í samráði við bæjarstjóra og bæjarráð hverju sinni skv. lögum þar um bæði ársáætlun og útgáfu þriggja ára áætlunar.
- Skrifstofustjóri hefur mannaforræði yfir starfsmönnum skrifstofu og næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist starfinu.
- Reynsla í rekstri sveitarfélaga og /eða fyrirtækja.
- Góð bókhaldskunnátta.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veita Úlfar B. Thoroddsen, forseti bæjarstjórnar í símum 450-2000 eða 456-1285 og bæjarstjóri í síma 450-2300. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 27. febrúar 2010 og skulu umsóknir sendar til bæjarskrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði.

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

vodafone

Vörustjóri á fyrirtækjamarkaði

Í starfinu felst þróun, mótun og innleiðingu á fjarskiptavörum fyrir fyrirtækjamarkað. Helstu verkefni eru hugmyndavinna, verkefnastjórnun, ferlagerð, námskeiðahald svo og framlegðar- og tölfræðigreining. Starfið krefst samstarfs við margar deildir fyrirtækisins, er bæði krefjandi og skemmtilegt.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Dugnaður, keppnisskap og frumkvæði

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar næstkomandi. Nánari upplýsingar um störfin veita Ragnheiður Hauksdóttir forstöðumaður fyrirtækjalausna, ragnheidurh@vodafone.is og Sonja M. Scott starfsmannastjóri, sonjas@vodafone.is

Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!

power to you

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Starf sérfræðings í félagsþjónustu sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga hyggst ráða sérfræðing í málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum verkefnum sveitarfélaga á sviði velferðarmála, svo sem húsnæðismálum og barnavernd. Sérfræðingurinn mun starfa með félagsþjónustunefnd sambandsins, sem hefur með höndum tillögugerð um áherslur og stefnumótun sveitarfélaganna í velferðarmálum. Um nýtt starf er að ræða sem tengist m.a. fyrirhuguðum flutningi á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf í byrjun maí.

Krafist er háskólaprófs sem nýtist í starfi. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga og áhuga á málefnum sveitarfélaga. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er nauðsynleg, sem og góð tölvuþekking, þ.m.t. excel, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga. Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika.

Sérfræðingurinn vinnur undir yfirstjórn sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, netfang: gudjon.bragason@samband.is, eða Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, netfang: magnus.hannesson@samband.is eða í síma 515-4900.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar.

Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga er að finna á samskipta- og upplýsingavef sambandsins, www.samband.is. Umsóknir, merktar Umsókn um starf verkefnisstjóra, berist eigi síðar en 1. mars 2010 til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík.

Gjaldeyris- og skuldabréfamiðlun

Við leitum að öflugum starfsmanni í krefjandi starf í Gjaldeyris- og skuldabréfamiðlun Arion banka.

Helstu verkefni:

- Miðlun skuldabréfa, gjaldeyris og afleiðutengdra afurða
- Greining viðskiptatækifæra á markaði

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða öðrum raungreinum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Brennandi áhugi á fjármálamarkaði og þekking á skuldabréfum
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur

Við bjóðum:

- Krefjandi og skemmtileg verkefni í hópi kraftmikils samstarfsfólks
- Gott starfsumhverfi

Nánari upplýsingar um starfið veita Bjarki Rafn Eiríksson, forstöðumaður Gjaldeyris- og skuldabréfamiðlunar, sími 444 7111, netfang **bjarki.eiriksson@arionbanki.is** og Jónas Hvannberg á Starfsmannasviði í síma 444 6376, netfang **jonas.hvannberg@arionbanki.is**

Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar.
Umsækjendur sæki um á vefsíðu bankans www.arionbanki.is

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Arion banki

ERTU GÓÐUR SÖLUMAÐUR?

Forlagið óskar eftir öflugu símasölufólki til starfa á kvöldin.

Mikið úrval af góðum og sölulegum bókum. Góðir tekjumöguleikar.

Áhugasamir hafi samband við Snorra Ingason sölustjóra í síma 575 5600 eða með því að senda tölvupóst á snorri@forlagid.is

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Auglýsing

Óskað er eftir tilboðum í ritun sögu Hafnarfjarðarhafnar.

Í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarhafnar ákvað hafnarstjórn Hafnarfjarðar, á hátíðarfundi sínum 9. september 2009, að rituð skyldi saga hafnarinnar.

Auk tilboðsupphæðar þarf í tilboðinu að koma fram hvernig staðið verði að verkefninu og áætlun um verklok. Jafnframt þarf að tilgreina hvort einungis er boðið í ritun sögunnar eða hvort ljósmyndaöflun, undirbúningur til prentunar eða annað sem skiptir máli við útgáfu slíks rits, er innifalið í tilboðinu. Ferilskrá bjóðenda skal fylgja tilboðum.
Tilboðum skal skila á skrifstofu Hafnarfjarðarhafnar merkt:
Tilboð í ritun sögu Hafnarfjarðarhafnar
Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri.
Tilboðum skal skila eigi síðar en mánudagurinn 8. mars 2010, kl 11:00, og verða tilboðin opnuð að viðstöddum bjóðendum.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er, semja um breytingar á tilboðum eða hafna þeim öllum.

Hafnarfjarðarhöfn
Óseyrarbraut 4
220 Hafnarfirði
sími: 414 2300
hofnin@hafnarfjordur.is
www.hafnarfjardarhofn.is

Vaktstjóri

í eldhúsi óskast á Suðurlandsbrautina

Eld Smiðjan

Ef
- þú ert 24 ára eða eldri
- þér kemur vel saman við 98% af fólkinu sem þú vinnur með
- þú ert með 100% íslenskukunnáttu
- þú hefur bakað pizzur áður
- þú ert snyrtileg/ur og stundvís

þá gætum við átt farsælt og gott samstarf. Vinnustaðurinn er frábær, metnaðurinn gríðarlegur og pizzurnar hugsanlega þær bestu á Íslandi!

Sæktu um á: http://umsokn.foodco.is eða hafðu samband við yfirstrumpinn: hs@foodco.is

STOFA 53

HRAFNISTA Í HAFNARFIRÐI | Hjúkrunarfræðingar

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR ATHUGIÐ

Hrafnista í Hafnarfirði auglýsir eftir hjúkrunarfræðingum til starfa. Um er að ræða þrjár mismunandi stöður.

Á Hrafnistu er lögð áhersla á sveigjanleika í starfi og traust starfsumhverfi.

Hægt er að sækja um störfin á vef Hrafnistu: www.hrafnista.is

UPPLÝSINGAR GEFUR:
Lovísa A. Jónsdóttir, forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði sími 585 3101 og 664 9400 og hjá lovisaj@hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

Sölufulltrúi

Óskum eftir öflugum og reyndum sölumanni í fullt starf í sölumennsku. Um er að ræða sölu á skriftofu- og rekstrarvörum til fyrirtækja.
Reynsla af útisölumennsku algjört skilyrði.
Starfið felst í að afla nýrra viðskiptavina og viðhalda tengslum. Einstaklingurinn sem við leitum að þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði.

Vinsamlegast sendið umsóknir á **starf@a4.is** fyrir 20. febrúar. Ekki eru gefnar upplýsingar í síma eða á staðnum.

A4 Skrifstofa og skóli

Sérfræðingur á sviði eignaumsýslu

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.

Íbúðalánasjóður óskar að ráða til starfa sérfræðing á sviði eignaumsýslu. Viðkomandi mun starfa á rekstrarsviði sjóðsins en verkefnin ná einnig til lögfræðisviðs og þjónustusviðs lána.

Starfssvið

- Verðmat eigna við útlán, nauðungarsölu og sölu uppboðseigna sjóðsins
- Þátttaka í eftirliti og umsjón fasteigna
- Fylgjast með þróun fasteignamarkaðar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Hafa lokið 90 eininga námi sem er ætlað fasteignasölum
- Minnst 5 ára starfsreynsla sem löggiltur fasteignasali eða hjá löggiltum fasteignasala
- Háskólamenntun á sviði byggingatækni, verkfræði eða viðskiptafræði er kostur
- Góð færni í Excel, Word og PowerPoint
- Sjálfstæð, öguð og skipulögð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Emilía Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri starfsmannamála, emilia@ils.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar næstkomandi og sótt er um starfið á heimasíðu Íbúðalánasjóðs.

www.ils.is
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

BIFVÉLAVIRKJAR ÓSKAST

Óskum eftir að ráða faglærða bifvélavirkja til starfa sem almenna bifreiðaskoðunarmenn og stöðvarstjóra.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði bifvélavirkjunar er skilyrði.
- Reynsla af skoðun bíla er kostur en ekki skilyrði.

Helstu verkefni:
- Skoðun fólksbíla, lítilla sendibíla, bifhjóla og ferðavagna.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Nýtt fyrirtæki mun opna bílaskoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu á næstu vikum.

Um er að ræða spennandi tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu á nýju fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900.

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@bski.is fyrir 25. febrúar.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Laus staða

Staða forstöðumanns við heilsdagsskóla (Hraunsel) Hraunvallaskóla er laus til umsóknar. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun í tómstunda- og félagsmálafræðum og hafi einnig reynslu af stjórnun.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. júní nk. og umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2010. Allar upplýsingar um starfið veitir Ágústa Bárðardóttir, skólastjóri agusta@hraunvallaskoli.is eða í síma 590 2800.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

» Ráðningarþjónusta

Ertu besta mamma í heimi?

Veitingastaðakeðja óskar eftir að ráða ábyrgan og metnaðarfullan einstakling í starf veitingastjóra kvöld- og helgarvakta.
Unnið er á tvískiptum vöktum 2 daga aðra vikuna og 5 daga hina.
Um 72% starf er að ræða.

» Starfssvið

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt

» Hæfniskröfur

- Skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Ík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Störf í boði

Stiki ehf. leitar að nýjum liðsmönnum til að takast á við krefjandi verkefni við hugbúnaðargerð og prófanir.

Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að reyndum hugbúnaðarsérfræðingi með háskólapróf í tölvunarfræði eða skyldum greinum. Stærstur hluti hugbúnaðarþróunar Stika fer fram í Microsoft Visual Studio þróunarumhverfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða skyldum greinum.
- Þekking og haldgóð reynsla af hugbúnaðarþróun.
- Þekking og haldgóð reynsla af Microsoft þróunarumhverfi, Visual Studio, .Net, C#.
- Þekking og reynsla af helstu gagnagrunnskerfum, MS SQL , Oracle.
- Þekking og reynsla af Scrum/Agile og kvikri verkefnastjórn í hugbúnaðargerð er kostur.
- Hæfni og reynsla í framsetningu upplýsinga í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.
- Góðir samskiptahæfileikar, sjálfstæði, frumkvæði og faglegur metnaður.

Hugbúnaðarprófanir

Við leitum að sérfræðingi í hugbúnaðarprófanir með háskólapróf í tölvunarfræði eða skyldum greinum. Hlutastarf kemur til greina.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða skyldum greinum sem nýtast í starfi.
- Þekking og reynsla af hugbúnaðarþróun.
- Þekking og áhugi á hugbúnaðarprófunum.
- Þekking og reynsla af Scrum/Agile og kvikri verkefnastjórn í hugbúnaðargerð er kostur.
- Hæfni og reynsla í framsetningu upplýsinga í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.
- Vandvirkni, nákvæmni, góðir samskiptahæfileikar og faglegur metnaður.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri hugbúnaðarsviðs í síma 5 700 600.

Sjá einnig heimasíðu stika www.stiki.eu og vörusíðu RM Studio www.riskmanagementstudio.com

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda rafrænt á netfangið gudlaug@stiki.eu fyrir 22. febrúar 2010.

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Stiki Information Security

Stiki ehf. – Síðumúla 34 – Sími 5 700 600 – www.stiki.eu

Stiki er þekkingarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Starfsemi fyrirtækisins skiptist í þróunarsvið og ráðgjafarsvið og fyrirtækið er leiðandi í ráðgjöf og lausnum sem grundvallast á öryggi upplýsinga. Stiki byggir árangur sinn á fagmennsku og trausti í samskiptum við viðskiptavini. Starfsemi Stika er vottuð samkvæmt ISO/IEC 27001 og ISO 9001.

Norconsult is Norway's largest multi-disciplinary consultancy, which is focused on community planning and projecting. Over an extensive period of time, Norconsult has built up a solid foundation as a leading player both nationally and internationally.

Norconsult

Planning & Management

We are looking for new employees for **Department Road & Traffic and Department Water & Sewage.**
We have many projects, with varying sizes. You will have opportunities to participate in national & international projects. Norconsult is located in Valkendorfsgate 6 in Bergen Norway, in newly refurbished modern premises. We work in multidisciplinary projects, and our engineers get great opportunities to develop in other areas in cooperation with our different departments.

Desired formal background: Civil engineering/ Master Degree in Road & Traffic and Water & Sewage
Experience: More than 5 years experience from relevant projects

Work tasks:
• Planning, projection and management
• Solution oriented, with interdisciplinary understanding
• Ability to market and build relationships
• Experience with CAD or GIS is an advantage
• Fully mastered the Scandinavian language, both written and orally

We are concerned with well-being, job satisfaction, career building and long-term possibilities.
As an employee, you will have considerable opportunity to fulfill your ambitions.
Our employees have very good benefits and conditions: please look into our announce on: www.boos.no
Alex Lunde & Jens Kvarekvål will be available at Island, Reykjavik date 23rd of february 2010.

For further information or inquiries, please contact:
Kristine Muri, Boos Bemanning, Manager (for position Road & Traffic)
Ph: +47 55 52 50 90 / +47 926 05 486
E-mail: kristine.muri@boos.no
Alex Lunde, Norconsult AS, Road & Traffic Jens Kvarekvål, Office Leader, Norconsult AS
Ph: +47 55 37 55 03 / +47 45 40 45 03 Ph: +47 55375533 / +47 45 40 45 33
E-mail: alex.lunde@norconsult.com E-mail: jens.kvarekval@norconsult.com

Tilboð óskast

Tilboð óskast

Tilboð óskast í Mercedes Benz Actros krókheysis bíl, árgerð 2006, skemmdur eftir óhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 07.00 að morgni 16. feb. 2010.Bifreiðin er til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)

Einnig er bent á Sölutorg TM http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg en þar eru til sölu bifreiðar og munir í eigu félagsins.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fax 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

Tilboð óskast

Tilboð óskast

Tilboð óskast í Langendorf SKS HS 20/28 malarvagn, árgerð 2000. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 07.00 að morgni 16. feb. 2010. Vagninn er til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)

Einnig er bent á Sölutorg TM http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg en þar eru til sölu bifreiðar og munir í eigu félagsins.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fax 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

LAUS STÖRF HJÁ GARÐABÆ

- Stærðfræðikennari í Garðaskóla-afleysingastaða
- Aðstoðarskólastjóri Sjálandsskóla-afleysingastaða
- Leikskólakennarar á Sunnuhvoli
- Leikskólakennari á Bæjarbóli-afleysingastaða

Sjá nánar á vef Garðabæjar
www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í ráðuneytinu. Um tímabundið starf er að ræða. Starfið tengist eftirliti með fjármálum sveitarfélaga. Upplýsingar um starfsemi ráðuneytisins má finna á heimasíðunni www.samgonguraduneyti.is

Æskilegar menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærilegt.
- Þekking á fjármálum sveitarfélaga er kostur.
- Greiningarhæfni.
- Hæfni til að vinna í teymi.

Helstu verkefni:
- Greining á fjármálum sveitarfélaga.
- Söfnun og úrvinnsla upplýsinga.
- Samskipti við sveitarfélög og aðra opinbera aðila.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri og Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur í síma 545 8200.
Umsóknir berist í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á tölvupóstfang ráðuneytisins postur@sam.stjr.is.
Umsóknarfrestur er til 27. febrúar nk.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Styrkir til forvarnaverkefna í Reykjavík

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar til forvarnaverkefna.

Markmiðið með styrkjunum er að styrkja samstarfsverkefni á sviði forvarna til samræmis við forvarnastefnu Reykjavíkurborgar. Hámarksstyrkupphæð sem veitt er úr sjóðnum er 500.000 kr.

Upplýsingar um forvarnastefnuna og reglur sjóðsins má finna á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, og þar er einnig að finna sérstök umsóknareyðublöð um styrki úr sjóðnum.

Umsóknum skal skilað til Samráðshóps um forvarnir í Reykjavík, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Umsóknir má einnig senda rafrænt á netfangið: velferd@reykjavik.is.
Umsóknarfrestur er til 1. mars 2010.

Nánari upplýsingar veita Stefanía Sörheller, verkefnastjóri á skrifstofu Velferðarsviðs í síma 411-1111, stefania.sorheller@reykjavik.is og Guðrún Halla Jónsdóttir, félagsráðgjafi í Miðgarði í síma 411-1400, gudrun.halla.jonsdottir@reykjavik.is.

Meðferð umsókna fylgir almennum reglum um styrkjaúthlutanir Reykjavíkurborgar, sjá www.reykjavik.is. Allar umsóknir verða lagðar fyrir Samráðshóp um forvarnir í Reykjavík til umsagnar og fyrir velferðarráð Reykjavíkur til samþykktar.

Orr

óskum eftir starfsmanni í verslun okkar

Þessa dagana leitum við að jákvæðum og duglegum einstaklingi til að vinna í verslun okkar í Bankastræti 11. innan um fallega hluti í fallegu umhverfi.

Áhugasamir eru hvattir til að senda inn umsókn á astor@orr.is
Frekari upplýsingar veitir Ástþór í astor@orr.is eða í síma 868 3393
Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Orr er skartgripafyrirtæki í miðborg Reykjavíkur sem rekið er af tveimur gullsmiðum þar sem þeir þróa og smíða einstaka hluti.

ÚTBOÐ

GARÐABÆR

Verkfræðistofan EFLA hf, fyrir hönd Garðabæjar, óskar eftir tilboðum í verkið: **Hönnunarsafn Íslands,** Garðatorgi 1 Garðabæ, endurinnrétting.
Verkið felst í að byggja nýtt anddyri og sýningarsal.
Helstu verkþættir eru m.a. þessir :
Fjarlægja núverandi útbrotsglugga úr tveimur gluggabilum og koma fyrir nýjum ál/tré glugga og tvöfaldri rennihurð úr áli.
Múrbrot, steypusögun og rif léttra innveggja
Setja upp gifsveggi og nýjar innihurðir. Leggja raflagnir, pípulagnir og loftræsingu.
Verkinu skal lokið fyrir 15. maí

Helstu magntölur eru:

Múrbrot	15 m²
Jarðvinna	3,5 m³
Gólfílögn	127 m²
Uppsetning gifsveggja	230 m²
Yfirborðsmeðhöndlun gólfa	550 m²
Málun veggja	750 m²
Málun lofta	260 m²
Smíðastál	306 kg
Steypa	1,5 m²
Pípur og frágangur	230 m
Gólfhitalagnir	650 m
Loftræsistokkar	20 m
Lagnabakkar	60 m
Lampar	140 stk
Rafstrengir	1800 m
Rafmagnsrör	

Geisladiskur með útboðsgögnum verður afhentur 15 febrúar nk. kl.13:00, hjá EFLU hf, Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík. Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7 Garðabæ, fimmtudaginn 25. febrúar 2010, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

Sími: 412 6000 | Suðurlandsbraut 4a | www.efla.is | efla@efla.is

---

ÚTBOÐ

ÍAV

ÍAV óskar eftir tilboðum í glugga og glerveggi.

ÍAV óskar eftir tilboðum í glugga og glerveggi fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík.

Gluggana og veggina skal afhenda á tímabilinu apríl til september 2010.

Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef ÍAV á slóðinni www.iav.is/utbodsvefur frá og með 16. febrúar n.k.

Tilboðum skal skilað til ÍAV Höfðabakka 9, 4. hæð, 110 Reykjavík fyrir kl. 13:00 þann 13. mars næstkomandi.

iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

FISKRÆKTARSJÓÐUR
Salmonid Enhancement Fund

Fiskræktarsjóður

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Umsóknir um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2010, skal senda stjórn sjóðsins fyrir 1. mars 2010. Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr Fiskræktarsjóði má nálgast á http://www.fiskistofa.is undir lax- og silungsveiði.

Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Jóhönnu E. Pálmadóttur, Akri sími 452-4290 eða starfsmann sjóðsins Marínu E. Samúelsdóttur í síma 569 7900 ef viðkomandi hefur ekki aðgang að tölvu. Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns Fiskræktarsjóðs á sérstöku eyðublaði á eftirfarandi heimilisfang:

Fiskræktarsjóður
Jóhanna E. Pálmadóttir formaður
Dalshrauni 1b
220 Hafnarfjörður.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Iðnaðarráðuneytið auglýsir eftir fyrirtækjum til þátttöku í ráðstefnunni "Gulltaggen" sem haldin verður í Osló í Noregi 27.-29. apríl nk.

Veittur verður ferðastyrkur til allt að 10 fyrirtækja í eftirtöldum flokkum.

- 4 styrkir til fyrirtækja á svið fjölmiðlunar sem sérhæfa sig í markaðssetningu, kynningarmálum og margmiðlun.
- 3 styrkir til fyrirtækja á sviði umhverfisvænna lausna (clean tech) með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda, endurvinnslu, nýjar orkulausnir svo sem orkusparnað og orkulausnir í samgöngum.
- 3 styrkir til fyrirtækja sem sérhæfa sig í umhverfisvænum lausnum fyrir sjávarútveg, fiskveiðar og sjóflutninga.

Þau fyrirtæki sem styrkt verða þurfa að hafa nýsköpun að leiðarljósi í sínu starfi.

Umsóknarfrestur er til 26. febrúar nk.
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu iðnaðarráðuneytis: www.idnadarraduneyti.is

Umsóknin sendist á rafrænu formi til Helgu Barðadóttur, sérfræðings í iðnaðarráðuneyti, sem einnig veitir nánari upplýsingar.

Netfang: helga.bardadottir@idn.stjr.is, sími: 545 8500.
Heimasíða ráðstefnunnar: http://www.gulltaggen.no

Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í matreiðslu, fyrri hluti, kalda stykkið, verður haldið 10.-11.mars n.k. í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi. Umsóknarfrestur er til 1. mars n.k. Seinni hluti prófs, heitur matur, verður í maí. Nánari dagsetning auglýst síðar.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2010.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu IÐUNNAR www.idan.is og skrifstofunni.

Iðan fræðslusetur
Skúlatún 2
105 Reykjavík
Sími: 5906400
www.idan.is

IÐAN fræðslusetur

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt hefjast hjá Námsmatsstofnun 31. maí næstkomandi fyrir þá sem hafa skráð sig í próf fyrir 10. maí. Þeir sem skrá sig eftir þann tíma eiga kost á því að taka próf í desember 2010. Prófin verða haldin í Reykjavík og utan höfuðborgarsvæðisins ef næg þátttaka fæst.

Skráning í prófin hefst 1. mars nk. og fer hún fram með rafrænum hætti á vef Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um hvar prófin fara fram, sýnishorn af verkefnum og prófkröfur. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 550 2400. Gjald fyrir þátttöku í prófi er 7.000 krónur.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
10. febrúar 2010

Leikskólastjóri

Leikskóli Seltjarnarness

Skólaskrifstofa Seltjarnarness auglýsir lausa nýja stöðu leikskólastjóra við Leikskóla Seltjarnarness. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að leiða kraftmikið leikskólastarf til móts við nýjar áskoranir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Farsæl reynsla í skólastjórnun
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skýr sýn á hvert stefna beri í leikskólastarfi
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og kraftur
- Víðsýni og brennandi áhugi á skólastarfi
- Framhaldsmenntun æskileg.

Umsókn skal fylgja greinargerð um störf umsækjanda og stjórnunarreynslu ásamt upplýsingum um verkefni sem varpað geta ljósi á færni til að sinna leikskólastjórastarfi. Þá er nauðsynlegt að umsækjandi setji fram hugmyndir um stefnu, áherslur og árangursríkar aðferðir í því starfi sem sótt er um.

Leikskóli Seltjarnarness er heildstæður leikskóli með um 190 börn. Leikskólinn er starfræktur í tveimur starfstöðvum sem standa á sömu lóð. Skólinn er ný starfseining sameinuð úr núverandi leikskólum Seltjarnarness og tekur til starfa 1. júlí 2010. Skólastjóri þarf að vera reiðubúinn til að koma að stefnumótunarvinnu við skólann fyrir þann tíma.

Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2010. Umsóknir er hægt að senda í tölvupósti á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða skila á bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um stöðuna.

Hér með auglýsir Kirkjubyggingarsjóður Reykjavíkurborgar eftir umsóknum um styrki vegna ársins 2010. Sjóðnum er ætlað að veita fjármunum til að byggja kirkjur og safnaðarheimili í Reykjavík, en einnig má styrkja endurbætur og meiriháttar viðhald á kirkjum í borginni. **Umsóknir um styrki sendist til formanns sjóðsstjórnar, Katrínar Fjeldsted, Ráðhúsi Reykjavíkur, fyrir 27. febrúar nk., merktar sjóðnum.**

Þau skilyrði eru sett fyrir því að umsókn sé tekin til greina að henni fylgi greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir, ársreikningur fyrra árs, ráðstöfun fyrri styrkja sé um þá að ræða svo og um fjármögnun verksins að öðru leyti. Frekari upplýsingar fást hjá stjórn sjóðsins.

Netföng stjórnarmanna eru sem hér segir:
Gísli Jónasson: gisli.jonasson@kirkjan.is
Jóhannes Pálmason: palmason@lsh.is
Katrín Fjeldsted: katrinf@simnet.is

Skrifstofuaðstaða við Bæjarhraun í Hafnarfirði

VSB Verkfræðistofa auglýsir til leigu fullbúna skrifstofuaðstöðu að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði.

Um er að ræða nokkrar lausar vinnustöðvar í opnu rými.

Aðgangur að fundaherbergjum, kaffistofu, tölvubúnaði, prenturum, móttöku og fleira samkvæmt samkomulagi.

Góður kostur fyrir einyrkja eða minni fyrirtæki.

Frekari upplýsingar gefur Guðrún Guðmundsdóttir í síma 585 8600 eða á netfangi gudrung@vsb.is

---

F.L.L
FÉLAG LÖGGILTRA LEIGUMIÐLARA

Minnum á **aðalfundinn** á mánudaginn 15. febrúar kl. 16.00 í Kjörgarði, Laugavegi 59, sal á 4 hæð. Samkvæmt aðalfundarboði frá 2. Febrúar. sl.

Upplýsingar á heimasíðu Félags löggiltra leigumiðlara. www.fll.is .

Stjórnin

Úr lögum frá 1994 nr. 36
73. gr. Þeim einum, sem hlotið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra, er heimilt að reka miðlun með leiguhúsnæði, sem lög þessi taka til, í því skyni að koma á leigusamningi eða annast framleigu eða skipti á leiguhúsnæði. Starfsheiti þess sem rekur leigumiðlun er leigumiðlari.

ÚTIVIST

Aðalfundur Útivistar 2010

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn miðvikudaginn 2. mars 2010 kl. 20.00 að Laugavegi 178, í sal við hlið skifstofu Útivistar

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar lagðir fram til afgreiðslu
3. Kosning í nefndir og embætti
4. Kosning í kjarna
5. Kosning formanns
6. Lagabreytingar ef einhverjar eru
7. Önnur mál
8. Kaffi

Félagsmenn með greitt árgjald 2010 hafa atkvæðisrétt á aðalfundi

Stjórnin

Borgarskipulag og hönnun

Námskeiði á sviði skipulagsmála sem veitir meistaraeiningar á háskólastigi

Fös.19. feb, kl. 13:00-17:00, lau. 20. feb. kl. 9:00-14:40, fös. 26. feb. kl. 13:00-17:00, lau. 27. feb. kl. 9:00-14:40 fös. 5. mars kl. 13:00-17:00

(28 kennslustundir) í húsnæði LbhÍ á Keldnaholti í Reykjavík.

Námskeiðið kostar kr. 52.000. Sendið póst á endurmenntun@lbhi.is. Einnig er hægt að skrá sig símleiðis í 433 5033 / 433 5000.

Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri - 311 Borgarnes
www.lbhi.is/namskeid

Húsfélög

Námskeið í undirbúningi viðhaldsframkvæmda

Verksýn ehf. býður forsvarsmönnum húsfélaga til námskeiðs í undirbúningi viðhaldsframkvæmda. Á námskeiðinu verður farið yfir það ferli sem þarf að setja í gang þegar ráðist er í viðhaldsframkvæmdir á fjölbýlishúsum. Námskeiðið verður haldið í húsakynnum Verksýnar ehf. að Síðumúla 1, Reykjavík. Námskeiðið er opið öllum stjórnarmönnum húsfélaga, þeim að kostnaðarlausu.

Áhugasamir geta skráð sig á námskeiðið með því að senda tölvupóst á verksyn@verksyn.is eða með því að hringja í síma 517 6300.

Verksýn ehf. er ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í viðhaldi á fasteignum. Fyrirtækið var stofnað í upphafi árs 2006 og hefur sinnt fjölda verkefna fyrir einstaklinga og húsfélög. Hjá fyrirtækinu starfa sérfræðingar með áratugareynslu í mannvirkjagerð og viðhaldi fasteigna.

Verksýn ehf.
Síðumúla 1
108 Reykjavík
www.verksyn.is

VERKSÝN

Umhverfisráðuneytið
Prófnefnd mannvirkjahönnuða

Löggildingarnámskeið

Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

ERTU MEÐ VERKI ÞARFTU BETRI HEILSU? KYNNTU ÞÉR BYLTINGU Í HEILSUVÖRUM betri-heilsa@visir.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

NÝTT SPA - DREAM OASIS
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

J. B. HEILSULIND Tilboð 2 fyrir 1
Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

Námskeið

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR!
Allt efni til skartgripagerðar. Yfir 300 gerðir af perlum og náttúrusteinum, gott verð. Ný sending af nýju hrauni. Skartgripanámskeið eitt kvöld kr. 3000. Leirnámskeið - glernámskeið.
Glit, Krókhálsi 5, 110 rvk, s. 587 5411 www.glit.is

LÆRÐU AÐ SKAPA Stutt og vönduð námskeið
Steinavinnsla 12.2. Yfirborðsmeðferð 17.2. Myndristur í bein 21.2. Tréútskurður 26.-27.2. Skráning & uppl. Handverkshúsið s:5551212

ICELANDIC - ANGIELSKI dla POLAKÓW NORSKA - ENSKA fyrir BÖRN
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; <o:p>Level II: 4 w. Md to Fr; st. 19:45-21:15,st 15/2, 15/3, 12/4. Level III 4w. 8-9:30/16-17:30 st.15/2, 15/3. Level IV:4w. 10-11:30 st:15/2. Level V: 10w. Sat/Sun15:00-16:30,st 15/2. ANGIELSKI dlaPOLAKÓW: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;10-11:30/17:30-19:00 st. 15/2. Level II: 0pt">7 w; 10-11:30/19:15-20:45 Md,We, Fri, 0pt">st. 22/2. NORSKA; 4 vikur, mán til fös 0pt">kl 19:45-21:15, stig I: 15/2, stig II:15/3. ENSKA f. BÖRN 8-12 ára, 12 vikur; fös kl 16:15-17:15: 19/2. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice



Smáskipanámskeið - Skemmtibátanámskeið
Smáskipanámskeið 08/03 - 17/04., fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið, 08/03 - 17/4 fjarnám og staðarnám, 27/02-06/03 & 10/4-17/4 Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

Flug

Flugskóli Ísland/Tækniskólinn mun halda flugkennaranámskeið FI(A) þann 8 mars næstk. Skráning og upplýsingar er að finna á flugskoli.is

Kennsla

Harmonikukennsla hafin. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

Ökukennsla

Kenni á Honda Accord Sport '07 nánari upplýsingar á www.bilanam.is Jón s: 861-0026

Kenni á Ford Focus tdci disel '07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Dýrahald

9 vikna dvergschnauzer rakki til sölu. HRFI ættbók. Uppl. 846-8171 www.svartskeggs.com

Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 892 2934

hreinrætaðir,gullfallegir íslenskir hvolparstelpu til sölu. bólusettir og ormahreinsaðir, myndir á uppl. sími 8991799

Hestamennska

Innréttingar í hesthús
Smíða innréttingar úr heitgalvanseruðu járni. Margra ára reynsla. Gott verð. 869 6690 Aðalsteinn.

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, bði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University. For more info call 692 0649

4-5 herb. íbúð á Álftanesi til leigu á 145þús. Við hliðiná skóla, leikskóla og sundlaug. Uppl. í s 695 0024

2 herb íbúð til leigu. Laus. Sérinng. V. 80.þ á mán. Engar húsal.bætur. Fyrirsp. sendist á Stefania@stjo.is.

Vallensbæk Strand - Danmörk Til leigu 85 m2 íbúð í fjölskylduvænu hverfi. Stutt í alla þjónustu og samgöngur. 2 herbergi, stofa, svalir, forstofa, bað með þvottavél og þurrkara og eldhús með öllum heimilistækjum. Leigist að hluta til með húsgögnum. Íbúðin er laus. Leiga 5000 DKK + rafm. og hiti. 3 mánuðir fyrirfram. E mail: sik@pihl-as.dk

2ja herb. íbúð í 109 Rvk. Laus 1. mars langtímaleiga. Uppl. í s. 691-9191

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Penthous Rvk, 104. 2 herb. falleg og björt útsýnisíbúð með öllum húsb. 150þ. á mán. S. 847 1343.

108 Rvk
Til leigu 35 fm. stúdíóíbúð. Sérinngangur. Reyklaus íbúð. Leiga 60 þús. hiti og rafm. innif. Uppl. í s. 899 0292.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Tengi fyrir Stöð 2 og Sýn. Uppl. s. 893 2385.

Herbergi í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

Til leigu um helgar eða til lengri tíma 120 fm einbýlishús í Vaðlaheiði gengt Akureyri. S. 897 7613.

Lítil 2 herb. íbúð m. sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. á ibudlaus@gmail.com

Til leigu 3ja herb glæsiíbúð, miðsv. í Rvk. Fullbúin húsgögnum, raftækjum og húsbúnaði. hdb@mi.is.

55 fm2 íbúð á hverfisgötu rvk. laus 1. mars. V. 80.þús. S. 892 4624.

til leigu á akureyri u.þ.b. 70 fm 3. herb. íbúð í fjölbýlishúsi. leiga 110þús m. hita, rafmagni og hússjóð, í göngufæri við háskólann og glerártorg. s. 8682341

Húsnæði óskast

48 fm íbúð í 104 rvk
til leigu í sumar. Íbúðin leigist m. húsgögnum og er laus frá maí til september, möguleiki á að fá hana um miðjan apríl. Frekari upplýsingar í síma 6944607 (eftir kl. 16:00) eða á dagmar5@visir.is

óska eftir 2-3 herb íbúð á höfuðborgarsvæðinu frá 1 mars algjör reglusemi og skilvísi heitið meðmæli s 8972681

Par á þrítugsaldri með 1 barn óskar eftir einbýli/raðhús/parhúsi í 110 Árbæ. Reglusemi og skilvísum gr. heitið. S. 690 8707, Magnús.

Óska eftir 60+fm íbúð á 200-203 svæðinu, greiðslug. 90þ. Uppl. í s. 663 3466.

4 manna fjölskylda leitar að 4ra herb. íbúð í Hfj. Uppl. í s. 823 3210.

Óskum eftir einbýli/raðh. í Fossvogi. Kaup og leiga koma til greina. S 860-0430.

Óska eftir 2 herb. íbúð, helst í Kóp. M. þvottaaðst. Helst ódýrt. Uppl. á halldorsk@gmail.com

37 ára karlmaður óskar eftir stúdíóíbúð eða herbergi, helst í 101 eða nágrenni. uppl. í síma 7707113 Bjarki

Aðili sem er að flytja til Rvk. óskar eftir 3 herb. eða stærri íbúð á Reykjavíkursvæðinu sem fyrst. Er með hund. Uppl. í S 451 0059 eða 895 7601.

Óska e. góðri íbúð, ca 70fm, helst á sv.105/108 (ekki kjallara) Greiðslug. 90þ. S. 8674855.

Ungt par reyklaus/reglusöm, Óska eftir 2-3 herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu erum með lítinn góðan smáhund. Greiðslugeta allt að 80 þús og skilvísum greiðslum heitið. Sími 770 1532.

Sumarbústaðir

Aukin sala - Vantar á söluskrá Uppl: Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520

Tilboð á 46fm
Sumarhúsum einnig viðbyggingar,sólpallar,mikil reynsla, erum á Suðurlandi. Uppl í S.893 0422 & 894 0048

Er að leita að ca.40-60fm sumarhúsi til flutnings má vera óklárað eða þarfnast viðgerðar 2,5-3,5 millj. Mynd með lýsingu sendist á astab@internet.is

Atvinnuhúsnæði

Laugavegur 40 Rvk. Til leigu glæsilegt verslunarhúsnæði 105fm götuhæð +55fm lager í kjallara (lyfta). Laust 1 mars. S. 898 0217.

NULL
Atvinnuhúsnæði til leigu að Auðbrekku í Kópav. Um er að ræða 250fm einingu með góðri lofthæð og innkeyrsluhurð. Allar frekari uppl. í s. 864 4949.

TIL LEIGU 70m2 NÝL IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ WC 3MHURÐ GOTT AÐGENGI V85ÞÚS S 8927858

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði, 320 fm, til leigu við Smiðjuveg. Uppl. í 896 0551.

Atvinnuhúsnæði til leigu við Lingháls 188fm. Tvær stórar dyr. Upplýsingar í síma 892 1186.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Gisting í nágrenni Akureyrar fyrir 8-10 manns í einbýlishúsi. Nánari uppl. ingah@akmennt.is

Skammtímaleiga í 101
íbúðir fullbúnar húsgögnum og húsbúnaði á vikutilboði. Sjá nánar á mimis4rent.com.

Atvinna í boði

Lækjarbrekka
Erum að leita að öflugum matreiðslumanni. Hæfniskröfur: Mjög góð mannleg samskipti, sveinspróf.
Upplýsingar veitir Kristófer 551-4430 eftir kl. 13:00.

Skemmtilegt sóknarfæri
Miklir framtíðarmöguleikar, tekjur strax.
Upplagt fyrir samhent hjón eða kröftuga einstaklinga.
Mikil vinna fyrst; möguleiki á framtíðararðgreislum.
Sendið starfsferlisskrá á frelsi@hive.is

Au-pair/Sveitastúlka óskast til að gæta 3 barna í Kef.Frítt fæði og húsn+laun Jóhanna S 6162059

Bakari Óskast: Óskum eftir bakara í vinnu í Vestmannaeyjum. Uppl. í s. 898 2466.

Hársnyrting
Sveinn eða meistari óskast stólaleiga kemur til greinar Hárgreiðslustofa Hrafnhildar Hraunbæ 119 S. 5671544/8628443.

Atvinna óskast

Handlaginn karl sem hefur unnið við smíðar og samsetningu á húsgögnum sl 25 ár óskar eftir framtíðarstarfi.Er heiðarlegur,stundvís,reyklaus.Vinsaml, hafið samb,S:8216880

Metnaðarfullur lögfræðingur óskar eftir vinnu. Uppl. í kri2408@gmail.com

Vélstjóri fra Lettlandi óskar eftir plássi á sjó. Allt kemur til greina. S. 845 7158

Vanur smiður/ trésmiður gerir við hús og sumarhús. Einnig vanur hellulögn. S. 892 6958.

Viðskiptatækifæri

VIÐ TÓKUM SKREFIÐ HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA? taktuskref@visir.iS

Netverslun sem selur og sendir heim sjávarfang, til sölu. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. Einar, s. 899 4629.

9 Herbergja fullbúið gistihús í miðbæ Neskaupstaðar til sölu. snorrihall@simnet.is s-772 5700.

Einkamál

Símadömur. 908 6666 & 908 2000.

Hringdu þegar þér hentar,engin bið!! Opið allan sólahringin.

Strákar spjallið við dömuna
S. 908 1010 alla daga

49 ára karlmaður óskast til að kynnast heilbrigðri konu sem félagi og e.t.v meira með vináttu og félagskap í huga. Áhugamál útivist, sumarbústaðaferðir, ferðalög og flr.Er reglusamir í góðri vinnu, búinn að gera upp fortíðina. Áhugasamir sendi svör með tilheyrandi uppl á smaar@frett.is merkt 2535

Til sölu

Glæsilegt gistiheimili.

Til sölu tæpl. 10 ára gistiheimili
í næsta nágrenni Reykjavíkur með gistirými f. 40 manns.
Er í eigin húsnæði, m. stækkunarmöguleika.
Frábærir dómar í ferðahandbókum. Ný bílaleiga fylgir.
Mikið um bókanir.
Allar uppl.í sima 773-4700
Fyrirtækjasala Ísl. Bæjarhrauni 12,Hafn.

Skemmtanir

Það sem sagt er á Netinu verður seint tekið aftur

Fólk notar í auknum mæli **Facebook** til að fá útrás fyrir sorg sína. Mörg dæmi eru um minningarsíður um látið fólk, stundum í óþökk aðstandenda. *Óli Kristján Ármannsson* leitað álits nokkurra viðmælenda á þróun samskiptahátta á Facebook og fann til nýleg skrif í erlendum miðlum um málið. Flestir telja vissara að stíga varlega til jarðar í viðkvæmum málum.

HUGGUN Á UPPLÝSINGATÆKNIÖLD Dauðinn er hluti af lífinu og á Facebook endurspeglast velflestar, ef ekki allar, hliðar mannlífsins. Síður fólks virðast lifa áfram um ótiltekinn tíma þótt eigandinn falli frá og í vöxt færist að stofnaðar séu á samskiptavefnum minningarsíður um fólk. Þróunin vekur spurningar um hvað teljist tilhlýðileg hegðun og framsetning efnis, þegar um jafn viðkvæm mál er að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Dauðinn endurspeglast á samskiptavefnum Facebook, eins og aðrar hliðar mannlegrar tilveru. Fjölmörg dæmi, bæði innlend og erlend, eru um að á vefnum séu stofnaðar minningarsíður um fólk sem fellur frá. Í nýlegri erlendri umfjöllun (sjá hér til hliðar) telja samfélagsfræðingar sumpart um jákvæða þróun að ræða því samupplifun sorgar hafi að hluta verið úthýst í nútímasamfélaginu.

Samskiptavefurinn er vinsæll og hefur á stundum verið gagnrýnt hvernig notendur fjalla um viðkvæm mál sem snerta náungann. Dæmi eru um að minningarsíður séu stofnaðar um nýlátið fólk í óþökk aðstandenda og þá hafa einstaklingar sem látist hafa með voveiflegum hætti stundum verið nafngreindir inni á vefnum áður en náðst hefur til aðstandenda. Um leið eru dæmi um að aðstandendur hafi getað sótt sér huggun í minningarsíður, jafnvel þótt til þeirra hafi verið stofnað af vandalausum.

Skrif eins og eldur í sinu

Þá virðast margir hafa rekist á dæmi um að óvarlega hafi verið farið í samskiptum og fleira gert opinbert en til stóð, fyrir utan dæmi um að vinnufélagar eða aðrir stelist til að setja inn óviðurkvæmilegar uppfærslur hjá fólki. Þannig viðurkenndi varnarmálaráðuneyti Breta enn enn upplýsingalekann undir lok síðasta mánaðar, en starfsfólk hafði þá upplýst um leyndarmál á samfélagsvefjum, þar á meðal bæði Facebook og Twitter. Ráðuneytið segir slíkt hafa gerst 16 sinnum á síðustu 18 mánuðum. Líkt og oft er um nýjungar gengur fólki misvel að fóta sig og því ef til vill ekki að undra þótt spurningar vakni um hvað sé yfirhöfuð við hæfi eða ekki á samskiptavefnum Facebook.

Þórhallur Heimisson, prestur við Hafnarfjarðarkirkju, segir erfiða spurninguna um hvað sé við hæfi þegar fólk opinberar sorg sína á Netinu. „Á margan hátt er gott að fólk geti tjáð sig og fundið og sýnt samstöðu. En svo er þetta kannski líka dálítið varhugavert, því ég held að fólk átti sig ekki alltaf á því hvað það fer víða þegar það setur inn á Facebook og tjáir tilfinningar sínar, hvort sem það er út af sorg, gleði eða öðru. Eins þegar greint er frá því sem enginn veit af, án þess jafnvel að átta sig á því," segir hann og telur ástæðu til að hvetja fólk til að fara varlega. „Það er ágætt að fólk íhugi að ekki er sjálfsagt að setja hvað sem er inn á vefinn. Sumum hlutum vita aðrir ekki af, geta mistúlkað hluti og þar fram eftir götunum."

ÞÓRHALLUR HEIMISSON

Þórhallur segir jafnframt mörg dæmi um að fólk setji hluti á Facebook í fljótfærni og sjái kannski eftir því klukkustund síðar, en þá sé það bara orðið of seint. „Ef eitthvað er sagt þarna þá fer það um eins og eldur í sinu, ótrúlega hratt. Ég hef fengið af því margar sögur hvað fólk hrekkur við eftir að hafa sagt eitthvað seint að kvöldi og sér svo daginn eftir að það er komið út um allt."

Daðrið er líka meinsemd

Þórhallur segir ljóst að fara þurfi varlega í samskiptum með þessari nýju tækni, þótt ánægjulegt sé að fólk geti á þessum vettvangi sent hvert öðru kveðjur, hvort heldur það er til að styðja náungann í raunum hans eða samfagna með honum á gleðistund. Síðan séu þarna inni önnur víti til varnaðar, svo sem þegar fólk í sambandi fer út af sporinu í daðri á Facebook. „Það er líka stórhættulegt, þegar fólk í einhverjum aulaskap, vanhugsað eða af ævintýraþrá, eða hverju maður vill kalla það, að segja eitthvað sem það ætlast ekki til að aðrir viti af og getur orðið stórmál á milli hjóna og menn líta hreinlega á sem framhjáhald þegar upp kemst." Þórhallur segir að þarna kunni að spila inn í sama tilfinning og leiðir fólk út af sporinu í öðrum samskiptum á Netinu. „Það sest einhver fyrir framan skjáinn að kvöldi og upplifir sig sem einan á einhvern hátt og í samskiptum við einhvern einn, eða tvo eða þrjá. Fólk áttar sig ekki á að allir sjá þetta og þá er erfitt að taka hlutina aftur. En því miður eru mjög mörg dæmi um þetta hjá hjónum, þar sem allt fer upp í loft út af einhverri svona vitleysu á Facebook."

Tilfinningaklám á síðum um látið fólk

„Mér finnst fólk frekar halda aftur af sér í samskiptum á Facebook," segir Þórdís Gísladóttir íslenskufræðingur. „Í það minnsta mínir vinir."

Þórdís þekkir vel til í netheimum og hélt um tíma úti mikið lesnu bloggi. Almennt telur hún fólk meðvitað um að það sem skrifað er á vefinn stendur áfram og því hiki menn oft við að láta hressilega sleggjudóma vaða. Þá noti margir vefinn til einhvers konar ímyndarsköpunar og auglýsinga og vilja því gefa mynd af sér sem fyrirmyndarmanneskjur.

„Varðandi hjónaskilnaði verður fólk auðvitað bara að meta það sjálft hvað það skrifar um sjálft sig, sumir virðast nota vefsamskipti sem einhvers konar sáluhjálp og ef það hentar þá er það kannski bara ágætt."

Minningarsíður um látna segir Þórdís hins vegar að sér finnist ósmekklegar, en sama geti gilt um minningargreinar í Morgunblaðinu og því ekki augljóst hvernig taka ætti á því. „Oft eru þær stofnaðar af aðstandendum svo þá er víst lítið um málið að segja. Hins vegar finnst mér að fólk ætti að hugsa sig tvisvar um áður en það stofnar slíka síðu án samráðs við aðstandendur. Þær síður sem ég hef séð eru flestar hreint tilfinningaklám þar sem menn virðast njóta þess að velta sér upp úr ógæfu annarra. En við lifum jú á öld tilfinningaklámsins svo þetta er bara í takti við það, Kastljósið býður upp á nákvæmlega sömu sort af tilfinningarúnki."



ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR

Þá segir Þórdís óvíst hvort ætla megi Facebook að vera uppspretta kjaftasagna. „Fólk sem vill ekki láta almenning lesa það sem það skrifar lokar auðvitað Facebook fyrir öðrum en sínum vinum, og er í sjálfsvald sett hverja það hefur sem vini á þessum vef," segir hún og telur málið því að mestu í höndum hvers og eins. „Sumir njóta þess að láta slúðra um sig og nota þá Netið til að leyfa slúðurfræjunum að spíra."

Fréttatímaritið Time um sorg á Facebook

„Móðir mín, 52 ára gömul, var sein til að kynna sér Facebook. Þegar hún loks skráði sig fyrir örfáum mánuðum fékk hún vinarbeiðni frá skólabróður úr gagnfræðaskóla sem hún hafði ekki rætt við í 30 ár. Hann hafði lesið um fráfall bróður hennar í bæjarblaðinu og vildi votta samúð sína," skrifar Lauran Katims í grein um Facebook og sorgarferlið sem birtist í vefútgáfu Time Magazine snemma í janúar síðastliðnum.

Hún greinir frá því hvernig þetta forspil á Facebook hafi orðið til þess að maðurinn, sem einu sinni var náinn vinur fjölskyldunnar, komst að því að foreldrar móður hennar voru einnig nýlátnir. Hann svaraði með því að lýsa eigin tilfinningum þegar hann missti móður sína og bæði græddu nokkuð á samskiptunum, segir í grein Lauran. „Fleiri vinir úr æsku sem hún hafði ekki séð áratugum saman höfðu samband á Netinu til að deila minningum og huggunarorðum," lýsir Lauren og segir móður sína hafa lýst því hvernig hún, í gegnum lýsingar annarra, fannst hún á eftir hafa tengst enn betur þeim sem hún hafði misst. „Og ef það væri ekki fyrir Facebook, þá hefðu þau aldrei fundið mig," hefur Lauren eftir móður sinni.

MINNINGARSÍÐA Hrafnhildur Lilja Georgsdóttir var myrt í Dóminíska lýðveldinu í september 2008. 1.770 manns eru skráðir á minningarsíðu um hana á Facebook og yfir 13.600 á síðu þar sem krafist er réttlætis henni til handa. Þar eru síðustu færslur frá því í nýliðnum mánuði. SKJÁSKOT/FACEBOOK

Grein Time lýsir margvíslegu hlutverki samskiptavefja á Netinu en segir Facebook um leið hafa þróast þannig að vefurinn hafi tekist á hendur eitt hlutverk til viðbótar, að vera vettvangur fólks til að lýsa sorg sinni. „Um allan heim getur fólk skrifað skilaboð, birt myndir og myndbönd og sérhæfðar síður bjóða gagnvirk spjallsvæði þar sem eftirlifendur geta rætt hver við annan og við ráðgjafa. Hægt og hljótt hefur Netið komið syrgjendum í samband við alls konar fólk sem stutt getur við það á sorgarstundu."

Haft er eftir Jeffrey Alexander, framkvæmdastjóra miðstöðvar Yale í menningarfélagsfræði, að í árþúsundir hafi dauðinn verið meðtekinn í helgisiðum og samupplifun sorgar. Nútíminn og uppbrot fjölskyldna þar sem fólk sest að víðs vegar um heiminn hafi leitt til einstaklingsmiðaðri heims og margir siðir hafi aflagst og með þeim ákveðin samkenndarupplifun. „Með aðstoð tækninnar höfum við komið á legg samfélagi sem við getum haft með okkur hvert sem við förum," er eftir honum haft.

Dr. Heidi Horsley, kennari við félagsfræðideild Kólumbíuháskóla í Bandaríkjunum, og fleiri sérfræðingar, eru jafnframt sagðir þeirrar skoðunar að vefir á borð við Facebook hjálpi fólki að vera opinskárra með sorg sína. Ungmenni sem upplýsi um flestar hliðar tilverunnar á Netinu séu óhrædd við að sýna á sér veikari hlið og deila tilfinningum sínum. „Yngri kynslóðin kynnir til sögunnar nýtt form sorgarferlisins," er haft eftir Heidi Horsley.

Greinarhöfundur segir Facebook hafa hjálpað móður hennar yfir tiltölulega nýafstaðnar stórhátíðar. „Henni veitti ekki af stuðningi allra sem þekktu og elskuðu fjölskyldumeðlimina sem hún hafði misst með svo skömmu millibili. Hún sagði mér að sér þætti auðveldara að opna sig og lýsa sorg sinni í skilaboðum á Facebook og að mörg þessara skilaboða hafi getið af sér símtöl og jafnvel heimsóknir. Ekkert léttir af henni sorginni við að missa foreldra sína og bróður, en samtöl við vini og tengsl við aðra syrgjendur hafa hjálpað móður minni að átta sig á að hún stendur ekki ein." - óká

Kannski sjá fleiri skrifin en mann grunar

„Ég held að ágætt sé að styðjast við að aðgát skuli höfð í nærveru sálar og svo gullnu regluna: Það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skulið þér og þeim gjöra," segir Sigríður Pétursdóttir, dagskrárgerðarmaður hjá RÚV, um hvernig haga eigi sér á Facebook. „Þetta er bara spurningin um að staldra við og hugsa í eina mínútu áður en maður setur eitthvað inn og velta fyrir sér hvort það geti verið meiðandi eða stuðað einhverja."

SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR

Kristín segir langmikilvægast að hafa þetta í huga í sambandi við börn, en stundum geti gleymst hverjir lesa. „Það er ekki bara að börn geti lesið um skilnaði foreldra, því þetta er svo miklu flóknara. Börn vina geta líka lent í því að lesa yfir öxlina á einhverjum um eigin foreldra. Það geta kannski fleiri lesið færslurnar en þeir sem maður hefur akkúrat í huga."

Lásu um andlát bróður síns

Fjölmiðlar víða um heim greindu frá því í byrjun vikunnar hvernig ástralskar tvíburasystur fengu af því fyrstu fregnir á samskiptavefnum Facebook að bróðir þeirra, Bobby Vourlis, hefði látið lífið í bílslysi í grennd við Sydney. Þegar systurnar, sem áttu afmæli á sunnudaginn fyrir viku, 7. febrúar, fóru inn á Facebook til að skoða afmæliskveðjur sáu þær líka tilkynningar í þá veru að bróðir þeirra og vinir hans væru látnir. Lögregluyfirvöld höfðu þá ekki enn tilkynnt fjölskyldunni að bróðirinn hefði lent í bílslysi um nóttina. Fjögur önnur ungmenni voru í sama bíl og bróðirinn og dóu tvö þeirra. „Ég skildi þetta ekki. Allir skrifuðu „Hvíl þú í friði Chris Naylor" og „Hvíl þú í friði Bobby" og ég hugsaði, hvað er eiginlega í gangi?" hefur Telegraph í Bretlandi eftir Angelu, annarri systurinni. „Ég reyndi í sífellu að hringja í hann og senda honum skilaboð, en náði ekki í hann. Þannig að ég hringdi í mömmu og sagði: Chris Naylor hlýtur að hafa dáið – ég var að lesa það á Facebook. En hvar er Bobby? Fólk er líka að skrifa um hann."

- óká

Það lærist fljótt að skilja ekki eftir opið

EINAR BÁRÐARSON

„Hvernig lokar maður fyrir þetta birthday rugl allt – ég er að drukkna í þessu?" spurði Einar Bárðarson, útvarpsstjóri Kanans, á Facebook-síðu sinni um miðjan dag á fimmtudag. Einar er vinamargur og fékk góðar ráðleggingar um hvernig best væri að snúa sér. Hann segir hins vegar ekki hægt að leyfa sér hvað sem er á Facebook.

„Mér finnst gilda sömu reglur um Facebook og gilda um aðra fjölmiðla, því Facebook er bara þinn litli prívatfjölmiðill og því fleiri sem þú ert með þar inni þeim mun betur þarft þú að hugsa um hvað þú setur þar inn," segir Einar, en kveðst um leið vel sáttur við allan léttleika, fíflagang og vinalegt grín sem fólk setur þar inn. „En að setja inn einhverja óvarlega hluti eins og að þessi og hinn séu látnir er náttúrlega ekki við hæfi frekar en á mannamóti eða einhvers staðar annars staðar. Mér finnst menn stundum gleyma því þegar þeir sitja einir heima hjá sér við Netið seint um nótt og hrauna þar einhverju sem þeim dettur í hug að þetta er náttúrlega eins og hver annar fjölmiðill og hægt að líta á þetta eins og forsíðuna á hvaða stórblaði sem er."

Einar setur sig þó ekki upp á móti minningarsíðum eða slíkum hlutum. „Ef það þolir að vera í minningargrein í Mogganum, þá þolir það að vera til minningar um vin á Netinu."

Þá segir Einar rétt að fólk sé meðvitað um að færst hafi í aukana í „mjög brengluðum kunningjahópum" að menn laumi inn óviðeigandi færslum á Facebook hjá náunganum bregði hann sér frá tölvunni. „En ég held að menn gangi ekki nema einu sinni, eða í mesta lagi tvisvar í þá gildru og muna eftir að stimpla sig út af síðunni þurfi þeir að bregða sér frá." Þannig fékk einn vinnufélagi Einars upphringingu frá fremur svekktum föður sínum og kom upp úr kafinu að pabbinn taldi sig hafa verið að frétta af óléttu konu vinarins á Facebook. Þá hafði þriðji vinnufélaginn komist í tölvu hins. „Hann hefur ekki látið hanka sig á þessu aftur."

Til eru sorgleg dæmi um skort á tillitssemi

Gísli Ásgeirsson þýðandi er meðal þeirra sem gert hafa athugasemdir við færslur á Facebook sem tengjast andláti fólks. Þannig gerði hann athugasemdir á vef sínum, malbein.net, undir lok desember, þegar kvisast hafði út á Facebook að Hrafnkell Kristjánsson, íþróttafréttamaður á RÚV, hefði látist, eftir sjúkrahúslegu í rúma viku eftir bílslys. Hann lýsti því hvernig fljótlega hafi birst krossar í stöðuuppfærslum fólks sem hann er tengdur á Facebook. „Ekki verður annað séð en nokkrum mínútum eftir andlátið hafi verið stofnuð þessi fésbókarsíða í minningu hans," segir hann í færslunni og vísar í síðu á Facebook. „Í þessum hópi eru núna um 2.600 meðlimir. Engir stjórnendur eru skráðir. Ekki verður séð að síðan sé á vegum ættingja hins látna. Í innleggjum mótmæla nokkrir síðunni, telja hana í óþökk aðstandenda og skora á fólk að skrá sig af henni. Víðar á netinu hef ég séð að sumum þyki nóg um framtak þetta. Aðrir telja sig vera í fullum rétti."

GÍSLI ÁSGEIRSSON

Gísli vísar svo í svar fylgismanns síðunnar og kveður þar mæla unglingsstúlku af Suðurnesjum: „gaur!! þetta var frekar sorgleg og fucked up ræða hja þer kallinn …en við sem almenningur meigum við og höfum rétt a þessu þar sem engin kæra eða formenn facebook hefur lokað þessari siðu,. ;) en eg meina þu hefur allveg rétt a þinu málfrelsi,.en þar sem þu ert á móti þessari siðu,. þa skaltu bara ekked vera að fylgjast með hvað er i gangi hérna,.og bara ekki vera að skifta þer af ;);) ;*" Tveimur dögum síðar birtist í netmiðlum formleg tilkynning um fráfall Hrafnkels.

Í spjalli við blaðið segist Gísli þeirrar skoðunar að um Facebook gildi sömu reglur og um almenna tillitssemi í samskiptum. „Facebook hefur það fram yfir nafnleysingjabloggin að þar eiga allir að vera undir nafni," segir hann og kveður að á síðunni eigi fólk að haga sér eins og það gerir á almannafæri. „Þetta á ekki að vera mjög flókið."

Gísli segir hins vegar of mikið um að fólk reyni að slá sjálft sig til riddara með því að „taka þátt" í sorglegum viðburðum, líkt og endurspeglist í dæminu sem hann tiltekur á síðu sinni um stúlkuna á Suðurnesjum.

Hästens®
www.hastens.com
Draumarúm

ÚTSALA
Veitum 20-50% afslátt af sýningarrúmum.
Útsölunni lýkur 15. febrúar
Hästens | Grensásvegi 3 | 108 Reykjavík | Sími 581 1006

ÖRLYGUR SIGURÐSSON LISTMÁLARI (1920-2002) VAR FÆDDUR ÞENNAN MÁNAÐARDAG.

„Fjöllin eru alltaf eins en fólkið undir fjöllunum er síbreytilegt og stökkbreytilegt með kostum sínum og göllum.“

Örlygur var fjölhæfur listamaður og helgaði líf sitt myndlist og ritstörfum. Meðal annars málaði hann myndir af mörgum þekktum Íslendingum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. FEBRÚAR 1945

Keppt um kaup á málverkum

Mikil hraðsala á málverkum átti sér stað þennan dag árið 1945. Þá opnaði Jóhannes S. Kjarval málverkasýningu í Listamannaskálanum og er dyrnar á skálanum voru opnaðar klukkan tíu stóðu um hundrað manns þar úti fyrir og hópar fólks þyrptust að næstu mínúturnar. Þegar sýningargestir komu inn í salinn hófst æðisgengin keppni milli þeirra um að festa kaup á myndunum sem þar voru til sölu. Alls voru fjörutíu og ein mynd á sýningunni en fjórar þeirra voru ekki falar.

Eftir um það bil tuttugu mínútur höfðu þrjátíu og þrjár myndir verið seldar. Urðu margir frá að hverfa sem þarna komu til að kaupa sér málverk því aðrir höfðu orðið á undan að hreppa þau.

Önnur eins hraðsala á málverkum hafði aldrei átt sér stað hér á landi áður og mun fátíð meðal annarra þjóða, að því er segir í Öldinni okkar.

JÓHANNES S. KJARVAL

MERKISATBURÐIR

- **1668** Spánn viðurkennir sjálfstæði Portúgals.
- **1693** Eldgos hefst í Heklu.
- **1945** Loftárásir hefjast á Dresden.
- **1960** Frakkar gera tilraunir með sína fyrstu kjarnorkusprengju.
- **1971** Suður-Víetnamar ráðast inn í Laos með hjálp Bandaríkjamanna.
- **1983** Lofsteinn fellur í sjóinn austur af landinu. Víða birti um austanvert landið er hann þaut gegnum himinhvolfið.
- **1988** Vetrarólympíuleikar hefjast í Calgary í Kanada.
- **2001** Jarðskjálfti upp á 6,6 stig á Richters-kvarða ríður yfir El Salvador.

Fallegir legsteinar

STEINSMIÐJAN RIFIN

AFMÆLI

AGNAR GUÐNASON ráðunautur er áttatíu og þriggja ára.

TÓMAS INGI OLRICH sendiherra er sextíu og sjö ára.

90 ára afmælí

Hér með vil ég þakka öllum þeim sem glöddu mig á 90 ára afmæli mínu þann 23. janúar.

Sérstakar þakkir til Söngskólans í Reykjavík fyrir veitta aðstoð og ekki síður öllum þeim sem lögðu hönd á plóg til að gera þennan dag ógleymanlegan.

Guðmunda Elíasdóttir
söngkona

Útfararþjónusta borgarinnar
Sími 551 7080
Bárugötu 4, 101 Reykjavík.

Inger Steinsson, útfararstjóri, s. 691 0919

Inger Rós útfararþj., s. 691 0919

Ólafur Örn útfararstjóri, s. 896 6544

Vönduð og persónuleg þjónusta

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN: HELDUR UPP Á SEXTÍU ÁRA AFMÆLIÐ Á MORGUN

Kirkjugestir geta örugglega glott út í annað, ef ekki bæði

„Við höldum upp á afmælið með rjómatertum og randabrauði,“ segir Pétur Þorsteinsson, prestur í Óháða söfnuðinum, glaðlega þegar hann er spurður út í hátíðahöld morgundagsins vegna sextugsafmælis safnaðarins. Hann tekur þó fram að ekki verði sest að borðum fyrr en að aflokinni guðsþjónustu með tónlistarívafi þar sem aðalræðumaður verður Ómar Ragnarsson, fréttahaukur og margmiðlunarmaður. „Ómar er með trúfastari sóknarbörnum hér og Helga konan hans líka. Ég reikna frekar með að hann segi einhverja brandara þannig að gestir geti glott út í annað, ef ekki bæði,“ segir sérann. Sjálfur kemur hann fólki oft til að brosa með sinni fjörlegu framkomu og sérstöku málnotkun. Pétríska orðabókin er landsþekkt og með tilvitnunum í hana kætir hann stundum lund kirkjugesta. „Þeir taka því vel,“ segir hann. „Þó sumum finnist aðalsyndin sú að vera fyndinn eru hinir fleiri sem kunna að meta léttleika; það er fagnaðarerindi sem við prestarnir eigum að boða.“

Í Óháða söfnuðinum eru um þrjú þúsund manns nú um stundir. „Fólk er skráð í þetta trúfélag hvar sem er á landinu,“ lýsir sr. Pétur. „Hér eru messur annan og fjórða sunnudag hvers mánaðar og fólk gengur að þeim vísum. Svo erum við með göngumessur á vorin, þá er byrjað að morgni með stuttri helgistund í kirkjunni áður en lagt er í ferðalag út fyrir bæinn þar sem við göngum í fimm til sex tíma. Eftir það er farið í sund og sána, snætt lambalæri og sungið og dansað. Þetta er heilmikil vorhátíð.“ Sr. Pétur lýsir fleiri föstum liðum í safnaðarstarfinu svo sem gúllasguðsþjónustunni í byrjun júlí „Þá er blessunin hún Búkolla brytjuð niður og etin að ungverskum hætti,“ segir hann hlæjandi og kveðst líka beita töfrabrögðum í fjölskyldumessum sem haldnar séu tvisvar á ári.

Nú er sr. Pétur beðinn að skauta yfir hina sextíu ára sögu safnaðarins. „Fylgjendur séra Emils Björnssonar stofnuðu þennan söfnuð kringum hann eftir að hann laut í lægra haldi í prestskosningum við Fríkirkjuna og hann var hér í þrjátíu ár,“ byrjar hann frásögnina. „Hann messaði fyrst í sal aðventista í Ingólfsstræti, fermdi í háskólakapellunni og flutti ræður í Stjörnubíói en kirkjan hér við Háteigsveg var byggð í sjálfboðavinnu og vígð 1959, þannig að hún varð fimmtíu ára í fyrra.“ Aðspurður segir sr. Pétur um lúterska fríkirkju að ræða, þar sé sami klæðnaður, sálmabók og helgisiðir og hjá þjóðkirkjunni og sóknargjald safnaðarbarna gangi til hennar í stað hverfiskirkna.

Eftir að sr. Emil fór til sjónvarpsins var sr. Baldur Kristjánsson prestur safnaðarins í eitt ár, þá kom sr. Þórsteinn Ragnarsson en sr. Pétur hefur þjónað óháða söfnuðinum í hálfan annan áratug, eða „háóða“ söfnuðinum eins hann heitir á „pétrísku“.

gun@frettabladid.is

GUÐSMAÐURINN „Þó sumum finnist aðalsyndin sú að vera fyndinn eru hinir miklu fleiri sem kunna að meta léttleika,“ segir séra Pétur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

†

Innilegar þakkir til ættingja og vina fyrir sýndan hlýhug og ómetanlega aðstoð vegna andláts og útfarar

Jóhannesar Bekk Ingasonar
kennara,
Lambastaðabraut 13, Seltjarnarnesi.

Alda Svanhildur Gísladóttir
Jón Þór Þorleifsson
Ingi Einar Jóhannesson **Aðalbjörg Sigurðardóttir**

Þökkum auðsýndan hlýhug og vináttu við andlát og útför sonar okkar, bróður og mágs,

Kristins Freys Arasonar
Stekkjarhvammi 12, Hafnarfirði.

Ólöf Sigurlín Kristinsdóttir **Ari Óskar Jóhannesson**
Steinunn Aradóttir **Sigríður Jóhannsdóttir**

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför mannsins míns,

Bárðar Brynjólfssonar.

Rósa Magnúsdóttir og fjölskylda.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóna Bergþóra Hannesdóttir
Reynigrund 81, Kópavogi,

lést miðvikudaginn 10. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 17. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Steinar Vilberg Árnason **Guðrún Norðfjörð**
Þyri Kap Árnadóttir **Trausti Leósson**
Jón Atli Árnason **Salvör Jónsdóttir,**
barnabörn og langömmubörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og jarðarför eiginkonu minnar, móður okkar og tengdamóður,

Steinunnar Jóhannsdóttur
Goðatúni 12, Garðabæ.

Ragnar Ragnarsson
Júlíana Magnúsdóttir
Jóhanna B. Magnúsdóttir
Sveinn Magnússon **Guðrún Hinriksdóttir**
Kristján Már Magnússon **Snjólaug Brjánsdóttir**
Ingibjörg Magnúsdóttir **Sigurður Á. Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

Sigríðar Öldu Eyjólfsdóttur
frá Laugardal í Vestmannaeyjum,
Hringbraut 2b, Hafnarfirði.

Ragnar Hafliðason
Kristín Ósk Kristinsdóttir **Vigfús Björgvinsson**
Líney Guðbjörg Ragnarsdóttir **Arnar Hilmarsson**
Ágústa Ragnarsdóttir **Jónas Hilmarsson**
Óskar Hafliði Ragnarsson **Sigríður Líney Lúðvíksdóttir**
Ragnar Eyjólfsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðlaugur Ingi Sæmundsson
fyrrv. leigubílstjóri, Langholtsvegi 200,
Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

Ingibjörg Aðalsteinsdóttir
Sæmundur Guðlaugsson **Karólína Benediktsdóttir**
Arnar S. Guðlaugsson **Bergþóra Ásmundsdóttir**
Halldór Guðlaugsson **Hafdís Hafliðadóttir**
Rúnar Guðlaugsson **Valgerður Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför relskulegs eiginmanns míns, föðurs, tengdaföðurs, afa og langafa,

Harðar Þórðarsonar
Hábergi 24.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki lungnalækningardeildar A-6 Landspítala Fossvogi fyrir einstaka umönnun

Sigríður Sóley Magnúsdóttir
Margrét Harðardóttir **Svavar Magnússon**
Helga Magnea Harðardóttir **Hafliði J. Hafliðason**
Inga Mjöll Harðardóttir **Guðlaugur Þór Ásgeirsson**
Guðný Harðardóttir **Valur Emilsson**
Hrönn Harðardóttir **Júlíus Hjörleifsson**
Hörður Harðarson **Margrét Dóra Árnadóttir**
Svanhildur Ó. Harðardóttir **Þorfinnur Hjaltason**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru systur, mágkonu og frænku,

Dagnýjar Valgeirsdóttur
kennara.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar K-2 á Landakotsspítala.

Björg Valgeirsdóttir **Skúli H. Norðdahl**
Björn Th. Valgeirsson **Stefanía Stefánsdóttir**
Valgeir Hallvarðsson **Aðalbjörg Kristinsdóttir**
Eva Hallvarðsdóttir **Ásgeir Valdimarsson**
Herdís Hallvarðsdóttir **Gísli Helgason**
Rannveig Hallvarðsdóttir **Jóhannes Karl Jia**
Tryggvi Hallvarðsson **Þuríður Vilhjálmsdóttir**
Hildur Björnsdóttir **Ásgeir Bragason**
Dagný Björnsdóttir **Skúli Gunnarsson**
Valgerður Helga Björnsdóttir **Jón Hafberg Björnsson**

Ástkæra eiginkona mín, móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Rut Magnússon
Skipasundi 77, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 7. febrúar. Útför fer fram mánudaginn 15. febrúar frá Langholtskirkju kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Drengjakór Reykjavíkur. Reikn. 0117-26-016649 kt. 591290-1699. Fjölskylda Rutar þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu í sinn garð.

Jósef Magnússon
Magnús Yngvi Jósefsson **Sigríður Guðsteinsdóttir**
Ásgrímur Ari Jósefsson **Braghildur Sif Matthíasdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Sigurlaug Oddsdóttir
ljósmóðir,

lést á Landspítalanum Fossvogi 29. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 19. febrúar kl 13.00. Jarðsett verður í Silfrastaðakirkjugarði laugardaginn 20. febrúar kl. 14.00.

Sigríður A. Pálmadóttir **Sigríður J. Friðjónsdóttir**
Jakob Ragnar Jóhannsson
Sigurlaug Jóhannsdóttir **Baldur Már Vilhjálmsson**
Jón Oddur Jóhannsson
Gunnar Oddsson **Helga Árnadóttir**
Guðrún Oddsdóttir **Knútur H. Ólafsson**
barnabarnbarn og systkinabörn.

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, ömmu og langömmu,

Sigurlaugar Kristjánsdóttur (Lullý)
Eyjavöllum 2, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans við Hringbraut og starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, fyrir sérstaka umönnun og þægilegt viðmót.

Svavar Þorsteinsson
Kristján Þór Svavarsson
Stefanía Therese Kristjánsdóttir **Hjalti Pálmason**
Svavar James Kristjánsson
og barnabarnabörn.

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Alexandersson
Hrafnistu, Hafnarfirði,

andaðist fimmtudaginn 4. febrúar sl. Jarðarförin hefur farið fram.

Haraldur Viggó Ólafsson
Ólafur Ólafsson **Erna Jónsdóttir**
barnabörn og langafabörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýju og vinsemd við andlát og útför elskulegs frænda okkar,

Ólafs Jóns Jónssonar.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar A-7 á Landspítala Fossvogi fyrir hlýju og góða umönnun.

Jón Kristinn Jónsson og fjölskylda
Ari Jónsson og fjölskylda

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Stella Olsen
Suðurási 32, Reykjavík,

andaðist þriðjudaginn 9. febrúar á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Birgir Ólafsson
Telma Birgisdóttir **Finnur Kolbeinsson**
Snorri Birgisson **Martha Sandholt Haraldsdóttir**
og barnabörn.

Hjartans dýpsta þakklæti til allra sem sýndu okkur samúð og stuðning við fráfall okkar elskulega

Hrafnkels Kristjánssonar.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á gjörgæsludeild LSH Fossvogi, Séra Einari Eyjólfssyni Fríkirkjupresti í Hafnarfirði, Norvik, RÚV og FH. Megi minning Hrafnkels lifa með okkur öllum.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Guðríður Hjördís Baldursdóttir
Atli Hrafnkelsson
Þóra Hrafnkelsdóttir.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Lárusar Þórarinssonar
fyrrv. flugumferðarstjóra,
Hverafold 19, Reykjavík.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ásthildur Lárusdóttir.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ingigerðar Eiríksdóttur
Skipum, Stokkseyrarhreppi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunardeildar Kumbaravogs. Guð blessi ykkur öll.

Gísli V. Jónsson **Herdís J. Hermannsdóttir**
Móeiður Jónsdóttir **Ólafur Benediktsson**
Ragnheiður Jónsdóttir **Vilhjálmur Vilmundarson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Þórðarson
bifreiðasmiður, Boðagranda 2a,
Reykjavík,

lést á deild 13E Landspítalanum við Hringbraut þann 11. febrúar. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 18. febrúar klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag nýrnasjúkra.

María Áslaug Guðmundsdóttir
Þórður Haraldsson **Þórdís Harðardóttir**
Áslaug Haraldsdóttir **Matthew Berge**
Stefán Haraldsson **Guðrún Indriðadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sesselja Ásmundsdóttir
Hjúkrunarheimilinu EIR, áður
Melabraut 65, Seltjarnarnesi,

lést laugardaginn 30. janúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á EIR.

Sólrún Valsdóttir **Eggert Ólafsson**
Helga Valsdóttir **Þórir Jensen**
Sigurður Valsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhann Gunnar Benediktsson
tannlæknir,

lést á dvalarheimilinu Hlíð Akureyri, mánudaginn 8. febrúar sl. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. febrúar kl. 13.30.

Halldóra Ingimarsdóttir
Margrét Jóhannsdóttir
Ásgeir Sverrisson **Helga Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

NAFNIÐ MITT: STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR

Stundum talin grimmlynd

Þegar Steingerður Steinarsdóttir blaðamaður fer til spákvenna þykjast þær oft sjá lágvaxna gamla konu í peysufötum sem beri sama nafn og Steingerður. Staðreyndin er hins vegar sú að Steingerður er nefnd í höfuðið á sögupersónu, Steingerði í Kormáks sögu sem er ein af Íslendingasögunum.

„Líklega halda spákonurnar að það leiki sér enginn að því að gefa barninu sínu svo svakalegt nafn og einhver ættingi hafi snúið upp á handlegginn á mömmu. Mamma hins vegar heillaðist af nafninu þegar hún las Kormáks sögu en þar segir frá Kormáki Ögmundarsyni skáldi sem varð svo ástfanginn af Steingerði að hann heillaðist strax og hann sá ökklana á henni. Um hana Steingerði sína yrkir hann svo ofboðslega fallegar og skemmtilegar vísur. Mamma lofaði sjálfri sér að ef hún myndi eignast dóttur yrði hún nefnd Steingerður."

Mörgum þykir nafnið benda til þess að Steingerður sé mikilúðleg og grimmlynd kona að sögn hennar sjálfrar en faðir hennar heitir Steinar og Steingerður Steinarsdóttir þykir sumum hart nafn. „Ég sjálf er ofboðslega sátt við nafnið mitt í dag þótt ég hafi ekki þolað það þegar ég var barn. Þá þráði ég það heitast að heita einhverju rómantísku og mjúku nafni eins og Sóley eða Rósa. En í dag nýt ég þeirra forréttinda að það muna allir eftir mér út af nafninu." - jma

LANGAÐI AÐ HEITA RÓSA Þótt Steingerður Steinarsdóttir blaðamaður sé hæstánægð með nafnið sitt í dag langaði hana sem barn að heita mýkra nafni.

HÚSDÝRAGARÐURINN: AFMÆLISÁRIÐ BYRJAR VEL

Skemmtilegra en ísbíltúrinn

Húsdýragarðurinn er skemmtilegur staður fyrir fjölskylduna að heimsækja um helgar. Þangað hafa fjölskyldur sótt í bráðum tuttugu ár.

Tilefni er til að fara í fjölskylduferð í Húsdýragarðinn um helgina því í lok janúar fæddist þar fyrsti geithafur ársins og er þetta í fyrsta sinn sem geitburður hefst svo snemma árs. Kiðlingurinn hefur hlotið nafnið Guðmundur, í höfuðið á þjálfara íslenska handboltalandsliðsins. Að auki fæddust tveir fallegir kálfar fyrir jól sem hlotið hafa nöfnin Huppa og Skjöldur.

Einnig er árskortshöfum boðið að taka þátt í sérstökum vinamorgnum sem fram fara í febrúar. Takmarkaður fjöldi þátttakenda er hvern morgun og því er nauðsynlegt að skrá sig fyrirfram. Börnum og foreldrum er boðið að fylgjast með og taka þátt í þeim verkum sem sinnt er í fjárhúsum og tekur það um eina og hálfa klukkustund.

Unnur Sigurþórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Húsdýragarðsins, segir vinamorgnana hafa lukkast mjög vel og að einhverjir hafi þegar bókað sig á allar þær helgar sem vinamorgnarnir eru í boði. Húsdýragarðurinn bauð einnig upp á vinamorgna í fyrra en í ár eru þeir einungis ætlaðir árskortshöfum. „Krakkarnir vinna í hesthúsinu, fjárhúsinu og fjósi og fá að sinna hefðbundnum störfum líka eins og að moka undan dýrunum og almenn þrif. Flestum finnst þetta mjög gaman, en sumir hafa pælt í því hvort þeir fái ekki eitthvað að launum fyrir erfiðið.

GUÐMUNDUR Unnur Sigurþórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Húsdýragarðsins, segir gaman að fylgjast með nýja kiðlingnum, Guðmundi, sem braggast vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

Þetta þýðir líka að krakkarnir upplifa meiri nálægð við dýrin og ég held að það geri hverju barni gott." Foreldrar fá að fylgja börnunum í húsin og geta aðstoðað þau allra yngstu við verkin, en Unnur tekur fram að börnin eigi að sjá um vinnuna enda séu vinamorgnarnir fyrst og fremst ætlaðir þeim. „Þetta er aðeins öðruvísi fjölskylduskemmtun en hinn hefðbundni ísbíltúr og það eru eflaust margir þreyttir litlir kroppar sem koma heim eftir heimsóknina," segir Unnur.

Þeir sem ekki eru árskortshafar geta lagt leið sína í Húsdýragarðinn og heimsótt kiðlinginn Guðmund sem er til sýnis alla daga. „Geitungurinn, eins og hann er kallaður, braggast rosalega vel þrátt fyrir að móðirin sé ekki nema eins árs gömul sjálf og það er afskaplega gaman að fylgjast með þeim báðum," segir Unnur að lokum. - sm

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Margrét Guðmundsdóttir
frá Hóli, Önundarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 11. febrúar. Minningarathöfn verður í Digraneskirkju, Kópavogi, fimmtudaginn 18. febrúar kl. 13.00. Jarðsett verður frá Holtskirkju í Önundarfirði mánudaginn 22. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi njóta þess.

Aðstandendur.

Kort á villigötum

Ísland örum skorið er yfirskrift erindis sem Andrés Arnalds, fagmálastjóri Landgræðslu Íslands, flytur á málstofu í Keldnaholti á mánudaginn. Málstofan er haldin á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands en erindi Andrésar mun fjalla um landakort á villigötum, nýjar slóðir og vaxandi akstur utan vega.

Andrés segir vega- og slóðakerfi hér á landi vera tvískipt. Annars vegar eru þær leiðir sem eru á skrá Vegagerðarinnar og hins vegar er urmull slóða utan hins opinbera kerfis. Hann segir þann síðarnefnda vera mun stærri og hefur hann að mestu orðið til utan skipulags. Nýjar slóðir séu stöðugt að myndast en lög og reglur til aðhalds séu ófullnægjandi.

AKSTUR UTAN VEGAR Nýjar slóðir eru stöðugt að myndast.

Málstofan hefst klukkan 15.15.

Elskuleg sambýliskona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Soffía Sveinbjörnsdóttir

sem lést laugardaginn 6. febrúar, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

Hálfdán Jensen
Björn Einarsson **Margrét Árnadóttir**
Lúðvík Baldursson **Þórey Aspelund**
Ásgeir Baldursson **Hansína Steingrímsdóttir**
Grétar Gunnarsson **Halla Hansen**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegi eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir og mágur,

Ingi Jón Jóhannesson

lést sunnudaginn 7. febrúar síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.

Birna Kristín Ómarsdóttir
Haraldur Smári
Björn Ómar
Valgerður Jóhannesdóttir **Valgeir Birgisson**
Íris Valberg **Trausti Guðlaugsson**
Anna Björg Samúelsdóttir **Bjarni Danival Bjarnason**

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

VALENTÍNUSARSTEMNING

ASHLEYS
AFTER DINNER MINTS
150gr

198 kr/pk

JARÐARBER
250gr

198 kr/pk

ÞEYTITOPPUR
250gr

197 kr/stk

KJÚKLINGABRINGUR
ÁN SKINNS, MAGNBAKKI

1.765 kr/kg
áður 2.941 kr/kg

SVÍNALUNDIR
FROSNAR

1.399 kr/kg

VATNSDEIGSBOLLUR
LITLAR
9stk

248 kr/pk

SALTKJÖT
BLANDAÐ

798 kr/kg
áður 998 kr/kg
nettó

SALTKJÖT
ÓDÝRT

397 kr/kg
áður 515 kr/kg
GOÐI

BOLLUGLASSÚR
180gr

149 kr/stk

SALTKJÖT
SÍÐUBITAR

279 kr/kg
áður 398 kr/kg

SALTKJÖT
VALIÐ

1.329 kr/kg
áður 1.899 kr/kg

COOP SULTUR
HINDBERJA,
JARÐABERJA,
SÓLBERJA &
JARÐAB./
RABBABAR.

198 kr/stk

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 11. - 14. febrúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

Óttinn við að eldast

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar

Einn af ókostunum við að eldast er að sætta sig við þá staðreynd að læknar verði einhvern tíma jafnaldrar manns. Það gerist stuttu áður en heimurinn hrynur endanlega og læknarnir verða yngri en maður sjálfur. Ég byrja bráðum að sniglast fram úr heilbrigðisstarfsfólki í aldri og hríðskelf við tilhugsunina um að einn daginn eigi slefandi unglingur eftir að taka á móti mér og biðja mig um að fara úr að ofan. Tja, eða úr að neðan? Fokk.

ÓTTINN við að eldast kallast á fagmálinu *gerascophobia*. Ég get ekki talað fyrir hönd annarra sem berjast við *gerascophobiu*, en hjá mér ágerðist óttinn eftir 21. afmælisdaginn – sem er að öðrum ólöstuðum sá ömurlegasti. Afmælisdagarnir fram að þeim 21. hafa allir merkingu. Sá fyrsti upp að þeim 17. telur niður að bílprófi, 18. verður maður sjálfráða og á 19. afmælisdeginum er aðeins ár í að maður geti keypt bús. Á þeim 20. gengur maður loks kokhraustur inn í Vínbúð og slengir glansandi debetkortinu framan í þakklátan starfsmanninn: „Auðvitað er ég orðinn tvítugur!“ Eftir það liggur leiðin niður á við.

ÞEGAR ég varð 21 árs hættu áramótin að snúast um að fagna nýju ári. Í dag syrgi ég hvernig dagatalið siglir sífellt lengra frá fæðingardegi mínum, sem er í dag punktur í sjóndeildarhring ársins 2010. Eins vel og ég kann að meta ferskleika nýs árs – nýtt upphaf – þá virkar sú tilfinning sem skammgóður vermir. Hlandið í skónum kólnar fljótt þegar afmælisdagurinn nálgast og það er sama hversu langt ég þrýsti fingrunum inn í eyrun og hversu fast ég kreisti augun aftur: Talan hækkar áður en ég fæ rönd við reist.

ALDURINN er óumflýjanlegur og allt við þennan ótta er orkusóun. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að ekkert breytist á afmælisdaginn. Maður vaknar daginn eftir sami maðurinn í sömu vinnunni, hittir sömu vinina um helgar og glímir við sömu vandamálin sem eru í lok dags, yfirleitt sömu stelpurnar. Rót *gerascophobiu* er því annaðhvort óttinn við dauðann eða hreinlega óttinn við tölur. Fyrri uppástungan er líklegri því hverja einustu sekúndu færumst við nær dauðanum. Lífið er tímaglas og einn daginn fellur síðasta sandkornið úr efra hólfinu í það neðra. Enginn breytir því – ekki einu sinni slefandi unglingarnir sem taka á móti okkur í sjúkrahúsunum innan tíðar.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Minnast 75 ára afmælis

Söngvarinn Friðrik Ómar, ásamt hópi annarra tónlistarmanna, heldur tónleika í Salnum laugardaginn 20. febrúar í tilefni af 75 ára afmæli Elvis Presley. Farið verður yfir feril kóngsins þar sem lög á borð við Jailhouse Rock, Love Me Tender og Can´t Help Falling in Love verða á efnisskránni. Elvis fæddist í Mississippi í Bandaríkjunum 8. janúar 1935 og hefði því orðið 75 ára á þessu ári hefði hann lifað. Miðasala á tónleikana í Salnum fer fram í síma 570 0400 og á Salurinn.is. Miðaverð er 2.900 krónur.

FRIÐRIK ÓMAR Friðrik syngur lög Elvis Presley í Salnum 20. febrúar.

Neitar að hitta eiginkonuna

Bandarískur dómstóll hefur úrskurðað að eiginkona leikarans Dennis Hopper, Victoria, þurfi að halda sig að minnsta kosti þremur metrum frá honum.

Hinn 73 ára Hopper, sem er alvarlega veikur, vill ekkert með Victoriu hafa og hefur heitið því að hún fái ekki krónu í arf fari svo að hann lifi ekki af veikindi sín. Segja læknar Hoppers að samskipti við Victoriu hefðu í för með sér mikla streitu sem hann þarf ekki á að halda þessa dagana.

Þau hafa verið gift í fjórtán ár en skilnaður er nú í vændum. Hopper segir að eiginkonan hafi hagað sér sérlega illa síðasta árið og vísar í rifrildi þeirra um umgengnisrétt vegna sex ára dóttur þeirra, Galen. Victoria heldur því fram að leikarinn hafi reykt maríjúana fyrir framan dóttur þeirra, hótað henni og að hann sé ekki lengur hæfur til að taka u ákvarðanir. Þessu hefur hann vísað algjörlega á bug.

Hopper, sem hefur verið kvæntur fimm sinnum, er í lyfjameðferð þessa dagana vegna krabbameins í blöðruhálskirtli. „Við læknarnir mínir erum vongóðir um að þessi meðferð skili góðum árangri og að ég geti notið lífsins og starfsins á nýjan leik," sagði hann. Þekktustu myndir Hoppers eru Easy Rider, Apocalypse Now, Blue Velvet og Speed.

DENNIS HOPPER Eiginkona leikarans þarf að halda sig að minnsta kosti þremur metrum frá honum.

COURTNEY LOVE Rokkekkjan hefur tjáð sig opinskátt um eiginmanninn fyrrverandi, Kurt Cobain.

Tjáir sig um Kurt Cobain

Söngkonan Courtney Love tjáir sig opinskátt um fyrrverandi eiginmann sinn, hinn sáluga rokkara Kurt Cobain úr Nirvana, í viðtali við tímaritið Spin. „Ég giftist náunga, hann drap sig og ég erfði allt saman. Þannig gekk þetta fyrir sig," sagði Love. Hún á þessa dagana í forræðisdeilu vegna dóttur þeirra, Frances Bean, sem er sautján ára. Nýlega var ákveðið að aðgangur Love að Frances verði áfram takmarkaður þangað til í apríl. Þá munu dómstólar endurskoða málið. Love hefur lengi átt við vímuefnavandamál að stríða, auk þess sem fjárhagurinn hefur verið dapur upp á síðkastið.

PENELOPE CRUZ Spænska leikkonan verður líklega í næstu Pirates of the Caribbean-mynd.

Cruz glímir við Sparrow

Spænska leikkonan Penelope Cruz er í viðræðum um að leika í fjórðu sjóræningjamyndinni Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides. Landi hún hlutverkinu mun hún leika á móti sjálfum Jack Sparrow, sem Johnny Depp hefur túlkað á eftirminnilegan hátt í fyrstu þremur myndunum. Tökur á framhaldsmyndinni hefjast í sumar og frumsýningin verður í maí á næsta ári. Penelope Cruz var nýverið tilnefnd til Óskarsins fyrir hlutverk sitt í söngvamyndinni Nine. Leikstjóri hennar er Rob Marshall, sá hinn sami og leikstýrir Stranger Tides.

Sunnudagur kl. 17
Barna- og fjölskyldutónleikar verða í Langholtskirkju. Tónverkið Pétur og úlfurinn eftir Sergei Prokofieff verður flutt af Láru Bryndísi Eggertsdóttur organista og leikið á orgel kirkjunnar í tilefni af 10 ára afmæli þess. Sögumaður er Örn Árnason leikari. Auk þess kemur fram Krúttakórinn undir stjórn Huldu Daggar Proppé og Þóru Björnsdóttur, Kórskólinn undir stjórn Þóru Björnsdóttur og Graduale Futuri undir stjórn Rósu Jóhannesdóttur. Miðasala við inngganginn.

menning

menning@frettabladid.is

Dagbókarfærslur Einars

Í dag kl. 16 verður opnuð málverkasýning Einars Garibalda Eiríkssonar, Grand Tour, í Gallerí Ágúst, sem er á Baldursgötu 12. Á sýningunni eru fundin málverk (Tableaux trouvés) sem Einar hefur safnað á götum sögufrægra borga Ítalíu á undanförnum árum, en titill sýningarinnar vísar til „Grand Tour"-ferðanna er náðu hámarki sínu á 18. öldinni.

Á síðasta áratug hefur Einar ferðast í fótspor hinna þekktu ferðalanga um Ítalíu, þar sem hann hefur meðal annars starfað sem leiðsögumaður. Líta má á hin fundnu málverk sem dagbókarfærslur Einars, með vísunum til þeirra listamanna er tókust þetta ferðalag á hendur í leit að skilningi á sameiginlegri arfleifð.

Sýningin stendur yfir til 27. mars.

GRAND TOUR Einar Garibaldi Eiríksson á ferð.

> Ekki missa af

Á sunnudaginn kl. 16 mun Sinfóníuhljómsveit Norðurlands leika nýja (verk eftir Hauk Tómasson) og gamla (Mozart, Síbelíus og Fauré) tónlist í Akureyrarkirkju. Einleikari á fiðlu með hljómsveitinni er Sigrún Eðvaldsdóttir og stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson. Á tónleikunum fær Sinfóníuhljómsveitin til liðs við sig Strengjasveit Tónlistarskólans á Akureyri.

VELJUM LÍFIÐ

CARNEGIE ART AWARD 2010

8.1. – 21.2. 2010

Leiðsögn þriðjudaga og föstudaga kl. 12.10
Sjá nánar fræðsludagskrá á www.listasafn.is
Ókeypis aðgangur | Opið daglega kl. 11-17 | Lokað mánudaga
Fríkirkjuvegi 7 | 101 Reykjavík
LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

ÞAÐ SEM HVERFUR-HÓPURINN Á Vetrarjazzi annað kvöld.

Sexí túba og það sem hverfur

Vetrarjazzinn heldur áfram um helgina með spennandi og fjölbreyttri kvölddagskrá á Café Kúltúru. Þeir sem koma fram eru Hljómsveit Kristjönu Stefánsdóttur, Fönksveinar og B3 tríóið í kvöld og Tríó Eyþórs Gunnarssonar og ungir sólistar undir dyggri handleiðslu Andrésar Þórs og hljómsveitar spreyta sig annað kvöld.

Tvö af vinsælustu djassböndum Norðurlanda leika svo í Norræna húsinu kl. 17 í dag, tríóin Pelbo og Plop. Norska sveitin Pelbo er hljómsveit með óvenjulega hljóðfæraskipan, rödd, „sexí" túbu og trommur! Tónlistin er að sama skapi óvenjuleg. Lifandi hljóðfærum er spyrnt saman við elektróník og óvægna sviðsframkomu og mun útkoman engu lík.

Finnska tríóið Plop er öllu hefðbundnara djasstríó. Þar er saxófónleikarinn Mikko Innanen í fararbroddi með öflugt riþmapar að baki. Plop hefur starfað í þrjú ár og leitar hins gullna jafnvægis á milli fyrirfram ákveðinna tónsmíða og þeirra sem fæðast á sviðinu.

Í tilefni af útkomu geisladisksins „Það sem hverfur" verður svo efnt til tónleika í Þjóðmenningarhúsinu kl. 20 á sunnudagskvöldið. Ný tónlist Sigurðar Flosasonar við eyðibýlaljóð Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar verður flutt, en efnið kom út á samnefndum geisladiski í nóvember. Þetta er dramatísk tónlist þar sem djass, popp, sígild tónlist og þjóðleg stef renna saman og skapa bræðing sem hæfir efninu vel. Flytjendur eru söngvararnir Ragnheiður Gröndal og Egill Ólafsson, Sigurður Flosason á ýmis blásturshljóðfæri, Kjartan Valdemarsson á píanó og hljómborð og Matthías Hemstock á trommur, trommuheila og náttúruhljóð.

- drg

Þjóðmenningarhúsinu
Sunnudag 14. febrúar kl. 20:00

Ragnheiður Gröndal
Egill Ólafsson
Sigurður Flosason
Kjartan Valdemarsson
Matthías Hemstock

…Í stuttu máli sagt frábær plata sem spilar með áhrifaríkum hætti á tilfinningar hlustandans, gegnum ljóðmál, músik og myndir, og er hlutaðeigendum til sóma hvert sem litið er.
J.A.Ó. MBL 19.11. 2009

Forsala á midi.is
IMMA

512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

Ný bók eftir höfund metsölubókarinnar KONUR
KOMIN Í KILJU!

„Stundum finnst manni Steinar Bragi hafa meiri hæfileika í litla putta en margir aðrir í öllum skrokknum ... Ég hafði mjög gaman af þessari bók."
Egill Helgason / Kiljan

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Valentínusartilboð

Komdu ástinni þinni á óvart!

Tilboð á rómantík í Skífunni!

Nýtt í Skífunni

SÖNGVAKEPPNI
SJÓNVARPSINS 2010

THE SEA
CORINNE BAILEY RAE



ANIMAL
KE$HA

HELIGOLAND
MASSIVE ATTACK

VH1 STORYTELLERS
KANYE WEST

TÓNLISTIN ÚR
GLEE

CONTRA
VAMPIRE WEEKEND

KÖLD
SÓLSTAFIR

ONE LIFE STAND
HOT CHIP

SOLDIER OF LOVE
SADE

SCRATCH MY BACK
PETER GABRIEL
KEMUR Á MÁNUDAG

Stærsta hljómplötuverslun á Íslandi
LAUGAVEGUR 26 · KRINGLAN · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

Mið 17/2 kl. 20:00	Mið 24/2 kl. 20:00 Aukas.	
Fim 18/2 kl. 20:00	Fim 4/3 kl. 20:00	

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Aukasýning 4. mars komin í sölu!

Oliver! (Stóra sviðið)

Sun 14/2 kl. 15:00	Sun 28/2 kl. 19:00	Sun 21/3 kl. 15:00
Sun 14/2 kl. 19:00	Sun 7/3 kl. 15:00	Sun 21/3 kl. 19:00
Sun 21/2 kl. 15:00	Sun 7/3 kl. 19:00	Lau 27/3 kl. 15:00
Sun 21/2 kl. 19:00	Sun 14/3 kl. 15:00	Lau 27/3 kl. 19:00
Sun 28/2 kl. 15:00	Sun 14/3 kl. 19:00	Sun 28/3 kl. 15:00

Oliver! ★★★★ MBL, GB.



Gerpla (Stóra sviðið)

Lau 13/2 kl. 20:00 2. K	Lau 27/2 kl. 20:00 6. K	Lau 13/3 kl. 20:00
Fös 19/2 kl. 20:00 3 K	Fös 5/3 kl. 20:00 7. K	Fim 18/3 kl. 20:00
Lau 20/2 kl. 20:00 4. K	Lau 6/3 kl. 20:00 8. K	Fös 19/3 kl. 20:00
Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas.	Fim 11/3 kl. 20:00	Lau 20/3 kl. 20:00
Fös 26/2 kl. 20:00 5. K	Fös 12/3 kl. 20:00	

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!

Fíasól (Kúlan)

Lau 13/3 kl. 15:00 Frums.	Sun 28/3 kl. 13:00	Sun 18/4 kl 15:00
Sun 14/3 kl. 13:00	Sun 28/3 kl 15:00	Fim 22/4 kl 13:00 Aukas.
Sun 14/3 kl. 15:00	Lau 10/4 kl 13:00	Fim 22/4 kl 15:00 Aukas.
Lau 20/3 kl. 13:00	Lau 10/4 kl 15:00	Lau 24/4 kl 16:00
Lau 20/3 kl. 15:00	Sun 11/4 kl 13:00	Sun 25/4 kl 13:00
Sun 21/3 kl. 13:00	Sun 11/4 kl 15:00	Sun 25/4 kl 15:00
Sun 21/3 kl. 15:00	Lau 17/4 kl 13:00	Sun 2/5 kl 13:00
Lau 27/3 kl. 13:00	Lau 17/4 kl 15:00	Sun 2/5 kl 15:00
Lau 27/3 kl. 15:00	Sun 18/4 kl 13:00	

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!

Hænuungarnir (Kassinn)

Þri 23/2 kl. 20:00 Fors.	Fös 5/3 kl. 20:00	Fös 12/3 kl. 20:00
Fim 25/2 kl. 20:00 Fors.	Lau 6/3 kl. 20:00	Lau 13/3 kl. 20:00
Lau 27/2 kl. 20:00 Frums.	Fim 11/3 kl. 20:00	

Bráðfyndið verk eftir einn af okkar ástsælustu höfundum!

LAB LOKI OG HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ KYNNA:

Útsagnýlur

EFTIR SJÓN

SÝNING Á SUNNUDAG 14. FEB.

MIÐASALA Á MIDI.IS OG 555-2222 TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI

IÐNÓ

TILBRIGÐI VIÐ STEF

eftir Þór Rögnvaldsson — Stef: Hin sterkari eftir Strindberg

Næstu sýningar: 11/2, 14/2 – kl. 20. Fáar sýningar eftir.

Fbl.★★★★★ Elísabet Brekkan
Klassískt verk fullt af leikgleði.

Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir
Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel upp enda enginn nýgræðingur í faginu.

Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu – www.midi.is

ÍSLENSKA ÓPERAN

GIUSEPPE VERDI

AIDA

ÁSTARÞRÍHYRNINGURINN

FÖSTUDAGINN 19. FEBRÚAR KL. 20



AIDA: Elín Ósk Óskarsdóttir
AMNERIS: Hörn Hrafnsdóttir
RADAMES: Jóhann Friðgeir Valdimarsson

Antonía Hevesi, píanó

Miðaverð 2.500
Miðasala á www.opera.is

Ghost rómantískust

Ghost hefur verið kjörin rómantískasta kvikmynd allra tíma. Í öðru sætinu lenti Dirty Dancing en báðar eru þær með Patrick Swayze heitnum í aðalhlutverki. Könnunin var framkvæmd af verslununinni HMV og tóku rúmlega 2.500 manns þátt. Í svipaðri könnun sem var gerð fyrir tveimur árum bar Romeo and Juliet sigur úr býtum en í þetta sinn lenti hún í 24. sæti. Pretty Woman með Juliu Roberts í aðalhlutverki varð þriðja í könnuninni. „Allar götur síðan Dirty Dancing kom út hefur verið litið á Patrick Swayze sem rómantískan hjartaknúsara. Almenningur virðist hafi tekið nærri sér baráttu hans við alvarleg veikindi og ótímabæran dauða hans. Margir eru því komnir á þá skoðun að hann sé táknmynd rómantískra mynda,“ sagði yfirmaður hjá HMV.

PATRICK SWAYZE Swayze er konungur rómantísku myndanna samkvæmt nýrri skoðanakönnun.

Sjötta Eyrarrósin afhent

Eyrarrósin, sérstök viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni, verður afhent í sjötta sinn á Bessastöðum á mánudaginn kl. 16. Í ár hafa þrjú verkefni verið tilnefnd úr hópi umsækjenda: Tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði eystra, Eiríksstaðir í Haukadal og Skjaldborg – heimildarmyndahátíð á Patreksfirði. Það er til mikils að vinna: fjárstyrkur að upphæð 1,5 milljónir kr. og verðlaunagripur eftir Steinunni Þórarinsdóttur til eignar.

Í fyrra hlaut Landnámssetrið í Borgarnesi Eyrarrósina en aðrir handhafar hennar eru Rokkhátíð alþýðunnar – Aldrei fór ég suður, Strandagaldur á Hólmavík, LungA – listahátíð ungs fólks á Austurlandi og Þjóðlagahátíðin á Siglufirði. - drg

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 13. febrúar 2010

Tangó

Tangóævintýrafélagið stendur fyrir milonga-kvöldi á veitingahúsinu **Eldhrími** að Borgartúni 14 kl 21-24. **Dj Svanhildur** sér um tónlist. Nánari upplýsingar á www.tangoadventure.com.

Vetrarjazzhátíð

17.00 Hljómsveitirnar **Pelbo** frá Noregi og **Plop** frá Finnlandi verða í **Norræna húsinu** við Sturlugötu.

22.00 Hljómsveit **Kristjönu Stefánsdóttur** verður á **Café Kúlturu** við Hverfisgötu.

23.00 **B3 tríó** og **Funksveinar** verða í kjallara **Café Kúlturu** við Hverfisgötu.

Vetrarjazzhátíð í Reykjavík stendur til 15. febrúar. Nánari upplýsingar á www.jazz.is.

Tónleikar

16.00 **Álftagerðisbræður** flytja fjölbreytta efnisskrá á tónleikum í **Fella- og Hólakirkju** við Hólaberg.

22.00 **Hvanndalsbræður** verða með tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

23.00 Tónleikar á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Fram koma **Berndsen**, **Agent Fresco**, **Bloodgroup** og **Sykur**. Húsið verður opnað kl. 22.

Félagsvist

14.00 **Félagsvist** verður spiluð í **Breiðfirðingabúð** við Faxafen 14.

Dansleikir

Hljómsveitin **Von** frá Sauðárkróki verður á skemmtistaðnum **SPOT** við Bæjarlind í Kópavogi. Sérstakir gestir: **Björgvin Halldórsson**, **Einar Ágúst** og **Ína Valgerður**.



Weidcore á Batteríinu, Hafnarstræti 1-3. Fram koma **Biogen**, **Quadruplos**, **Dj Árni Vector**, **Dj 3D** og **Dj AnDre**.

Leikrit

19.00 Leikhópurinn **Munaðarleysingjar** sýnir verkið **Munaðarlaus** eftir Dennis Kelly í **Rýminu** hjá Leikfélagi Akureyrar við Hafnarstræti. Nánari upplýsingar á www.leikfelag.is

Fyrirlestrar

13.00 **Freysteinn Sigmundsson** flytur erindið **„Jöklar hopa, land rís“** á fyrirlestri sínum í **Öskju** við Sturlugötu 7. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

Sunnudagur 14. febrúar 2010

Tangó

Tangóævintýrafélagið stendur fyrir milonga-kvöldi á **Café Rót** við Hafnarstræti 17. **Dj Kaldalóns** sér um tónlist. Nánari upplýsingar á www.tangoadventure.com.

Vetrarjazzhátíð

20.00 **Sigurður Flosason** heldur útgáfutónleika í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu 15. Meðal flytjenda eru **Egill Ólafsson** og **Ragnheiður Gröndal**.

21.00 **Ungir sólistar** spreyta sig undir handleiðslu **Andrésar Þórs** á **Café Kúlturu** við Hverfisgötu.

22.00 **Tríó Eyþórs Gunnarssonar** verður í kjallara **Café Kúlturu** við Hverfisgötu

Vetrarjazzhátíð í Reykjavík stendur til 15. febrúar. Nánari upplýsingar á www.jazz.is.

Tónleikar

16.00 **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** flytur verk eftir Hauk Tómasson, J. Sibelius, G. Faure og W.A. Mozart á tónleikum í **Akureyrarkirkju**. Einleikari er **Sigrún Eðvaldsdóttir**.

17.00 Í **Langholtskirkju** við Sólheima verða barna- og fjölskyldutónleikar þar sem flutt verður tónverkið **Pétur og úlfurinn** eftir Sergej Prokofieff. Sögumaður er **Örn Árnason**.

17.00 **Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir** sópran og **Jón Ólafur Sigurðsson** organisti flytja verk eftir m.a. Schütz, Falconara og W.A. Mozart í **Hjallakirkju** við Álfaheiði í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis.

Námskeið

Fjölskyldunámskeið í gerð öskupoka og bolluvandagerð verður haldið í menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** (Gerðubergi 3-5) kl. 14-19 og í Borgarbókasafni við Tryggvagötu kl. 15-16.30. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.

Kvikmyndir

15.00 Pólska kvikmyndin **Lotna** (1959) í leikstjórn **Andrzej Wajda** verður sýndí **MÍR** við Hverfisgötu 105. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

Dansleikir

Dansleikur **Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður haldinn að **Stangarhyl 4** kl. 20-23.30. **Borgartríó** leikur fyrir dansi.

Leikrit

20.00 Leikhópurinn **Munaðarleysingjar** sýnir verkið **Munaðarlaus** eftir Dennis Kelly í **Rýminu** hjá Leikfélagi Akureyrar við Hafnarstræti. Nánari upplýsingar á www.leikfelag.is

20.00 Leikverkið **„Tilbrigði við stef“** eftir Þór Rögnvaldsson í leikstjórn Ingu Bjarnason verður flutt í **Iðnó** við Vonarstræti. Nánari upplýsingar á midi.is.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

Sunnudagur 14. febrúar kl. 14 -16
Syngjum og kveðum... um ástina og tilhugalífið á Valentínusardaginn! Söngstund á kaffihúsinu í umsjón Báru Grímsdóttur og Chris Foster.

Sunnudagur 14. febrúar kl. 14 -16
Kanntu að búa til öskupoka og bolluvönd? Fjölskyldunámskeið í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
Allt efni á staðnum – þátttaka ókeypis.

Miðvikudagur 17. febrúar kl. 14 -16
Öskudagsgleði fyrir alla káta krakka!
Pollapönkarar leika fyrir dansi, Jón Víðis sýnir töfrabrögð og kötturinn sleginn út tunnunni.
Í samstarfi við Frístundamiðstöðina Miðberg.

Strengir – Leikbrúður, grímur og búningar Strengjaleikhússins eftir Messíönu Tómasdóttur.

Þetta vilja börnin sjá!
Myndskreytingar úr barnabókum ársins 2009.

Við veginn – **Sigurður Stefán Jónsson** sýnir ljósmyndir í kaffihúsi.

Það kviknaði líf
Jenný (Jónína Katrín Jónsdóttir) sýnir málverk og teikningar í Boganum.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Boðið er upp á leiðsögn um sýningar.

Gerðubergi 3-5 ı 111 Reykjavík ı Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is ı www.gerduberg.is

Starfsfólk Eymundsson óskar verðlaunahöfum Íslensku bókmenntaverðlaunanna til hamingju með árangurinn!

Íslensku bókmennta-verðlaunin 2009

Bankster

Verðlaunahafi í flokki fagurbókmennta

Guðmundur Óskarsson

Sögusviðið er Reykjavík veturinn 2008–2009. Markús, 28 ára bankamaður, fer eftir ráðgjöf vinar síns og heldur dagbók eftir að hafa misst starfið í bankanum. Skömmu síðar missir sambýliskona hans, Harpa sem líka vinnur í banka, vinnuna en lætur ekki deigan síga og innan skamms fær hún nýtt starf sem afleysingakennari í grunnskóla. Markús aftur á móti leggst í bóklestur og leitar skjóls í dagbókinni sem brátt verður að minnisbók og stefnir í að verða skáldskaparlegt sjónarhorn á viðburði vetrarins og framtíðarmissinn sem fylgir í kjölfarið. Úr verður ástarsaga, spennusaga og glímusaga. En líka ævintýri og á sama tíma látlaus saga og samt óvænt saga. Eftirminnileg frásögn af áhrifum bankahrunsins á veruleika okkar og þankagang.

„Bankster eftir Guðmund Óskarsson er [...] hreinræktuð kreppubók og hreinasta afbragð sem slík. Besta kreppubókin.“ *Árni Matthíasson, Sunnudagsmogginn 15. nóv. 2009*

„Sagan er einlæg, áreynslulaus, skemmtileg og hrífandi. [...] Og inni í þessu öllu saman er afar falleg og tregablandin ástarsaga.“ *Þormóður Dagsson, Morgunblaðinu 12. des. 2009*

Bankster er þriðja bók höfundarins Guðmundar Óskarssonar en áður hafa komið út bækurnar *Vaxandi nánd - orðhviður (2007)* og *Hola í lífi fyrrverandi golfara (2008)*.

Fyrsta prentun uppseld!
Væntanleg í kilju 22. febrúar



Jöklar á Íslandi

Verðlaunahafi í flokki fræðirita

Helgi Björnsson

Jöklar á Íslandi er mikið rit byggt á áratuga rannsóknum Helga Björnssonar, höfundar bókarinnar og samstarfsmanna hans við Háskóla Íslands og víðar. Bókin lýsir jöklum þessa lands og sambúð þjóðarinnar við þá frá upphafi byggðar til okkar daga, hvernig jöklar hafa mótað landið og eytt.

Bókin segir sögu þekkingaröflunar og skilnings á jöklum frá því fyrst var farið að rannsaka þá fram til nútímarannsókna. Rakin eru spor löngu horfinna jökulbreiða, hulunni svipt af landinu undir jöklum Íslands og greint frá líklegri framtíð þeirra. Helgi Björnsson er á meðal fremstu fræðimanna á sínu sviði. Í hartnær fjóra áratugi hefur hann unnið að jöklarannsóknum á Íslandi og kynnt almenningi rannsóknir sínar með fyrirlestrum og fræðigreinum. Á ferðum sínum um Ísland skilur Helgi sjaldan myndavélina við sig og því falla ljósmyndir og texti saman í eina heild í þessari bók.

14.990 kr.
~~19.990 kr.~~

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Rómantík á Laugaveginum Verslunin GK er í rómantísku skapi vegna Valentínusardagsins og gefur sjóðheita rauða ástarsögu með öllum kaupum um helgina. Það er einmitt verið að halda upp á nýja heimasíðu Rauðu seríunnar, www.rauðaserian.is, en bækurnar hafa komið út hér á landi frá því árið 1982.

OKKUR LANGAR Í ...

Litríka, hlýja og röndótta peysu frá Soniu Rykiel. Fæst í Kron Kron.

Þennan undraverða nýja hypnose-maskara frá Lancôme sem lengir, þykkir og krullar augnhárin svo þau verða svakalega „sixtís“.

Fallega „khaki“-græna litapallettu fyrir augun frá Clinique úr nýju vorlínunni.

still

utlit@frettabladid.is



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Sara McMahon

Ótímabært fráfall snillings

Á fimmtudaginn bárust þær fréttir að tískuhönnuðurinn Lee Alexander McQueen hefði svipt sig lífi á heimili sínu í London. McQueen þótti einn hæfileikaríkasti hönnuður síðari tíma.

McQueen hóf feril sinn aðeins sextán ára gamall þegar hann hóf störf hjá klæðskerafyrirtækinu Anderson & Sheppard, en meðal viðskiptavina fyrirtækisins voru háttsettir embættismenn á borð við Mikhaíl Gorbatsjev og Karl Bretaprins. Sagan segir að hinn ungi McQueen hafi eitt sinn saumað orðin „I am a cunt“ eða „Ég er drullusokkur“ innan í ermina á jakka ætluðum Karli Bretaprins. Tvítugur að aldri ferðaðist hann til tískuborgarinnar Mílanó þar sem hann starfaði um stund fyrir hönnuðinn Romeo Gigli. Þegar hann sneri aftur heim til Englands ákvað hann að sækja um inngöngu í hinn virta skóla, Central Saint Martins College of Art. Vegna þess hve góð umsóknarmappa hans var hvatti deildarstjóri hönnunardeildarinnar hann til að sækja strax um í meistaranám, sem hann og gerði. Útskriftarlína hans var keypt af hinum heimsfræga stílista Isabellu Blow og er talið að það hafi verið hún sem hafi stungið upp á því að hann gengi undir millinafni sínu sem hönnuður. Árið 1996 var McQueen ráðinn sem aðalhönnuður tískuhússins Givenchy. Hann vakti mikla athygli fyrir sjónrænar tískusýningar sínar og óhefðbundna hönnun og var oft nefndur The hooligan of English fashion af tískuspekúlöntum.

Ótímabært fráfall Alexanders McQueen er mikill missir enda einstakur hönnuður þar á ferð.

Tilvera
samtök um ófrjósemi

Í tilefni 20 ára afmælis Tilveru er efnt til afmælisþings,
laugardaginn 13. febrúar 2010
kl 14:00 á Háskólatorgi (stofu 104).

Fjölbreytt dagskrá. Meðal flytjenda eru:
Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra
Gyða Eyjólfsdóttir sálfræðingur
Þórður Óskarsson læknir frá ART Medica

Allir velkomnir

Kveðja, Stjórn Tilveru.
Sjá nánari dagskrá á www.tilvera.is

AF HVERJU?

Af hverju að borga 3.990 kr.
fyrir sæng og kodda þegar
þú getur fengið það á

999,-

í Gulahúsinu?

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

FJAÐRIR Ótrúlega falleg samsetning af svörtum stuttbuxum og drapplituðum strútsfjöðrum.

KVENLEGT Flott skyrta með ótrúlegum smáatriðum.

TÖFF Smá goth-stemning í þessari siffon-slá yfir kvöldkjól.

GLAM-ROKK HJÁ GIVENCHY

FJAÐRIR, PALLÍETTUR OG BLÚNDUR

Haute couture-línan frá Givenchy hefur sjaldan verið fallegri. Þetta var fyrsta hátískulína ítalska hönnuðarins Riccardo Tisci sem hefur sannað sig við stjórnvölinn hjá tískuhúsinu síðastliðin fimm ár. Tisci segist hafa sótt innblástur til áttunda áratugarins og þeirrar „glam-rokk“-stemningar sem ríkti á þeim tíma. Fötin minna vissulega á múnderingar Davids Bowie og Marcs Bolan en þau voru skreytt með steinum, pallíettum og strútsfjöðrum í ríkulegum bláum og grænum tónum. Förðun fyrirsætnanna setti svo punktinn yfir i-ið.

- amb

DRAMATÍSKT Fallegur drapplitaður kjóll með pífum.

GRÆNT Samfestingur sem minnir mikið á stíl Bowies á áttunda áratugnum.

SMÓKING Hvítur smóking-jakki með fjöðrum við víðar svartar buxur.

Eyfi stjórnar kvöldvöku einhverntíman á síðustu öld

Kerlingarfjallaskemmtun

Kátur hópur á toppi Snækolls sumarið 1991

Veislusalurinn, Skógarhlíð 20

Veislusalnum Skógarhlíð föstudagskvöldið 26. febrúar

Allt starfsfólk, námskeiðsgestir, velunnarar og áhugafólk um Kerlingarfjöll hjartanlega velkomið!

- Gómsætur fingramatur
- Kvöldvaka og skemmtun með „Kerlingarfjöll All-star“
- Dansleikur með hljómsveit Eyjólfs Kristjánssonar

Húsið opnar kl. 21.00
Kvöldvaka og skemmtun hefjast kl. 22.00

Verð aðeins: 3.000 kr.
Ekki missa af stemmningu ársins!

Forsala aðgöngumiða á www.kerlingarfjöll.is
og í síma 896-1961

málning
- það segir sig sjálft -

ÚTILÍF

Rúbín Kaffi

RISTORANTE Caruso

> SPIDERMAN Í ÞRÍVÍDD

Jeff Blake, forsvarsmaður Sony-kvikmyndaversins, tilkynnti blaðamönnum í gær að fjórða myndin um Köngulóarmanninn yrði í þrívídd. Hvorki Sam Raimi né Tobey Maguire koma að gerð myndarinnar en sannkallað þrívíddar-æði hefur gripið um sig í Hollywood í kjölfar ótrúlegra vinsælda Avatar.

fólk

folk@frettabladid.is

Breyttu texta fyrir myndband

Myndband hljómsveitarinnar Hitakúts við lagið Gefið mig allan af plötunni Ástin Míní er komið í spilun, bæði á Netinu og í sjónvarpinu. Þar er sögð saga tveggja einstaklinga á dramatískan hátt og til þess að sagan passaði betur við lagið var upprðun textans breytt. „Hugmyndin að laginu var allt önnur í rauninni," segir Sigurjón Unnar Sveinsson, Hitakútur. „Svo ákváðum við að gera vídeó og þá sá ég fyrir mér þessa sögu. Til þess að þetta myndi ganga upp þurftum við að svissa versi tvö og þrjú. Þá féll textinn algjörlega inn í þessa sögu."

Hitakútur, sem er ættaður frá Selfossi og Hveragerði, ákvað að tjalda öllu til við gerð myndbandsins. Fengu þeir til liðs við sig Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur myndatökumann og leikkonuna Hildi Jakobínu Tryggvadóttur, auk þess sem sveitin naut aðstoðar slökkviliðs Hveragerðis og björgunarsveitarinnar í Hveragerði. „Ég vil þakka slökkviliðinu og björgunarsveitinni. Þetta hefði ekki gengið svona flott án þeirra. Það var líka sérstaklega gott að hafa fengið þessar stelpur með í þetta," segir Sigurjón, en þær stunda báðar nám í Kvikmyndaskóla Íslands. Spurður hvort uppátækið hafi ekki kostað sitt, segir hann: „Nei, þetta var bara helmingurinn af upphaflegri kostnaðaráætlun." - fb



ÚR MYNDBANDINU Í myndbandinu er sögð saga tveggja einstaklinga á dramatískan hátt.

Glæsilegt úrval af fermingarkjólum
Opið sunnudag 13 til 16
Fleiri myndir á facebooksíðu Flash - Laugavegi
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

Beðið eftir Björk

Fyrirsætur, rokkstjörnur og áhrifafólk á borð við Michelle Obama hafa lýst yfir mikilli sorg vegna fráfalls hönnuðarins Alexanders McQueen.

Fjölmiðlar í Bretlandi og Bandaríkjunum bíða eftir yfirlýsingu frá íslensku söngkonunni Björk Guðmundsdóttur og Lady Gaga vegna sviplegs fráfalls breska hönnuðarins Alexanders McQueen. Lady Gaga var einn nánasti viðskiptavinur McQueens og hafa heimildarmenn innan herbúða hennar látið hafa eftir sér að hún sé einfaldlega í of mikilli sorg til að geta tjáð sig um andlát McQeens. Heimildir Fréttablaðsins segja að Björk sé á fullu að semja nýtt efni og lokuð inni í hljóðveri. Og því hefur það reynst erfitt að ná tali af henni.

Flestir fjölmiðlar virðast vera sammála um að Björk Guðmundsdóttir eigi stóran þátt í velgengni Alexanders McQueen; hún hafi fengið hann til að hanna kjólinn framan á Homogenic 1997 en þá var McQueen nýbyrjaður sem yfirhönnuður Givenchy-tískuhússins. Blaðamaður New York Post segir að einn af hápunktum ferils McQueens hafi án nokkurs vafa verið Fashion Rocks-sýningin árið 2003 í Royal Albert Hall þar sem Björk söng lag sitt Bachelorette og fyrirsætur sýndu nýjustu línu hönnuðarins.

MTV birti síðan í gær sérstaka grein tileinkaða samstarfi Bjarkar og Alexanders McQueen en þar er því haldið fram að hönnunin á Homogenic sé eitt af mestu verkum hönnuðarins. Blaðamaður Wall Street Journal segir að vissulega sé Lady Gaga hálfgerður opinber talsmaður Alexanders í dag en það hafi verið Björk sem ruddi veginn. Blaðamaðurinn gerir sérstaklega mikið úr myndbandinu Alarm Call sem McQueen leikstýrði eftir samnefndu lagi en þar klæddist Björk einmitt kjól frá Bretanum sem seldur var á uppboði hér árið 2008. - fgg

ÁHRIFAMIKIÐ SAMSTARF

Breskir og bandarískir fjölmiðlar segja samstarf **Bjarkar** og **Alexanders McQueen** hafa haft mikil áhrif en McQueen hannaði umslagið að Homogenic, leikstýrði og hannaði kjólinn í Alarm Call og á heiðurinn að hinum fræga bjöllukjól. Björk hefur ekki tjáð sig um andlát McQueens en fjölmiðlar bíða eftir yfirlýsingu frá henni og Lady Gaga, nánum viðskiptavini McQueens.

Hver er hetja?

Víkingakóngurinn á súlunni?

Gömlu hetjurnar sem alltaf voru að berjast?

Eða venjulegir krakkar eins og Þórhallur sem þurfa að setjast að í nýju landi?

Spennandi saga eftir Kristínu Steinsdóttur komin í kilju

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Hleypur maraþon

Transformers-leikarinn Shia LaBeouf ætlar að hlaupa Los Angeles-maraþonið 21. mars. Með því vill hann safna peningum fyrir samtökin US VETS, sem aðstoða hermenn sem koma heim frá Írak og Afganistan. Samtökin eru afar mikilvæg í augum Shia því faðir hans Jeffrey barðist í Víetnam auk þess sem afi hans var hermaður. „Við erum afar ánægð með að herra LaBeouf vildi taka í maraþoninu fyrir okkar hönd," sagði forseti US VETS. Shia er ekki fyrsta Hollywood-stjarnan sem tekur þátt í maraþoni, því stutt er síðan Katie Holmes keppti í New York-maraþoninu þar sem Tom Cruise og dóttir þeirra Suri hvöttu hana áfram. Sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsay er einnig fastagestur í Lundúnamaraþoninu.

SHIA LABEOUF Transformers-leikarinn ætlar að taka þátt í Los Angeles-maraþoninu.

Vill leika í Kill Bill 3

Daryl Hannah hefur mikinn áhuga á að endurtaka hlutverk sitt sem Elle Driver í þriðju Kill Bill-myndinni. Leikstjórinn Quentin Tarantino hefur gefið í skyn að myndin komi út árið 2014 þar sem brúðurin, sem Uma Thurman lék, lendir í enn fleiri slagsmálum. Tarantino hefur einnig íhugað að búa til tvær anime-teiknimyndir í tengslum við Kill Bill. „Það er óvíst hvað verður því Quentin á eftir að gera það upp við sig hvort þetta verður anime-mynd eða venjuleg hasarmynd. Maður veit aldrei með hann," sagði Daryl, sem næst leikur í myndinni A Closed Book.

DARYL HANNAH Daryl Hannah vill endurtaka hlutverk sitt sem hin kolbrjálaða Elle Driver í Kill Bill.

Disney kríli

Nýr aldursskiptur bókaklúbbur
fyrir þau allra yngstu - upp að þriggja ára.

Sjá útgáfu ársins á www.disneyklubburinn.is

0-3 ára

Í hverjum mánuði fá börnin sendar heim skemmtilegar og vandaðar bækur úr smiðju Disney, sem miðast við aldur þeirra.

Áskrifendur að Disney krílum fá eina bók í mánuði á aðeins kr. 1.390 - Ekkert sendingargjald.

Nýir áskrifendur fá bók mánaðarins með 50% afslætti!

Hægt er að gerast áskrifandi og kynna sér útgáfu ársins í Disney kríla klúbbnum á
www.disneyklubburinn.is

©Disney

Kirkjustrákur frá Njarðvík

Rapparinn Ástþór Óðinn gaf út plötuna Both Ways í desember. Öfugt við marga á hann í engum vandræðum með að skilgeina tónlistina sína.

ÁST, FRIÐUR OG HAMINGJA Rapparinn Ástþór Óðinn fílar Bítlana og þykir gangsta-rapp ekki eiga heima á Ísland. Enn sem komið er.

„Ég myndi segja að þetta væri sniðskotið hiphop í bland við alternative electro. Í dag er helsti áhrifavaldurinn OutKast. Bítlarnir hafa líka mikil áhrif á mig. Textarnir sérstaklega. Ég er mikið í ást og friði og hamingju."

Ekkert gangsta-rapp, sem sé?

„Nei, ég er enginn gangster svo maður getur voða lítið verið að pæla í því. Ég er eiginlega bara kirkjustrákur, en reyndar frá Njarðvík sem er þó allavega eitthvað. Gangster-rapp passar ekki á Íslandi. Kannski eftir 10 ár samt, svona miðað við hvernig ástandið er að þróast."

Ástþór er 28 ára „gamall refur" eins og hann orðar það. Hann gerði plötuna Operation On The Mic undir nafninu Iceberg og var í dúettinum 2 leikmönnum. „Við gáfum út eina plötu sem var til á Tónlist.is og í búðum í Reykjanesbæ. Hún fór ekkert lengra."

En nú er markið sett hærra. Platan er til stafræn á Tónlist.is og Gogoyoko, en Ástþór segist ætla að gefa hana út opinberlega á CD seinna. Lög af plötunni eru í spilun á Rás 2, FM og myndbönd á Nóva TV og Skjá einum. Þau má nálgast á You Tube. En er Ástþórs-nafnið nógu gott á rappara?

„Tja, það er nú bara það sem ég heiti, Ástþór Óðinn, og ég nota það bara!" segir hann. „Kannski maður taki upp eitthvað alþjóðlegra seinna, það er aldrei að vita. Ég hef alveg fengið einhver skot út af forsetaframbjóðandanum Ástþóri, en það býttar nú ekki miklu máli. Maður haggast ekki við það."

Ástþór Óðinn kom nánast einn að allri gerð plötunnar, samdi, flutti og tók hana upp. Næstu uppákomur Ástþórs eru á Hverfisbarnum 17. febrúar með rapparanum Ramses frá Kópavogi og í Glóðinni í Reykjanesbæ 19. febrúar. Þar kemur Ramses einnig fram og Stjörnuryk, 3. Hæðin, Dj Ace og Orri Err og Siggi Breiðfjörð þar að auki.

drgunni@frettabladid.is

Tvær nýjar frá Insol

Tónlistarmaðurinn Insol (Ingólfur Sigurðsson) gaf nýlega út tvo diska með eigin músík. Þetta eru sólódiskar númer níu og tíu og heita Það og það og Ísland skal aría griðland. Insol hóf að gefa út tónlist árið 1998 og gerði átta diska til ársins 2003. Þá fór hann í langa útgáfupásu. Í fyrra gaf Brak-útgáfan út safnplötuna Hátindar, þar sem safnað var saman átján lögum frá ferlinum. Þar má meðal annars heyra lagið þekkta, „Hvenær mun hér á Íslandi rísa stjörnusambandsstöð?"

Nýju plöturnar með Insol sverja sig í ætt við fyrri verk. Það og það var að hluta til samin í kjölfar bankahrunsins og þar má heyra beitt lög eins og „Bankafylliríið er búið" og „Borgaðu fyrir burgeisana". Á plötunni syngur Insol auk þess að leika á gítar, munnhörpu og hljómborð. Á Ísland skal aría griðland er hins vegar ekkert hljómborð. Insol hefur löngum pælt í kenningum dr. Helga Pjeturs og á plötuumslaginu skrifar höfundur meðal annars: „Þeir sem ekki sætta sig við þróun heimsmálanna gætu fundið á diskinum eitthvað við sitt hæfi, en væntanlega móðgast sumir sem vilja ekki að arfleifð Þriðja Ríkisins sé endurskoðuð".

UMSLAG ANNARS NÝJA DISKSINS
Ísland skal aría griðland með Insol.

Báðir nýju diskarnir ásamt þeim eldri eru fáanlegir hjá listamanninum eða í verslunum Smekkleysu og Havarí.

ALLIR ÞURFA AÐ SJÁ...

BJARNFREÐARSON

FJÖLSKYLDUTILBOÐ
4 FYRIR 3

Gildir 13 - 19 febrúar

2010 EDDAN
ÍSLENSKU KVIKMYNDA- & SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

11 EDDUTILNEFNINGAR

- Kvikmynd ársins
- Leikstjóri ársins – *Ragnar Bragason*
- Leikkona ársins – *Margrét Helga Jóhannsdóttir*
- Leikari ársins – *Jón Gnarr*
- Leikari ársins – *Jörundur Ragnarsson*
- Leikari ársins – *Pétur Jóhann Sigfússon*
- Handrit ársins
- Gervi ársins – *Áslaug Dröfn Sigurðardóttir*
- Búningar ársins – *Helga Rós V. Hannam*
- Leikmynd ársins – *Júlía Embla Katrínardóttir og Sveinn Viðar Hjartarson*
- Kvikmyndataka ársins – *Bergsteinn Björgúlfsson*

SÝNING MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA

FYRIR HEYRNARLAUSA & HEYRNARSKERTA

Sambíóin Kringlunni, kl.17:50, föstudaginn 19. febrúar

SPECIAL SCREENING
WITH ENGLISH SUBTITLES

Sambíóin Kringlan, Monday the 22nd of February 5:50 PM

SÝND Í SAMBÍÓUNUM

WWW.MIDI.IS / MIÐASALA SAMBÍÓANNA

sagafilm · Coca-Cola · FINNUR · Eld · ÍSLANDS · Iðnaðarráðuneytið · SAMFILM · vodafone

> Framstúlkur í Evrópukeppni

Kvennalið Fram í handknattleik er í eldlínunni í áskorendakeppni Evrópu um helgina. Fram mætir þá króatíska liðinu RK Tresnjevka í tveimur leikjum sem báðir fara fram hér á landi en Fram keypti útileikinn hingað heim til þess að spara pening. Fyrri leikurinn, sem er útileikur Fram að nafninu til, fer fram í dag klukkan 16.00 og síðari leikurinn fer fram á sama tíma á sunnudag.

sport

sport@frettabladid.is

KÖRFUBOLTAKONAN HELENA SVERRISDÓTTIR: SPILAÐI Í 58 MÍNÚTUR Í FJÓRFRAMLENGDUM LEIK MEÐ TCU

Fann til í vöðvum sem ég vissi ekki að væru til

Helena Sverrisdóttir og félagar í TCU eru í góðum málum í Mountain West-deildinni eftir magnaðan útisigur á Utah í vikunni í leik sem þurfti að fjórframlengja. TCU er nú í 24. sæti yfir bestu liðin í bandaríska háskólakörfuboltanum. „Ég hef aldrei lent í svona áður og ég man bara ekki hvort ég hafi einu sinni spilað tvíframlengdan leik. Þetta var skemmtilegt en ég vil samt aldrei aftur lenda í svona leik," segir Helena í léttum tón.

„Þetta var rosalegur leikur og þær höfðu líka nokkrum sinnum möguleika á að vinna þetta. En við spiluðum af gríðarlegum krafti, oft voru 2-3 leikmenn að henda sér á eftir boltanum. Sem betur fer unnum við. Ég veit ekki hvernig það væri að spila í 60 mínútur og tapa svo," segir Helena en hvernig leið henni í skrokknum eftir svona leik? „Ég var gjörsamlega búin á því. Ég fann til í vöðvum sem ég vissi ekki að væru til. En um leið og við komum til baka fórum við í ísböð og fengum meðhöndlun á meiðslum," segir Helena og hún fékk daginn eftir til að jafna sig. „Hér er í Fort Worth er búið að snjóa síðan í fyrrinótt og allt er á kafi í snjó. Skólanum var því lokað þannig að við fengum daginn í frí eða svokallaðan „snow-day"," segir Helena.

Helena skoraði 15 af 21 stigi sínu í framlengingunni en TCU-liðið vann framlengingarnar fjórar 43-34. „Ég finn það oft að þegar við erum í jöfnum leik leita stelpurnar til mín til þess að taka af skarið. Ég hef ekki þurft að skora eins mikið í flestum leikjum en tek af skarið þegar leitað er til mín," segir Helena sem skoraði 7 af 15 stigum TCU í fjórðu og síðustu framlengingunni en allt Utah-liðið skoraði þá aðeins sex stig. „Þetta var náttúrulega bara eins og hver annar deildarleikur, en við höfum tapað tveimur leikjum á útivelli þannig þetta var mjög sterkt. Við erum ennþá í fyrsta sæti og hver leikur er að verða mikilvægari. Við eigum sex leiki eftir í deildarkeppninni þannig að þetta fer að styttast," segir Helena og fram undan er toppslagur um helgina. „Við eigum risaleik gegn Wyoming á laugardaginn og þangað er nú einbeitingin komin."

Patrekur spáir í undanúrslitin í Eimskipsbikar karla:

Valur og Haukar í úrslit

HANDBOLTI Undanúrslitaleikirnir í Eimskipsbikar karla fara fram um helgina. Klukkan 16.00 í dag taka Haukar á móti HK og á morgun verður endurtekning á úrslitaleiknum í fyrra þegar Valur tekur á móti Gróttu.

„Valsmenn eiga að klára þetta Gróttulið. Þeir eru með sterkara lið. Engu að síður hafa leikir þessara liða í vetur verið hnífjafnir og Valsmenn rétt mörðu þá um daginn," sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörnunnar. en Grótta á harma að hefna frá því í úrslitaleiknum í fyrra.

„Gróttumenn hafa sýnt að þeir geta þetta vel. Það er mikil barátta og karakter í þessu Gróttuliði. Ég tippa samt á Valssigur. Valsarar eru sterkari og hafa þess utan heimavöllinn á bak við sig."

Íslandsmeistarar Hauka taka síðan á móti HK í dag en HK hefur komið skemmtilega á óvart í vetur og sífellt verið að bæta sinn leik.

LÉTTUR Sigurður Eggertsson fagnar hér eftir úrslitaleikinn í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það getur svo sannarlega allt gerst í bikarnum og HK er með flott lið, sterka leikmenn eins og Valdimar Þórsson og það má aldrei afskrifa þá. Haukarnir eru aftur á móti meistararnir, hafa reynslu sem og heimavöllinn. Ég spái þeim því sigri en ég á engu að síður von á því að báðir þessir leikir verði hörkuleikir. Það verður ekkert burst," sagði Patrekur. - hbg

WBA næst á dagskrá í bikarævintýri Reading

Fram undan er bikarhelgi í enska boltanum og enn eiga sextán félög möguleika á að hampa hinum eftirsótta FA-bikar í þessari elstu bikarkeppni í heimi.

FÓTBOLTI Fimmta umferð enska FA-bikarsins fer fram um helgina og margir athyglisverðir leikir í boði. Íslendingafélag Reading hefur heldur betur stolið senunni í FA-bikarnum til þessa og þegar sparkað tveimur úrvalsdeildarfélögum, Liverpool og Burnley, úr keppninni en Reading mætir WBA í dag.

Brynjar Björn Gunnarsson, Ívar Ingimarsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson eru allir klárir í slaginn með Reading í dag en Gylfi Þór Sigurðsson getur ekki leikið í dag vegna meiðsla. Brynjar Björn er vongóður fyrir leikinn í dag.

„Við höfum verið að spila vel í þessari keppni og þegar slegið út tvö úrvalsdeildarfélög þannig að ég held að möguleikar okkar á móti WBA séu bara mjög góðir. WBA er í sömu deild og við og situr þar reyndar í toppsætinu en við erum á heimavelli og við munum gera allt til þess að komast áfram," segir Brynjar Björn ákveðinn.

Þrátt fyrir gott gengi Reading í FA-bikarnum þá hefur félagið átt erfitt uppdráttar í b-deildinni og situr sem stendur í fallsæti. Félagið hefur þó verið að rétta úr kútnum upp á síðkastið undir stjórn Brians McDermott sem tók við stjórastöðunni hjá Reading stuttu fyrir jól.

„Við erum enn í fallsæti í deildinni en þetta er allt saman á uppleið hjá okkur og við erum nú búnir að vinna þrjá leiki í röð í deildinni. Við tökum annars bara einn leik í einu en gott gengi í bikarnum hefur vissulega gefið okkur gott sjálfstraust upp á framhaldið að gera. Það má kannski segja að þessir leikir gegn Liverpool hafi hjálpað mönnum að fá trúna á það sem við erum að gera," segir Brynjar Björn sem hefur fengið mun meira að spila eftir að McDermott tók við.

TIL ALLS LÍKLEGIR Leikmenn Reading hafa gert góða hluti í FA-bikarnum þrátt fyrir slakt gengi í ensku b-deildinni. Hér fagnar Gylfi Þór Sigurðsson marki gegn Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

VONGÓÐUR Brynjar Björn telur Reading eiga góða möguleika gegn WBA. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Ég var náttúrulega ósáttur með að fá ekki að spila reglulega og var því tilbúinn að skoða möguleikann á að fara frá félaginu í janúar. Nú er staða mála hins vegar allt önnur og ég er ánægður með það. Framhaldið verður líklega rætt eftir tímabilið. Ef ég held áfram að spila megnið af þessum leikjum þá gæti farið svo að þeir vilji halda mér áfram og vonandi verður það þannig en við sjáum bara til með það," segir Brynjar Björn að lokum.

omar@frettabladid.is

LEIKIR HELGARINNAR

Laugardagur:	
Chelsea	Cardiff City
Southampton	Portsmouth
Derby County	Birmingham
Reading	WBA
Man. City	Stoke City
Sunnudagur:	
Bolton	Tottenham
Fulham	Notts County
Crystal Palace	Aston Villa

Íþróttahelgin gerð upp í Fréttablaðinu

Vegleg og aukin íþróttaumfjöllun í Fréttablaðinu mánudaga

Allt sem þú þarft...

Búist er við metfjölda á Stjörnuleik NBA sem fer fram á Cowboys Stadium:

Sögulegt sunnudagskvöld

KÖRFUBOLTI Það verður mikið um dýrðir á Stjörnuhelgi NBA-deildarinnar sem fer fram í Dallas um helgina. Hápunkturinn er sjálfur stjörnuleikurinn sem fer fram á sunnudagskvöldið og verður í beinni á Stöð 2 Sport frá klukkan 1.15.

Að þessu sinni stendur mikið til því leikurinn fer fram á Cowboys-leikvanginum sem er glænýr heimavöllur ameríska fótboltaliðsins Dallas Cowboys. Búist er við að yfir 90 þúsund áhorfendur verði á leiknum og setji með því nýtt áhorfendamet á körfuboltaleik. Það hafa mest komið 78.129 manns á körfuboltaleik en sá leikur var á milli Kentucky og Michigan State í háskólaboltanum árið 2003.

Auk stjörnuleiksins fara fram troðslukeppni, þriggja stiga skotkeppni og ýmsar aðrar þrautakeppnir alla helgina. Þá keppa nýliðar og annars árs leikmenn einnig í árlegum leik þar sem nýliðarnir hafa tapað sjö ár í röð.

Íslendingar munu eiga í það minnsta þrjá fulltrúa á stjörnuleiknum því Hannes Jón Jónsson, formaður KKÍ, og Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ, fóru til Dallas ásamt syni Friðriks Inga til þess að vera viðstaddir leikinn. - óój

NÝTT BIKARÆVINTÝRI? Hermann Hreiðarsson vann bikarinn með Portsmouth árið 2008. MYND/AFP

Hermann Hreiðarsson:

Klár í bikarleikinn í dag

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson verður með Portsmouth í nágrannaslagnum á móti Southampton í sextán liða úrslitum ensku bikarkeppninnar í dag.

Hermann hefur ekkert getað leikið með liði sínu síðan hann meiddist eftir aðeins 27 mínútur á móti Manchester City 31. janúar síðastliðinn. Hermann er hins vegar orðinn góður af meiðslunum og tilbúinn í nýtt bikarævintýri með Portsmouth.

